

## Ekki bara sonur Geirs

LOGI GEIRSSON HEFUR STIGIÐ ÚT ÚR SKUGGA FÖÐUR SÍNS. HANN SEGIR ÞAÐ INNILEGA TILFINNINGU AÐ LEIKA FYRIR LANDSLIÐIÐ

12

ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX Fasteignablað



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. júní 2007 — 162. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR

### Hvunnagshettur heilla

Símasali og sex ára stúlka gerðu Simon Cowell orðlausan með frammi-stöðu sinni í raunveruleikætti í Bretlandi.



FÓLK 22

### Okkur miðar vel

„Það er með ólíkindum hvað okkur Íslendingum hefur miðað á undanförunum árum. Vandfundin er sú þjóð sem hefur náð að bæta lífskjör sín betur“ skrifar Illugi Gunnarsson.

UMRÆÐAN 8

### Stál í stál

Rottweiler-hundar telja sig hlunnfarna. Tónleikahaldari vísar ásökunum á bug.


FÓLK 58

### Úrslitin ráðast í Höllinni

Íslenska karlalandsliðið í handbolta leikur síðari umspilsleikinn gegn Serbum í Laugaradalshöllinni í kvöld.

ÍPRÓTTIR 26


### VEÐRIÐ Í DAG



17. JÚNÍ - Í dag verður hæg austlæg eða breytileg átt. Skýjað með köflum og þurr. Hiti 8-17 stig, hlýjast til landsins.

### Sunnudagar

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007



GLÆSILEGUR SIGUR ÍSLANDS Margrét Lára Viðarsdóttir smellir sigurkossi á landsliðstreyju sína eftir mark sitt gegn Frökkum í gær. Stóllur hennar fagna en úrslitin eru ein þau bestu í sögu íslenskra landsliða.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Íslenska kvennalandsliðið: Vann glæstan sigur á Frökkum

**FÓTBOLTI** Kvennalandsliðið í knattspyrnu knúði fram ein bestu úrslit í sögu A-landsliða Íslands í gær með frábærum sigri á Frökkum. Leikurinn var í undankeppni Evrópumótsins á næsta ári en Frakkar eru í 7. sæti á styrkleikalista FIFA en Ísland í sæti númer 21.

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði eina mark leiksins með skalla stuttu fyrir leikslok. Frakkar sóttu mun meira og hefðu hæglega getað skorað en öguð og skipulögð vörn, auk góðrar markvörslu Þóru B. Helgadóttur, héldu liðinu inni í leiknum áður en Margrét skoraði undir leikslok.

„Að leggja svona sterkt lið að velli er ótrúlegt og það gekk eiginlega allt upp hjá okkur. Ég er ótrúlega sáttur og stoltur af liðinu,“ sagði landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson meðal annars í gær. - hph/ bls. 24.

## Rúmlega 150 spiluðu póker

Lögregla stöðvaði ekki fyrsta opinbera póker mótið sem haldið hefur verið hér á landi. Aðgangseyrir að mótinu, samtals 600 þúsund krónur rann upp í verðlaunafé fyrir þá sem náðu bestum árangri. Engin kona tók þátt í mótinu.

**LÖGREGLUMÁL** Stærsta opinbera póker mótið sem haldið hefur verið hér á landi fór fram í gær, og spiluðu rúmlega 150 á mótinu. Spilað var upp á 600 þúsund krónur í verðlaun. Lögreglan kannaði hvað fram fór á mótinu en stöðvaði það ekki, þrátt fyrir lagaákvæði um fjárhættuspil.

Sindri Lúdvíksson, umsjónarmaður mótsins, segir að það hafi gengið afar vel. Rúmlega 150 þátttakendur hafi mætt til leiks, og hver borgað 4.000 krónur í þátttökugjald. Allur aðgangseyrir hafi svo runnið upp í verðlaunafé fyrir þá sem bestum árangri náðu á mótinu, og verðlaunafé því samtals rúmar 600 þúsund krónur.

ur. Athygli vakti að engin kona tók þátt í mótinu.

Sindri segir lögreglumenn hafa komið og rætt við sig um það sem fram fór í gær. Hann segir mótið löglegt þrátt fyrir ákvæði í hegningarlögum sem leggja sektir eða fangelsi allt að einu ári við því að hafa atvinnu af fjárhættuspili eða koma öðrum til þátttöku í fjárhættuspili. Mótið var haldið á vegum vefverslunarinnar gismo.is, sem selur vörur tengdar fjárhættuspili. - bj

**PÓKERMÓT** Verðlaunafé á póker mótinu sem fram fór í gær var samtals um 600 þúsund krónur, en sigurvegari fékk um þriðjung þess í sinn hlut.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Fögnuðu því að 100 ár voru liðin frá komu Kristjáns VIII og óku Kóngsveginn:

## Las kveðju frá Danadrottningu

**UTANRÍKISMÁL** Góð þátttaka var í ferð Ferðafélags Íslands eftir Kóngsvegnum svonefnda til Þingvalla og Laugarvatns í gær. Hópurinn fékk óvænta kveðju frá Margréti Þórhildi Danadrottningu, en ferðin var farin til að minnast heimsóknar Kristjáns VIII fyrir 100 árum og því var ekið á fornbílum.

Leif Mogens Reimann, sendiherra Danmerkur á Íslandi, var með í för ásamt eigin konu sinni, og las hann upp kveðju frá Margréti Þórhildi. „Í kveðjunni fagnaði



LEIF MORGENS REIMANN

hún því að Íslendingar minntust 100 ára afmælis heimsóknar Kristjáns VIII, og sagði það merki um sterk tengsl þjóðanna nú og á öldum áður,“ segir Reimann.

Hann segir áheyrendur hafa orðið afar hræðra við lestur kveðjunnar, sem hafi átt sérlega vel við á þessum skemmtilega degi. Hópurinn fékk leyfi til að aka niður Almagnagjá eins og gert var þegar Kristján VIII kom hingað til lands, og sagði Reimann það ógleymanlega upplifun að aka þessa leið á fornbílunum. - bj

**Hive Sumar**  
Práðlaust internet í sumarbústaðinn.  
Verð frá **2.490 kr./mán.**



ELDSVOÐI Slökkviliðinu gekk vel að ráða niðurlögum eldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

Eldur laus á bílaverkstæði:

## Gaskútar og þynnir inni

**LÖGREGLUMÁL** Eldur varð laus á bifreiðaverkstæði á Selfossi á níunda tímanum í gærkvöldi. Að sögn lögreglu var mikill eldur og reykur í húsinu þegar að var komið og hætta á ferðum þar sem vitað var að gaskútar og eldfim efni voru innandyra.

Vel gekk að slökkva eldinn, og var slökkvistarfi að mestu lokið um klukkan 22 í gærkvöldi. Í það minnsta einn bíll var inni á verkstæðinu, en enginn var að vinna í húsinu þegar eldurinn kom upp. Verkstæðið er afar illa farið, en annað fyrirtæki í sama húsi slapp við mikið tjón. - bj

Þjóðhátíð Íslendinga:

## Það er kominn 17. júní

**ÞJÓÐHÁTÍÐ** Íslendingar fagna því í dag að 63 ár eru liðin frá því landið varð lýðveldi og sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar lauk formlega. Skipulögð eru hátíðahöld í öllum bæjarfélögum landsins.

Í Reykjavík hefst hátíðisdagurinn með samhljómi kirkjuklukkna þegar klukkuna vantar fimm mínútur í tíu. Eftir hann verður blómsveigur lagður á leiði Jóns Sigurðssonar, helsta leiðtoga Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni. - kdk



## SPURNING DAGSINS



Sigurður, ert þú ekkert hræddur um að verða tekinn?

„Klámhundar eins og ég þurfa ekki að óttast slíkt.“

Sigurður Valdimar Steinþórsson hyggst framleiða íslenskt netklám og hefur auglýst eftir áhugasömum „leikurum“ til að taka þátt. Sigurður kveðst hvergi banginn við löggjafarvaldið sem bannar dreifingu á klámi.

Afleiðingar fósturskimunar geta leitt til minna umburðarlyndis:

## Ekki nóg að taka tillit til foreldra

**HEILBRIGÐISMÁL** Sú staðreynd að ákveðnir hópar fólks eru svo að segja þurrkaðir út kann að leiða til minna umburðarlyndis á þeim sem eru frábrugðnir stærstum hluta fólks samfélagsins. Þetta segir Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent við Háskóla Íslands sem beint hefur sjónum að sambandi siðfræði og vísindapróunar síðari ára, um fjölda fóstureyðinga vegna gruns um fósturgalla.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að undanfarnir sjö ár hefur fjórutíu konum verið boðið að ljúka meðgöngu þegar skimun á fósturi hefur leitt í ljós að það er með Downs-heilkenni. Einungis



SIGRÍÐUR ÞORGEIRSDÓTTIR

tvær þeirra völdu að halda meðgöngunni áfram. „Það þarf ekki að vera til marks um ábyrgðarleysi að vilja ekki fæða barn sem ekki verður talið heilbriggt,“ segir Sigríður. Hún segir ástæður fyrir því að fólk velji fóstureyðingu í slíkum aðstæðum margvíslegar. Hugsanlega hræð-

ist það að axla ábyrgð á barni sem þarfnist stöðugrar ummönnunar og vilji oft ekki leggja á barn að fæðast mikið fatlað. Það sé þó ekki nóg að taka einungis tillit til sjónarhorns foreldra sem standa frammi fyrir vali um að halda eða eyða fósturi með galla. Valið geti verið slæmt og særandi fyrir viðkomandi hópa fólks auk þess sem dregið geti úr umburðarlyndi meirihlutans. Vönduð, þverfagleg ráðgjöf fyrir og eftir greiningu á fósturgöllum, sé foreldrum nauðsynleg, af því að val þeirra verði að vera eins upplýst og kostur er á.

- kdk

Refsifangi dæmdur á skilorð:

## Sló samfangann með súpuþunki

**DÓMSMÁL** Fangi á Litla-Hrauni hefur í Héraðsdómi Suðurlands verið dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir árás á samfanga sinn.

Maðurinn sló annan fanga í höfuðið með súpuþunki úr harðplasti í janúar. Atvikið átti sér stað inni í fangaklefa. Dunkurinn var nærri fullur af súpu og vó tæp fimm kíló. Fórnarlambið fékk kúlu á hnakka, væg eymsli í aftanverðan háls og höfuðverk. Þá slóst dunkurinn í fartölvu fórnarlambins. Eftir að árásarmaðurinn neitaði að hafa skemmt tölvuna af ásetningi féll sækjandi frá þeirri ákæru.

- sh



FÁNI TIL STUÐNINGS FATAH Miklar erjur voru á Vesturbakkannum í gær.

NORDICPHOTOS/AFP.

## Ófremdarástand í Palestínu: Bandaríkin lofa Abbas aðstoð

**GAZABORG, AP** Bandarísk stjórnvöld aflétta banni á fjárhagsaðstoð við palestínsku stjórnvöld sem staðið hefur í 15 mánuði þegar ný neyðarstjórn Abbas forseta tekur við völdum.

Háttsettur bandarískur embættismaður sagði í gær að ekkert stæði í vegi fyrir því að Bandaríkin tækju á ný upp stjórnmalasamtök við palestínsku stjórnvöld ef Hamas ætti ekki lengur aðild að ríkisstjórninni.

Átök milli Fatah-samtaka Abbas og Hamas-liða héldu áfram í gær, og náðu vopnaðir liðsmenn Fatah meðal annars þinghúsinu í Ramallah og ráðhúsinu í Nablus á sitt vald.

- bj

### ANDLÁT

#### Lést eftir heitavatsbruna

Ómar Önfjörð Kjartansson, sem brenndist illa í húsnæði Öryrkjabandalags Íslands í Hátúni, er látinn. Öfundur brenndist þegar hann fékk yfir sig allt að 80°C heitt vatn í sturtu í íbúð sinni um miðjan maí.

# Stórt skref í upprætingu sjóræningjaveiða

Alþjóðavinnuálagstofnunin hefur samþykkt nýja samning um bætta aðstæður sjómanna. Formaður Sjómanna sambands Íslands segir að meginhagsmunir samþykktarinnar hér landi séu fölgirnir í því að hún þrengir enn að hentifánaskipum.

**RÉTTINDAMÁL** „Þetta er tímamóta-samþykkt sem tryggir hagsmuni sjómanna um allan heim,“ segir Sævar Gunnarsson, formaður Sjómanna sambandsins um samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunar sem gekk í gegn á fimmtudaginn á alþjóðlegum fundi stofnunarinnar í Genf.

„Við uppfyllum flestar þessar kröfur nú þegar. En það gera flest af svokölluðum hentifánaskipum ekki. Meginhagsmunir Íslendinga eru fölgirnir í því að losna við samkeppnina við þessa drullupræmna sem hafa verið að veiða hér við strendur,“ segir Sævar.

Alþjóðasamþykktinni er ætlað að bæta aðstæður 30 milljóna sjómanna um allan heim. Samningur um sama efni var felldur af aðildarþjóðum stofnunarinnar fyrir tveimur árum en Sævar segir miklar og góðar breytingar hafa verið gerðar á samningnum til að sætta sjónarmið ríkja í Asíu og Vesturheimi en þar greindi helst á. Nýi samningurinn var hins vegar samþykktur með 443 atkvæðum. Ekkert ríki var á móti samningnum en 19 þeirra sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Brögð hafa verið að því að hentifánaskip stundi ólöglegar og óábyrgar veiðir á fiskveiðistofnum. Einar Kristinn Guðfinnsson



SJÓRÆNINGJASKIP Skipverjar á varðskipinu Óðni hlúðu að slösuðum háseta sjóræningjaskipsins Ostrovets árið 2005 og bjuggju hann undir sjúkraflutning með þyrlu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

sjávarútvegsráðherra hefur barist gegn slíkum veiðum, sem oft eru oft nefndar sjóræningjaveiðar, við strendur Íslands. Reglur Norðaustur-Atlantshafs fiskiveiðinefndarinnar hafa þrengt að ólöglegum veiðum hentifánaskipa en þó hefur strandgæsluskipum reynst erfitt um vik að bregðast við þeim þegar þau eru á alþjóðlegu hafsvæði.

„Samþykktin er enn sem komið er tilmæli til þjóðanna því viss fjöldi landa þarf að innleiða þau í lög sín til að þau verði að alþjóðlegum lögum,“ bendir Sævar á. Hann segir þó að miðað við þann

mikla stuðning sem samþykktin hlaut á þinginu ætti þess ekki að vera langt að bíða þar til það gerðist.

Samþykktin felur í sér ákvæði sem ætlað er að tryggja að sjómenn njóti aukins öryggis og hvíldar á sjó. Talið er að mörg ríki geti ekki komið ákvæðunum strax í framkvæmd. Því kveður samþykktin á um úrræði sem gera ríkjum mögulegt að uppfylla skilyrðin í áföngum.

karen@frettabladid.is



Á VEGUM ÚTI Landvernd vill greina á milli ferðamannavega og almennra vega.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hálendisráðgjafi Landverndar: Segja að stöðva eigi vegagerð á hálendinu

**NÁTTÚRA** Stöðva á frekari vegagerð á hálendinu. Þetta kemur fram í hálendisvegaskýrslu Landverndar sem kom út í gær.

Skýrsluhöfundar leggja til að gert verði heildstætt kerfi um flokkun vega á hálendinu til að auka öryggi vegfarenda og til að draga úr hættu á landspjöllum. Einnig er talið nauðsynlegt að greint sé á milli ferðamannavega og almennra vega. Vegir á miðhálandi Íslands eiga fyrst og fremst að vera ferðamannavegir og mikilvægt er að þar verði víðáttumikil svæði án vega. Þá er lagt til að heildstætt kerfi um flokkun vega verði gert sem auka á öryggi vegfarenda og draga úr landspjöllum.

- kdk

### HEIÐMERKURRANNSÓKN

#### Reykjavíkurborg tefur enn

Lögreglan hefur nú beðið í nokkrar vikur eftir upplýsingum frá borginni til að geta hafði rannsókn á kæru Skóg-ræktarfélagins á hendur verktafyrirtækinu Klæðningu og Kópavogsbæ. Kærðar voru framkvæmdir í leyfisleysi og eignaspjöll.

Forstöðukona Kattholts segir ástandið í sumar skelfilegt:

## Um hundrað kettir í óskilum

**DÝRAHALD** „Ástandið er bara skelfilegt. Fólk fer í frí og hirðir ekki um kettina,“ segir Sigríður Heiðberg, forstöðukona Kattholts, en undanfarið hafa rúmlega hundrað óskilakettir verið í umsjá Kattholts í einu.

Sigríður segir sumarleyfi valda því að fólk losi sig við ketti. „Ég hef heyrt frá dýralækni að mikið sé að gera við að lóga köttum og kettlingum um þessar mundir, sumir fara svo í frí án þess að hirða um kettina og þá koma þeir iðulega til okkar,“ segir hún.

Sigríður segir furðu sæta að fólk sé ekki meira umhugað um velferð dýra sinna en þetta. Mikið af kettlingum sem enginn kærir sig um verði til þegar læður eru ekki teknar úr sambandi og fress fari á flakk þar sem þau séu ekki vönduð. „Sem betur fer eru margir ábyrg-



KISUR Í ÓSKILUM Rúmlega hundrað kettir hafa verið í vörslu Kattholts í einu að undanförmu.

**KISUR ÓVELKOMNAR** Sigríður Heiðberg, forstöðukona Kattholts, segir marga annaðhvort lóga gæludýrum sínum eða skilja þau eftir umhirdulaus þegar farið er í frí.



ir kattaeigendur til. Á Kattahótelinu eru til að mynda um átta tíu kettir núna frá fólkum sem er umhug-

að um að dýrin séu í öruggum höndum um þótt farið sé í sumarfrí,“ segir Sigríður.

- kdk

Verðdæmi:

Vika í Róm

á besta stað í miðborginni

Frá 49.900 kr.

Gist er á einu af þremur Seb Raeli hótélum. Takmarkað sætaframboð á þessu einstaka tilboði. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur með morgunverði og flugvallarskattar. Verð á mann er miðað við 2 fullorðna.

Tilboðið gildir í allar brottfarir til Róm 3. júlí - 28. ágúst.

\* Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar og gisting.

Bókaðu strax á [www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

VISA MasterCard

PLÚSFERDIR - Lág múla 4 - 105 Reykjavík - Sími 535 2100

plús  
FERDIR

[www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)



VIÐ STYÐJUM HANDBOLTALANDSLÍÐIÐ

*í blíðu og stríðu***STÖNDUM VIÐ BAKIÐ Á OKKAR MÖNNUM  
Í LEIKNUM GEGN SERBUM!**

Hvatning og stuðningur eru mikils virði þegar menn heyja harða keppni á alþjóðavettvangi. Þess vegna er okkur bæði ljúft og skylt að styðja íslenska landsliðið í handbolta, í blíðu og stríðu, þegar það mætir Serbum í mikilvægum leik fyrir EM í Noregi í janúar 2008.

Hvetjum strákana til dáða í Laugardalshöllinni í kvöld.

**ÁFRAM ÍSLAND, ALLTAF!**



Samtök stuðningsmanna íslenska landsliðsins í handknattleik voru formlega stofnuð 12. janúar. Félagsmenn samþykkja svohljóðandi yfirlýsingu:

**STUÐNINGSBODORÐIN 10**

- 01 Við litum á okkur sem „stuðningsmenn“ – en ekki „áhangendur“.
- 02 Við vitum að stuðningur okkar er mikilvægur fyrir liðið og getur haft mikil áhrif á árangur þess.
- 03 Við vitum að stuðningur er ekki sist nauðsynlegur í stríðu – ekki bara í blíðu!
- 04 Við gerum okkur raunhæfar væntingar.
- 05 Við teljum það ekki minnimáttarkennd að taka það með í reikninginn að 300 þúsund manna þjóð er að keppa við milljónaþjóðir. Það er bara viðurkenning á staðreyndum.

- 06 Við gerum þá kröfu til landsliðsins að það „haldi haus“ í mótlæti og skuldbindum okkur til þess að gera slíkt hið sama.
- 07 Við heitum því að yfirgefa ekki skútuna ef miður gengur – við heitum því að halda út allt til enda og sýna „úr hverju við erum gerð“.
- 08 Jákvæður stuðningur er skemmtilegur og gefandi – ekki bara fyrir landsliðið heldur líka okkur stuðningsmenn og þjóðarkarakterinn.
- 09 Við getum ekki öll orðið landsliðsmenn – en við getum orðið stuðningsmenn – í blíðu og stríðu.
- 10 Sama hvernig gengur og sama hvernig fer – þá lofum við alltaf einu: Við höfum ánægju af leiknum.





GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	62,76	63,06
Sterlingspund	123,64	124,24
Evra	83,50	83,96
Dönsk króna	11,212	11,278
Norsk króna	10,314	10,374
Sænsk króna	8,855	8,907
Japanskt jen	0,508	0,511

SDR	94,38	94,94
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	113,8043	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Háskóli Íslands útskrifaði yfir eitt þúsund nemendur við hátíðlega athöfn í gær:

# Aldrei hafa fleiri verið brautskráðir frá HÍ

**MENNTAMÁL** Metfjöldi kandidata var útskrifaður frá Háskóla Íslands við hátíðlega athöfn í gær. Alls voru 1.056 brautskráðir, 695 útskrifuðust með BS- eða BA-gráðu og 369 með gráðu á meistarasstigi, en átta útskrifuðust með tvær gráður.

Kristín Ingólfssdóttir háskóla- rektor lagði áherslu á sterka stöðu HÍ í ræðu sinni við brautskráninguna. Hún minnti á að fyrir ári hafi skólinn sett sér það langtíma- markmið að komast í hóp fremstu menntastofnana heims. Sú mark- miðsætning og vinna sem henni fylgdi hafi leitt til þess að sam- starf skólans við stjórnvöld,

atvinnulífið og við háskóla í fremstu röð hafi færst í nýtt horf.

„Í samvinnu við Kennaraháskól- ann er háskólinn að vinna að stefnumótun í fjarkennslu sem gefur fólki hvarvetna greiðan aðgang að menntun á ýmsum fræðasviðum þannig að búseta, vinna, fötlun eða aðrar orsakir hamli ekki háskólanámi. Samein- aður háskóli mun vinna að þessu í samstarfi við Fræðasetur Háskóla Íslands sem byggð hafa verið upp víða um land,“ sagði Kristín.

Í gær brautskráðust í fyrsta skipti nemendur í meistaranámi í verkefnisstjórnun frá verkfræði- deild HÍ.



**ÁSDÍS JENNA ÁSTRÁÐSDÓTTIR** Ásdís sem er fjölfötluð brautskráðist í táknafræði. Hér tekur hún við skírteininu úr hendi háskólarektors.

## Umferðarefirlit við Borgarnes: Ökumaður á fíkniefnakokteil

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði ökumann fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna á sjötta tímanum í gærmorgun. Maðurinn reyndist hafa tekið kókaín, amfetamín og nýtt kannabisefna.

Lögreglan stöðvaði einnig sextán ökumenn fyrir af hraðan akstur frá miðnætti á föstudags- nótt fram á seinni part dags í gær. Sá sem hraðast ók var á 139 kílómetra hraða á þjóðvegnum og þarf að greiða 90 þúsund krónur í sekt. Aðrir ökumenn þurfa einnig að greiða háar sektir, enda hafa sektarupphæðir hækkað verulega nýverið.



**HÁSPENNA-LÍFSHÆTTA?** Gróður- skemmdir í kringum háspennumöstur eru nú í rannsókn hjá Reykjavíkurborg.

Áhrif háspennulagna:

## Sinkmengun við möstrin

**UMHVERFISMÁL** Frumrannsóknir vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulagna um vatns- verndarsvæði í Heiðmörk benda til að af þeim sé talsverð sink- mengun.

Sinknið er ekki talið ná ofan í vatnsbólíð í Heiðmörk, en frekari rannsóknir hafa þó verið boðaðar. Þetta kom fram í svörum meirihluta umhverfisráðs Reykjavíkur síðastliðinn mánu- dag. Tilefnið var tillaga fulltrúa Frjálslynda flokksins um að jarðvegssýni yrðu tekin við háspennumöstur á Reykjavík- svæðinu.

# Opinber rannsókn á þrælahaldi í Kína

Kínversk stjórnvöld hafa fyrirskipað rannsókn á misnotkun á verkafólki sem vinnur við brennsluofna í múrsteinaverksmiðum í Kína. Kínverskir fjölmiðlar hafa birt margar skýrslur um verkafólk sem hefur verið þvingað til að vinna við skelfilegar aðstæður.

**KÍNA, AP** Alls hafa 468 verið frels- aðir úr nauðungarvinnu við brennsluofnana og úr ýmsum öðrum ólöglegum störfum undan- farinn mánuð í Kína eftir að hafa verið sveltir, barðir og þvingaðir til að vinna í fjórtán klukkustund- ir eða meira á hverjum degi að því er ríkisrekin kínversk fréttastofa greindi frá á föstudaginn.

Tilkynningin kom skömmu eftir að forseti Kína, Hu Jintao, og fleiri háttsettir leiðtogar fyrirskipuðu rannsókn eftir að sívaxandi fjöldi skýrslu um útbreidda misnotkun á vinnuafl í múrsteinaverksmið- um í sveitahéruðum Kína höfðu borist. Það að æstu leiðtogar beiti sér með þessum hætti er talið vera til marks um áhyggjur innan Kommúnistaflokksins yfir því að svona mál geti dregið úr trausti almennings á stjórn kommúnista. Þrátt fyrir að núverandi stjórn- völd hafi sett í forgang að bæta kjör þeirra hundruða milljóna verkamanna sem vinna í Kína er margs konar misnotkun á þeim og sinnuleysi stjórnvalda þar um þó enn algengt.

Kveikjan að þessu máli, sem er eitt helsta hitamálið í kínverskum fjölmiðlum þessa dagana, var opið bréf sem 400 feður í héraðinu Henan birtu á netinu þar sem þeir báðu um hjálp í leit sinni að sonum sínum sem þeir töldu að höfðu verið seldir til að þræla við brennsluofnana í verksmiðjunum.

Í kjölfarið tóku fjölmiðlar hver af öðrum við sér og tóku að rann- saka málið. Meðal þess sem komið hefur fram eru dæmi um að átta ára börn hafi verið lokkuð með



**FRJÁLS** Lögreglumenn aðstoða veikburða mann sem var bjargað úr nauðungarvinnu við brennsluofna í verksmiðju í Shanxi-héraði.

fagurgala til að vinna í verksmið- unum eða þeim hafi hreinlega verið rænt.

Lögreglan leitar að verkstjóra í einni verksmiðjunni sem er grun-

aður um að hafa keypt fólk af þrælasölum og neytt það til að vinna mánuðum saman, án þess að fá greitt fyrir vinnu sína eða nægi- legt að borða.



**KENNARAR ÚTSKRIFAST** Kennaraháskól- inn útskrifaði í gær 476 nemendur. Meiri hluti þeirra stundaði fjarnám, þar af nokkrir erlendis frá.

## Útskrift Kennaraháskólans: Helmingur nema í fjarnámi

**MENNTAMÁL** Kennaraháskóli Íslands útskrifaði 476 kandidata í gær. Athöfnin fór fram í Laugardals- höll.

Í ræðu rektors kom fram að meira en helmingur nemenda kennaraháskólans stundar námið sem fjarnám og búa þeir nemend- ur um allt land. Einnig búa margir nemendur skólans erlendis. Rektor sagði þessa þróun hafa gjörbreytt ástandi í skólum á landsbyggðinni þar sem árum og áratugum saman hafi sárlega vantað fagmenntuða kennara.

Kennaramenntun er fjölmenn- asta námsbraut á háskólastigi hér- lendis og kennarastéttin er stærsta fagstétt á Íslandi.

Útskrifaðir voru 409 nemendur úr grunnnámi og 67 nemendur úr framhaldsnámi þar af fimm með meistaraþráðu.

Grunnskólakennarakandidat- arnir Edda Rún Knútsdóttir og Hanna Guðný Ottósdóttir hlutu viðurkenningu fyrir lokaverkefni sitt „Ljáu mér eyra - Hvað reyn- ist pólskum börnum erfiðast að læra í íslensku?“

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Húsbruni á Selfossi

Talsvert tjón varð af völdum hita og reyks þegar eldur kom upp í einbýlis- húsi á Selfossi um klukkan 19 á föstudag. Húsið var mannlaut þegar eldurinn kom upp, en að sögn lög- reglu er talið að kviknað hafi í út frá potti sem gleymdist á eldavel.

**EKKI TREYSTA BARA Á VEDRIÐ**

**Egils APPELSÍN LIMÓNÁÐI**

**SUMARUPPBÓTIN ÞÍN**

**VEÐURSPÁ**

**um hádegi »**

**um hádegi »**

Kaupmannahöfn	17°C skúrir	London	20°C skúrir	Friedrichshafen	24°C rigning
Billund	17°C skúrir	Paris	22°C skúrir	Basel	21°C rigning
Oslo	19°C léttskýjað	Eindhoven	21°C rigning	Alicante	29°C léttskýjað
Stokkhólmur	20°C léttskýjað	Frankfurt	22°C rigning	Algarve	23°C skúrir
Gautaborg	22°C hálfskýjað	Berlin	27°C skúrir	Las Palmas	25°C hálfskýjað

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.





# ÞJÓÐARGERSEMI



[www.ostur.is](http://www.ostur.is)



## KJÖRKASSINN



Skodar þú klám reglulega?

Já	36,6%
Nei	63,4%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er rétt að gera ökutæki þeirra sem aka langt yfir hámarks- hraða upptækt?

Segðu þína skoðun á visir.is



**MÁLIN RÆDD** Fjölmargin söttu þingið og þar voru meðal annars fulltrúar frá Evrópusamtökum verkafólks.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fyrsta þing IN:

## Rætt um fram- tíð verkalyðsfé- laganna

**ÞNADUR** Fyrsta þing IN, sam- bands norræns starfsfólks í iðnaði, var haldið í Reykjavík á föstudag. Fulltrúar norræna verkalyðsfélaga sátu fundinn auk forystumanna frá Evrópusam- böndum verkafólks og alþjóða- samtökum.

Á þinginu var sérstaklega fjallað um framtíðarsýn hinna alþjóðlegu verkalyðshreyfingar í hnattrænu viðskiptalífi. Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, segir að stærstu málin sem félögin standa frammi fyrir séu hvernig bregðast eigi við aukinni orku- þörf og gróðurhúsaáhrifum.

Norrænu samtökin urðu til við samruna norræna málmíðnaðar- sambandsins og norræna iðnaðarsambandsins. Félagsmenn eru um 1,2 milljónir manna. - þo

Þrjúskur drengur:

## Þagði í tíu ár

**ENGLAND** Þrettán ára drengur hóf upp raust sína í gær í fyrsta sinn síðan hann var þriggja ára.

Ben Grocock var aðeins þriggja ára þegar hann hótaði foreldrum sínum að hætta að tala ef þau legðu hann inn á sjúkrahús til kirtlatöku. Hann stóð við hótun- ina og hætti að tala næstu tíu árin.

Grocock rauf loks þagnareidinn eftir að hafa fengið hvatningu á sjálfstraustsnámskeiði hjá slökkviliði bæjarins. - sgj

Ólæti og slagsmál eins og um verslunarmannahelgi segir lögreglan á Akureyri:

# Hópslagsmál brutust út á tjaldstæðinu

**LÖGREGLUMÁL** Mikill erill var hjá lögreglunni á Akureyri í fyrrinótt og þurftu lögreglu- menn að hafa afskipti af tvennum hópslags- málum og stöðva fjölda annarra slagsmála. Mikill fjöldi gesta er í bænum um helgina og segja lögreglumenn að ástandið hafi verið eins og um verslunarmannahelgi.

Bíladagar eru á Akureyri um helgina, auk þess sem útskrift Menntaskólans á Akureyri dregur til sín eldri útskriftarárganga. Fjöl- margir voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur á leið til bæjarins þótt enginn hafi mælst á sviptingarhraða.

Fangageymslur lögreglu voru fullar eftir nóttina, segir Ólafur Ásgeirsson aðstoðar- yfirlögregluþjónn á Akureyri. Hann segir að flestir sem lögregla hafi haft afskipti af hafi

verið ölvaðir, þó einhver fíkniefnamál hafi einnig komið til kasta lögreglu.

Lögreglan var kölluð að tjaldstæðinu að Hömrum á fjórða tímanum um nóttina þar sem ráðist hafði verið á mann. Lögreglan hafði afskipti af árásarmanninum en þá kom annar maður að og veittist að lögreglu. Báðir mennirnir voru handteknir en lögreglumenn- ina sakaði ekki.

Aftur var óskað eftir aðstoð lögreglu á tjaldstæðinu um klukkustund síðar vegna hópslagsmála á svæðinu. Gæslumaður á tjaldsvæðinu slasaðist þegar ráðist var á hann áður en lögreglan skakkaði leikinn. Ekki komst þó friður á eftir þetta, því hópslagsmál brutust aftur út á sjötta tímanum á tjaldstæðinu. - bj



**VERSLUNARMANNAHELGARSTEMNING** Þessi ungmenni nutu veðurbliðunnar á Akureyri í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HREIDAR



**HITAD UPP FYRIR HLAUPIÐ** Margar konur á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð tóku þátt í Kvinnahlaupinu. Hér sjást nokkrar þeirra ásamt fjölskyldum hita upp fyrir hlaupið.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

# Kynslóðir sameinuðust

Sextán þúsund konur um allt land tóku þátt í Kvinnahlaupinu í gær.

**KVENNAHLAUP** „Elsti þátttakand- inn sem við vitum um í ár var 100 ára kona sem hljóp á Hrafnistu í Reykjavík,“ segir Jóna Hildur Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Kvinnahlaupsins. „Það sem er svo skemmtilegt við þetta er að kynslóðirnar koma þarna saman og hlaupa. Mömmurnar koma með litlu stelpurnar í vögnunum og ömmurnar koma líka með.“

Hlaupið var haldið í átjánd- a skipti í ár og er talið að um sex- tán þúsund konur hafi tekið þátt. Hlaupið fór fram á níutíu stöðum hér á landi, meðal annars á nokkrum hjúkrunarheimilum, og á átján stöðum erlendis.

Á Ítalíu var heill kvinnakór á ferðalagi sem tók þátt. Konurnar tóku bolina með sér út og hlupu þar sem þær voru. Jóna Hildur segir að það sé algengt að vin- kvannahópar á ferðalögum geri þetta til að missa ekki af hlaup- inu. Eins eru mörg Íslendingafé- lög erlendis sem skipuleggja hlaupin.

„Ég veit um margar konur sem hafa hlaupið öll árin. Í ár var líka ein átta ára stelpa sem var að taka þátt í áttunda skipti. Hún hafði fyrst komið átta mánuða í kerrunni með mömmu sinni.“



**KVENNAHLAUPIÐ Í GARDABÆ** Sextán þúsund konur á öllum aldri tóku þátt í Kvinnahlaupinu í gær. Eins og sjá má voru þátttakendur á öllum aldri.

**UNGIR HLAUPARAR** Unnur og Erna eru hér sælar og glaðar með medaljum sínar eftir hlaupið.

Myndir frá hlaupinu má finna á [www.sjóvá.is](http://www.sjóvá.is). Samstarfsaðili Kvinnahlaupsins í ár er Hjarta-



vernd og var slagorð hlaupsins Hreyfing er hjartans mál. [jara@frettabladid.is](mailto:jara@frettabladid.is)

Þrettán sóttu um starfið:

## Nýr umboðs- maður barna

### STJÓRNSÝSLA

Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur hefur verið skipuð í embætti umboðsmanns barna til næstu fimm ár. Hún tekur við störfum 1. júlí.



**MARGRÉT MARÍA SIGURDARDÓTTIR**

Margrét María lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990. Hún hefur verið fram- kvæmdastjóri Jafnréttisstofu frá 2003 en starfaði áður sem lögfræðingur og rak eigin lögmannsstofu um árabil. Hún starfaði áður sem fulltrúi sýslumanns á Ísafirði, Húsavík og Blönduósi.

Margrét María hefur sinnt margvíslegum trúnaðarstörfum á sviði jafnréttis- og fjölskyldu- mála. - kdk

Skerðing vegna byggðakvóta:

## 300 fyrirtæki fá minni heimildir

**SIJAVARÚTVEGUR** Yfir þrjú hundruð fyrirtæki þurfa að sæta því að aflaheimildir þeirra séu skertar um rúmlega 4,7 prósent vegna byggðakvóta, línuvildunar og bóta vegna skel- og rækjubóta, en úthlutun stendur nú yfir fyrir yfirstandandi fiskveiðiar.

Heildarúthlutun í þessum teg- undum nemur 270.065 þorskígild- istonnum, en skerðingin sem fyr- irtækin verða fyrir nemur 12.280 þorskígildistonnum. HB Grandi hf, Brim hf, Samherji hf, Þor- björn hf, Vísir hf, FISK-Seafood hf., eru þau fyrirtæki sem verða fyrir mestri skerðingu. - shá

### SLYS

#### Enn þá meðvitundarlaus

Drengurinn sem fannst meðvitundar- laus á botni sundlaugarinnar í Kópa- vogi í lok apríl liggur enn þungt hald- inn á barnsáspítala Hringssins. Hann er laus úr öndunarvél en er ekki kominn til meðvitundar.

# Lykill að fortíðinni



Aðalstræti 16  
[www.reykjavik871.is](http://www.reykjavik871.is)



Minjasafn  
Reykjavíkur

Reykjavík  
**871**<sup>±2</sup>

Landnámssýningin  
The Settlement  
Exhibition

Landnámssýningin við Aðalstræti veitir gestum tækifæri til að skyggast inn í lífið á landnámsöld. Miðpunktur sýningar- innar er skálarúst frá 10. öld. Einnig má þar finna fornleifar frá því um 871 og eru það elstu mannvistarleifar sem fundist hafa á Íslandi.

Einstök margmiðlunartækni gerir gestum kleift að ímynda sér hvernig lífi heimilisfólks í fyrstu byggð Reykjavíkur var háttað og hvernig umhverfi og landslag borgarinnar var við landnám.





# ÞJÓÐARGERSEMI



[www.ostur.is](http://www.ostur.is)



Sextugasti og þriðji afmælisdagur lýðveldisins:

## Hátíðisdagur þjóðarinnar

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

**M**erking þjóðhátíðardagsins í hugarheimi þeirra sem þjóðina mynda er áreiðanlega afar mismunandi á þessum sextugasta og þriðja afmælisdegi lýðveldisins.

Ad minnsta kosti má leiða líkur að því að merking þjóðhátíðardagsins hjá þeim börnum sem nú vaxa úr grasi sé allnokkuð breytt miðað við kynslóðina sem man rínginguna á Þingvöllum 17. júní 1944. Þeir eru nú orðnir fáir sem voru full-orðnir þennan dag, en fleirum er dagurinn í barnsminni.

Aldamótakynslóðinni var þjóðhátíðardagurinn merkingarrikur, þótt mörgum þætti fullveldisdagurinn 1. desember 1918 marka enn meiri tímamót. Saga lýðveldisstofnunarinnar var samofin sögu þessarar kynslóðar.

Fyrir þeim sem fæddir eru eftir 1944 er skírskotun dagsins 17. júní óljósari og margir þeirra sem nú vaxa úr grasi hafa ekki hugmynd um fyrir hvað dagurinn stendur. Það sýnir glöggt hið árlega innlegg fjölmiðla þar sem vegfarendur eru spurdir hvers vegna við höldum 17. júní hátíðlegan. Í vitund þess fólks hefur lýðveldið Ísland alltaf verið til, stofnun þess er efni sögubóka og nánast jafnfjarlæg daglegum veruleika og stofnun Alþingis rúmum þúsund árum fyrr.

*Sú nýbreytni að spila landsleik í handbolta 17. júní er til dæmis skemmtileg viðbót við daginn.*

Hátíðahöld á þjóðhátíðardeginum 17. júní hafa verið með áþekku sniði frá upphafi. Vissulega má sjá spor tímans í þróuninni frá áratug til áratugar en grunnstefið er hið sama; leiði Jóns Sigurðssonar í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu, stúdentarnir við stytta Jóns á Austurvelli, skemmtanahald stífla á yngstu kynslóðina og foreldra hennar í bænnum síðdegis og loks skral fram eftir kvöldi fyrir unga fólkið. Allt hefur þetta vissulega aukist að umfangi í takt við tíðarandann; eins og haft var eftir verkefnisstjóra dagsins í Reykjavík í viðtali í vikunni er tilhneigingin alltaf sú að gera meira en í fyrra.

Ólvun og ólæti að kvöldi þjóðhátíðardags hafa sett mark sitt á daginn. Bjartstýnasta fólk þykist reyndar sjá merki þess að úr hafi dregið allra síðustu ár. 17. júní er þó enn einn þeirra viðburða ársins þar sem sérstaklega er tekið fram ef hátíðahöld dagsins hafi farið fram án stórslysja: „Hátíðahöld fóru vel fram um allt land.“ Þetta er jafnvel fullrytt í fjölmiðlum þótt allmargir hafi gist fangageymslur, nokkrir hafi verið barðir og jafnvel nauðgun átt sér stað.

Þegar áratugir eru liðnir frá stofnun lýðveldisins má alveg velja því upp hvort hægt væri að halda upp á afmæli lýðveldisins, þjóðhátíðardaginn, með einhverjum öðrum hætti og gera hann jafnvel merkingarríkari fyrir bragðið. Sú nýbreytni að spila landsleik í handbolta 17. júní er til dæmis skemmtileg viðbót við daginn því samkennd þjóðar á óvída betur við en einmitt á íþróttaleikvangi í keppni milli þjóða.

Gleðilega hátíð og áfram Ísland!

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

Kópavogur

17. júní

Dagskrá

Allar upplýsingar um dagskrá 17. júní í Kópavogi er að finna á heimasíðu Kópavogsbæjar

www.kopavogur.is

Kópavogsbær

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Stutt stopp

Auður Lilja Erlingsdóttir, varapingmaður VG, gerði stuttan stans á Alþingi í vikunni. Hún tók sæti Kolbrúnar Halldórsdóttur klukkan hálfellefu á þriðjudag og sat þar til sumarþingi lauk upp úr hálf fimm daginn eftir.

Auður Lilja tók einu sinni til máls; í umræðum um aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Í sex mínútna ræðu lýsti hún stuðningi við markmið áætlunarinnar en kvaðst um leið vona að tryggt verði að misskipt-



ing í þjóðfélaginu bitni ekki á börnum.

#### Besta ræðan

Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, flutti jómfrúrræðu sína í þinginu á þriðjudag, í umræðum um viðaukasamning ríkisins og eigenda álversins í Straumsvík. Eftir að Kristján hafði lokið máli sínu steig Gunnar Svavarsson Samfylkingunni í pontu og sagði ræðu Kristjáns Þórs þá bestu sem hann hefði flutt í þinginu. Þeir Kristján og Gunnar eru ekki aðeins kollegar á þingi því báðir eru þeir forsetar bæjar-



stjórna; Kristján á Akureyri og Gunnar í Hafnarfirði.

#### Veigalítið hlutverk

Haldi einhver að bankaráð Seðlabankans hafi eitthvað með efnahagsmál og -stjórn að gera er það rangt. Í lögum segir að ráðið eigi að hafa eftirlit með því að bankinn starfi í samræmi við lög og að bankastjórnir eigi að upplýsa ráðsmenn um helstu þætti í stefnu bankans. Í tíu af fjórtán tillögnum ber bankaráðinu að staðfesta tillögur og reglur bankastjórnanna en annars er eitt helsta verkefni þess að ráða aðalendurskoðanda bankans og ákveða laun bankastjórnanna.

bjorn@frettabladid.is

## Á þjóðhátíðardegi

Ég vil byrja á því að óska lesendum Fréttablaðsins gleðilegum þjóðhátíðardags. Þennan dag gleðjumat við, borðum þessar blessuðu pylsur, blásúm í blöðrur, förum í skruðgöngur og skemmtum okkur fram á nótt. Þennan dag rifjum við upp söguna, minnumst þeirra sem á vörðudu brautina til sjálfstæðis og hugleiðum hvert þessi sameiginlega vegferð okkar muni leiða. Til allrar hamingju er hjart nærri allan sólarhringinn þannig að það gefst nokkur tími til að komast yfir allt þetta. Ég mæli heldur með því að byrja á því að velja vegferðinni og sögunni fyrir sér áður en hæ hó og jíbí jei-ið byrjar.



ILLUGI GUNNARSSON Í DAG | Velgengni Íslendinga

okkar liggja í menntun og vísindum; mannauðurinn, ásamt gríðarlegum náttúruauðlindum, verður aflvaki hagvaxtar og nýsköpunar á næstu árum og áratugum. Einhver ánægjulegasta breyting á íslensku efnahagslífi er vöxtur fjármálaþjónustunnar, sóknarfærin á þeim vettvangi er óendanleg og einu takmörkin eru við sjálf.

Til lengri tíma horft er engum vafa undirorpið að langtímahorfur okkar eru góðar, svo gripið sé til orðfæris bankamanna. En vandamálaust verður þetta ekki. Ef horft er til næstu missera þá á enn eftir að koma í ljós hvort það tækist að lenda efnahagslífinu mjúklega eða hvort við fáum högg. Háir vextir Seðlabankans geta ekki staðið endalaust, það hlýtur að líða að því að þeir lækki. En sérstakt áhyggjuefni er núna sú staðreynd hversu illa gengur að byggja upp þorsstofninn, þrátt fyrir að við höfum farið býsna nærri ráðgjöf fiskifræðinga nú um nokkra hríð. Fyrir vikið er staða landsbyggðarinnar að veikjast, minnkandi afli, ásamt reyndar hagræðingu, hefur leitt til þess að ársverkum í sjávarútvegi hefur fækkað úr 15.500 árið 1996 í 8.400 tíu árum síðar. Þetta segir til sín í atvinnulífi landsbyggðarinnar.

#### Ríkisstyrktur sjávarútvegur?

Framsál aflaheimilda er forsenda aflamarkskerfisins, mögu-

leikinn til að kaupa og selja aflaheimildir er megin skilyrði þess að hagræðing náist í greininni. Vitanlega getur framsalið valdið vandamálum á landsbyggðinni, einkum á smæstu stöðum. En það er ekkert vit í því að ætla að styrkja sjávarþorpin með því að vængstýfa sjávarútveginn. Á árunum 1980 til 1984 var tap á sjávarútveginum á bilinu 5 til 9 prósent og það þurfti að eyða skattfé til þess að koma í veg fyrir fjölda-gjaldþrot í greininni. Atvinnuöryggið var ekkert við þær aðstæður, aðalatvinnuvegur landsbyggðarinnar var á hnjúnum og allt hagkerfið var upp í loft. Þetta var fyrir daga aflamarkskerfisins. Frá 1991 hefur greinin hins vegar verið rekin með hagnaði nærri á hverju ári og verðmæti aflaheimilda endurspeglar þá trú sem útgerðarmenn og fjármálastofnanir hafa á framtíðinni.

#### Eflum hafrannsóknir

Aðgerðir í byggðamálum verða því að beinast að samgöngum, samkeppnisstöðu, menntamálum og menningarmálum. Það tapa allir á því að draga úr hagkvæmni sjávarútvegsins. Jafnframt er nauðsynlegt að skoða betur samspil fiskveiðiráðgjafarinnar og fiskveiðistjórnunarinnar, án þess að hróflað verði við eignarréttindum útgerðarmanna. Sem innlegg í þá umræðu hef ég áður lagt til að stofnuð verði hafrannsóknardeild við Háskóla Íslands sem skili til ráðherra til lögum sínum samhliða tillögum Hafró.

Ég mun ræða nánar þessa hugmynd í næstu grein sem mun birtast í ágúst næstkomandi, þangað til mun ég taka mér frí frá skrifum. Að lokum vil ég endurtaka óskir mínar um gleðilegan þjóðhátíðardag.

## Framtíð þjónustumiðstöðva

### UMRÆÐAN

Þjónustumiðstöðvar

Eitt mikilvægasta verkefni sem ráðist hefur verið í á síðustu árum til að bæta og samþætta þjónustu borgarinnar er uppbygging þjónustumiðstöðva. Miðgarður, þjónustumiðstöðin í Grafarvogi ruddi brautina og varð fljótlega ljóst að mikill árangur náðist sem endurspegladist í bættri þjónustu og sterkara samfélagi. Starfsfólki sem áður starfaði á ólíkum sviðum var skapaður sameiginlegur starfsvettvangur í hverfum borgarinnar. Með því skapaðist grundvöllur fyrir þverfaglega teymisvinnu til að koma betur til móts við fjölbreyttar þarfir íbúa. Miðstöðvarnar eru þannig hverfislægur miðpunktur þjónustu, þangað sem íbúar geta nálgast alla nauðsynlega þjónustu og þurfa ekki að þeytast milli fjölda stofnana til að fá úrlausn sinna mála.

Árangurinn endurspeglast einnig í samhentara og betra samfélagi. Kannanir sem gerðar voru í Grafarvogi í tengslum við stofnun þjónustumiðstöðvarinnar þar leiddu í ljós að betri árangur næst þegar fagfólk ólíkra sviða leggst á eitt við úrlausn mála. Þetta hefur til dæmis sýnt sig varðandi fíkniefnaforvarnir og fleira.

Eftir að nýr meirihluti tók við var yfirstjórn þjónustumiðstöðva færð frá þjónustu og rekstr-



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

arsvið undir velferðarsvið. Við þessa tilfærslu vöknudu strax áhyggjur af því að starfsemi þjónustumiðstöðva myndi veikjast og að áhersla yrði frekar á þá þætti sem snúa að félagsþjónustunni en minni áhersla yrði á að byggja upp þá þætti sem snúa að öðrum sviðum: grunnskólum, leikskólum og tómstúnum. Á þetta bentu fulltrúar Samfylkingarinnar ítrekað.

Fulltrúar meirihluta velferðarráðs fullyrta í umsögn sinni um flutninginn að „kostir þjónustumiðstöðva sem snúa flestir að íbúum hverfanna muni halda sér ef þjónustumiðstöðvar verða færðar undir Velferðarsvið“. Einnig kemur fram í sömu umsögn að „breytingin muni engin áhrif hafa á starfsmenn þjónustumiðstöðvanna og að þjónustusamningar munu áfram vera við önnur fagsvið borgarinnar“.

Þrátt fyrir þessi fyrirheit biður nú afgreiðslu leikskólaráðs tillaga meirihlutans um að innritunarfylltrúar verði færðir frá þjónustumiðstöðvunum inn á leikskólasvið. Þetta er fyrsta skrefið í að rýra hlutverk þjónustumiðstöðvanna og er ástæða til að óttast að fleiri slík skref muni fylgja í kjölfarið. Þessi þróun mun verða til að veikja þjónustumiðstöðvarnar, fækka verkefnum þeirra og samþætting á þjónustu við borgarbúa mun minnka.

Höfundur er varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar.



**NÝTT!**

**VIÐBÓTARLÁN SPRON  
Á LÁN FRÁ ÍBÚÐARLÁNASJÓÐI  
Í ERLENDRI MYNT!**

# Þitt stærsta lán er frelsi!

**Íbúðalán SPRON í íslenskri og erlendri mynt einkennast af frelsi í nútíð og framtíð.**

Valfrelsið er mikið þegar kemur að samsetningu lánanna og eru þau án þvingandi skilyrða um bankaviðskipti til allt að 40 ára eins og tíðkast annars staðar.

**Veldu frelsi**

– fáðu ráðgjöf hjá viðskiptastjórum SPRON

**FRELSIÐ ER ÞITT:**

**Íbúðalán SPRON – allt í íslenskri mynt**

- **Þú getur valið** á milli þess að hafa allt lánið hjá SPRON eða að taka samsett lán hjá Íbúðalánasjóði og SPRON.

**Íbúðalán SPRON – allt í erlendri mynt**

- **Þú getur valið** á milli myntkörfu SPRON og eigin samsetningar á myntkörfu.

**Samsett íbúðalán SPRON – erlend og íslensk mynt**

- **Þú getur valið** á milli myntkörfu SPRON og eigin samsetningar á myntkörfu.
- **Þú getur valið** hvert hlutfallið er milli íslenskrar og erlendar myntar.

**Samsett íbúðalán SPRON og Íbúðalánasjóðs**

- **Þú getur valið** um að fá viðbótarlán frá SPRON á lán frá Íbúðalánasjóði í íslenskri eða erlendri mynt.

75 ára


 **spron**



JÓN SIGURÐSSON FÆDDIST  
Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1811 Á  
HRAFNSEYRI VIÐ ARNARFJÖRÐ

„Vér mótmælum allir.“

Jón Sigurðsson var helsti leiðtogi Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni og oft kallaður Jón forseti þó að hann hafi aldrei verið eiginlegur forseti Íslands, en hann gegndi nokkrum sinnum embætti forseta Alþingis.



# tímamót

tímamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 17. JÚNÍ ÁRIÐ 1944

## Stofnun íslenska lýðveldisins

Á þessum degi árið 1944 var stofnun íslenska lýðveldisins formlega lýst yfir við hátiðlega afhöfn á Þingvöllum. Sveinn Björnsson var kjörinn forseti hins nýja lýðveldis en hann hafði þá gegnt embætti ríkisstjóra landsins í þrjú ár. Fjöldi fólks mætti á lýðveldishátíðina og er talið að um 25 þúsund af 127 þúsund Íslendingum hafi verið á Þingvöllum. Úrhellis rigning var framan af degi en voru þó flestir gestir hátíðarinnar sammála um það að hún hefði heppnast mjög vel.

Nýkjörinn forseti ávarpaði gesti hátíðarinnar og þakkaði það traust sem honum væri sýnt. Hvatti hann þjóðina í ræðu sinni til samstarfs og eindrægni.

Þegar leið á daginn stytta upp og héldu hátíðarhöldin áfram með leik lúðrasveita en að honum loknum stýrði Páll Ísólfsson stærsta kór sem sungið hafði á Íslandi. Undir lok hátíðar-



LÝÐVELDIÐ ÍSLAND VAR FORMLEGA STOFNAÐ Á ÞINGVÖLLUM ÁRIÐ 1944.

haldanna var þjóðfáninn hyltur og sungu hátíðargestir „Rís þú unga Íslands merki“.

### MERKISATBURÐIR

- 1900 Fyrsta pósthólin með varning og fólk á fjór hjóla hestvagni var farin frá Reykjavík austur í sveitir.
- 1911 Háskóli Íslands var settur í fyrsta skipti og Prestaskólinn, Læknaskólinn og Lagaskólinn lagðir niður.
- 1915 Fyrsta ökuskrteinið var gefið út á Íslandi en eigandi þess var Hafliði Hjartarson, 28 ára trésmiður, sem tók fyrstur Íslendinga bílstjórpróf.
- 1947 Fyrsta millilandaflugvél Íslendinga, Hekla, kom til landsins en hún var í eigu Loftleiða.



Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir systir og frænka,

**Jónfríður Valdís**

**Bjarnadóttir**

Mosabarði 15, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 12. júní sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Kristófer Bjarnason

Róbert Örn Kristjánsson

Elsa Esther Kristófersdóttir Bárður Þór Sveinsson

Alexandra Ýr

Bjarni S. Kristófersson Gunnþóra Rut Bragadóttir

Og aðstandendur.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug við andlát og útför okkar ástkæra

**Skafta Friðfinnssonar**

Keflavík, síðast Hörgshlíð 4, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Vífilstaða fyrir frábæra umönnun.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Sigríður Svava Runólfssdóttir.



Okkar ástkæri

**Hákon Franklín Jóhannsson**

Miðleiti 7,

lést þriðjudaginn 12. júní á Landspítala Fossvogi. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 21. júní kl. 13.00.

Katrín Hákonardóttir Arthur Echelberger  
Jóhann Hákonarson Dagný Jóhannsdóttir  
Erna Hákonardóttir Gernot Pomrenke  
Tryggvi Franklín Hákonarson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,


**Klementína Margrét**

**Klemenzdóttir**

Hagamel 31, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 19. júní kl. 15.00.

Margrét Björgvinsdóttir Práinn Viggósson  
Magdalena Björgvinsdóttir  
Kolbrún Björgvinsdóttir  
Dröfn Björgvinsdóttir Þorgeir Jónsson  
Mjöll Björgvinsdóttir Ólafur Stefánsson  
Drífa Björgvinsdóttir Benedikt P. Gröndal  
Hrönn Björgvinsdóttir  
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



GUÐJÓN FRÍÐRIKSSON þekkir sögu sjálfstæðisbaráttunnar vel og segir bláhvíta fánann hafa verið eins konar uppreisnarfána. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BLÁR OG HVÍTUR ÍSLENSKUR FÁNI: FLAGGAÐ FYRST FYRIR HUNDRAÐ ÁRUM

## Þótti of líkur gríska fánanum

Fyrir hundrað árum var íslenskur fáni í fyrsta skipti dreginn að húni víðs vegar um landið. Þessi fáni var blár og hvítur og var síðar skipt út fyrir þann fána sem við flöggum nú á 17. júní. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur þekkir sögu bláhvíta fánans vel.

„Þann 17. júní 1907 gengust stjórnarandstæðingar fyrir miklum hátíðarhöldum og bláhvítir fánar voru dregnir að húni víða, að minnsta kosti fimmtíu flaggstangir voru taldar í Reykjavík,“ segir Guðjón. „Þetta var ekki vel séð af öllum því dannebro var náttúrulega okkar löglegi fáni á þessum tíma,“ bætir hann við.

Hugmyndin að bláhvíta fánanum var upphaflega komin frá Einar Benediktssyni skáldi og hans fjölskyldu að sögn Guðjóns. „Bláhvítí fáninn sást fyrst í revíu sem Einar samdi og hét Við höfn-

ina og var sýnd í Fjalakettinum við Aðalstæti árið 1894. Það var náfrænka Einars, Ólafía Jóhannsdóttir sem saumaði þann fána. Síðan var sá fáni notaður á þjóðhátíð í Reykjavík 1897 en það var aðallega fjölskylda Einars sem stóð fyrir því og eins við vígslu Valhallar á Þingvöllum 1898. Eftir það sást fáninn ekki mikið fyrr en að fánamálið svokallaða blossaði upp á árunum 1906 til 1907.“

Aukinn kraftur hafði færst í sjálfstæðisbaráttuna á þessum tíma að sögn Guðjóns og telur hann það ástæðuna fyrir því að ákveðið var að halda upp á afmælisdag Jóns Sigurðssonar með þessum hætti. „Ýmsir erlendir atburðir, eins og það að Norðmenn höfðu slitit sig lausa frá Svíum árið 1905, ýttu undir það að Íslendingar yrðu ákafari í sinni sjálfstæðisbar-

áttu. Þarna var verið að gera Jón Sigurðsson að eins konar tákni fyrir sjálfstæðisbaráttuna sem hann varð síðan en hafði kannski ekki verið svo mikið áður. Bláhvítí fáninn var líka eitt af táknum sjálfstæðisbaráttunnar og notaður sem slíkur, sem svona uppreisnarfáni má segja.“

Guðjón segir að margir Íslendingar hafi á þessum tíma viljað fá bláhvíta fánann sem þjóðfána. „Viðbárurnar voru þær að hann væri of líkur gríska konungsfánanum og þar sem grískur kongurinn var bróðir Danakonungs þótti það ómögulegt. Það voru líka stjórnarandstæðingar sem héldu þessum fána á lofti og því voru heimastjórnarmenn kannski ekki svo hrifnir af honum. Því varð ofan á þegar við fengum löggiltan fána árið 1915 að það var þessi sem við þekkjum í dag.“

emilia@frettabladid.is



### 80 ára afmæli



#### Alma A.J. Júlíusdóttir Hansen

er áttæð í dag. Hún nýtur dagsins ásamt vini í faðmi sonar, ömmu-, langömmubarna og fjölskyldna þeirra í Struer á Jótlandi. Að venju munu snittur og tertur verða boðnar vínun og vandamönnun hér á Fróni, en kallað verður til þess síðar. Árnadaróskir er hægt að senda að Langagerði 9, sjálf kemur frá úr heim næstkomandi miðvikudag.



### 50 ára afmæli

#### Dána Vera Jónsdóttir

hárskurðarmeistari býður til veislu vegna 50 ára afmælis síns hinn 15. júní. Veislan verður haldin að Kristnibraut 9 neðri hæð Grafarholti hinn 17. júní klukkan 15.00. Allir vinir og vandamenn eru velkomnir.



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Ellis Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson

#### Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



### Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is



**UPPSELT!**  
**AUKATÓNLEIKAR**

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS OG DÚNDURFRÉTTIR

# THE WALL

**STÓRTÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLL**

**FIMMTUDAGINN 28. JÚNÍ KL. 19.30**  
**AUKATÓNLEIKAR**

Eitt mesta stórvirki rokksögunnar í flutningi SINFÓNÍUHLJÓMSVEITARINNAR og DÚNDURFRÉTTA, sem áður hafa slegið rækilega í gegn með vönduðum flutningi á mörgum rokkperlum.

**MÍÐASALA HEFST Í DAG KL. 12**  
**Á [WWW.SINFONIA.IS](http://WWW.SINFONIA.IS)**  
MÍÐAVERÐ ::: 5.000 / 4.500 KR.

**FÖSTUDAGINN 29. JÚNÍ KL. 19.30**  
**UPPSELT**

Roger Waters (Pink Floyd) ::: The Wall  
Hljómsveitarstjóri ::: Bernharður Wilkinson  
Útsetningar ::: Haraldur Vignir Sveinbjörnsson



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

SÍMI 545 2500 ::: [WWW.SINFONIA.IS](http://WWW.SINFONIA.IS)



# Ekki bara sonur Geirs

**Logi Geirsson** viðurkennir að þykja það síður en svo leiðinlegt að gefa viðtöl. Það sé líklega í eðli hans en hann segist hafa jafn gaman af því að tala við fólk, gefa af sér og honum þyki að spila handbolta. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti metnaðarfulla sjarmatröllið sem hefur jafnvel lært að þjálfa sig í svefni.

**L**ogi er uppalinn í Norðurbæ Hafnarfjarðar, nánar tiltekið á Sævangi. Þar bjó hann allt þar til hann fékk samning við þýska stórliðið Lemgo, 21 árs gamall, og mun hann dvelja þar að minnsta kosti til ársins 2010 en samningur hans við liðið var nýlega endurnýjaður. Heima í Hafnarfirði þótti hann virkilega þrúður heima fyrir en þegar komið var út fyrir hússins dyr var hann bæði stríðinn og afar uppátækjasamur.

## Úr skugga föður síns

Faðir Loga er Geir Hallsteinsson, einn besti handknattleiksmaður Íslands fyrr og síðar. Hæfileikarnir eru honum líklega í blóð bornir því afi Loga, Hallsteinn Hinriks-son, hefur löngum verið kallaður faðir handknattleiksins á Íslandi.

Logi segist vera talsvert ólíkur föður sínum en föður hans hafi til að mynda aldrei verið vel við sviðsljósið sem fylgir afreksmönnum í íþróttum. „Ófugt við mig,“ segir Logi og brosir út í annað og bætir því síðan við að mörgum hafi þótt þeir líkir í skapi sem börn. „Þótt pabbi sé einhver mesti rólyndismaður sem ég þekki þá koma prakkaragenin frá hans fjölskyldu,“ segir Logi og rifjar upp að eldri bræður hans tveir hafi líka verið duglegir við að hrekkja hann. „Og maður lærði af þeim ágætis brögð sem síðar var beitt á litlu systur,“ útskýrir Logi og skellir upp úr.

Logi segist hins vegar aldrei hafa fundið fyrir neinni pressu á það að hann ætti að feta í fótspor föður síns. „Sjálfur hætti ég í handbolta um tíma sem unglingur en fékk aldrei neinar spurningar frá honum af hverju og þannig var það með okkur öll systkinin. Við fengum að vera við sjálf og gera það sem okkur langaði til. Ég ber mikla virðingu fyrir foreldrum mínum og mömmu ekki síður en pabba,“ bætir Logi við. „Heima var lítið um boð og bönn. Og ég held að það hafi verið það sem styrkti mann, því allt sem er bannað er svo spennandi. Maður fékk algjörlega að finna sjálfur sína eigin leið.“

## Svitnað í svefni

Mörgum hefur þótt Logi líkjast föður sínum á velli og hann tekur að einhverju leyti undir það. „Við erum með svipaðar hreyfingar en pabbi var aðeins léttari þegar hann var upp á sitt besta, að minnsta kosti tíu kílóum. Hann kom með margt nýtt inn í handboltanum eins og til að mynda þessi undirskot,“ segir Logi. En þótt pressan heimafyrir á að feta í fótspor föðursins hafi ekki verið mikil fann Logi fyrir henni út á við. Hann segir það hins vegar hafa kveikt í sér og þegar hann hafi verið búinn að ákveða að verða atvinnumaður hafi ekki verið aftur snúið. „Ég fékk oft að heyra það að ég væri bara sonur Geirs og ekkert annað. En slík orð fengu mig bara til að leggja enn harðar að mér,“ útskýrir Logi sem tók jafnvel upp á því að fara að æfa á nóttunni og lyfta og hlaupa á aðfangadagskvöld. „Ég og Sverrir Garðarsson, miðvörður í meistarflokki FH í knattspyrnu, tókum upp á því að keppa í spretthlaupi klukkan þrjú á nóttunni við tjörnina í Hafnarfirði. Þetta þótti mjög sérstakt á þeim tíma og stundum kom fólk og horfði á okkur,“ segir Logi og ekki er laust við að hann sakni þessa tíma. „Manni vantar alltaf einhverja kulrót og maður þarf alltaf að hafa eitthvað að keppa að,“ segir Logi og lumar augljóslega á fleiri sögum af tilraunum sínum hvað æfingar varðar. Og ein sú frægasta sem gekk manna á milli í handboltaheiminum var sú að Logi gæti að sig í svefni. „Já, þetta var smá æfing sem ég prófaði. Ég



ALDREI PRESSA HEIMAN FRÁ Logi segist aldrei hafa fundið fyrir pressu heiman frá að feta í fótspor föður síns. Foreldrar hans hafi hins vegar lagt ríka áherslu á að hann væri hann sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

fann hana í einhverri bók og tókst eiginlega að hlaupa í svefni. Þetta er eins og hver önnur hugarþjálfun og það er hægt að svitna með því einu að liggja bara uppi í rúmi og ímynda sér að maður sé að hlaupa. Ég gerði þetta stundum en sá svo seinna að þetta var ekki vinnunnar virði,“ segir Logi og hlær. „En það er eiginlega alveg sama hvað þú æfir mikið, ef þú hefur ekki trú á því sem þú ert að gera, bera æfingarnar engan árangur. Ég tel sjálfum mér alltaf trú um að allt sem ég geri sé rétt, það er besta leiðin.“

## Blandaði eigið hárgel

Logi hefur síður en svo verið allra. Margir hafa gagnrýnt hann bæði innan og utan vallar en leikmaðurinn tekur slíkt ekki nærri sér. „Sumir telja mig grobbhana og egóista, fólk er fljótt að dæma án þess að þekkja mann. Þeir sem til mín þekkja vita hins vegar hvernig ég er og ég reynist fólkinu mínu vel og þannig er bara lífið,“ segir Logi. „Ég hef alltaf haft mikið sjálfstraust, það hefur aldrei vantað hjá mér og hefur fleytt mér talsvert áfram,“ bætir hann við. En leikmaðurinn hefur ekki síður vakið mikla athygli fyrir snyrtilegt útlit. Hárið skipar þar stóran sess en fyrir nokkrum árum var Logi rekinn út af fyrir að hrinda Vigni Svavarssyni í leik FH og Hauka eftir að hann ruglaði í hárinu á honum. „Já, og við tókumst í hendur fyrir viku eða svo og ég þakkaði honum fyrir þetta. Ég lærði nefnilega helling af þessu. Annars held ég að þetta atvik hafi verið meira út af bæjar- rígunum milli FH og Hauka heldur en sjálfu hárinu.“

Logi kemst þó ekki hjá því að viðurkenna að hann hafi gert tilraunir með sitt eigið hárgel. „Ég er örugglega búinn að eyða fleiri hundruðum þúsunda í hárvörur um ævina. Og því ákváðum við, ég og kærastan mín, að búa

til nokkrar dollur upp á grínið en þær reyndust ekki nógu vel. Gelið varð ekki eins þykkt og ég vil hafa það. Það verður að vera þannig að maður geti mótað hvern lokk nákvæmlega eins og maður vill. Það á að vera hægt að rigna á þetta,“ segir Logi og greinilegt að þetta er honum mikið hjartans mál. Hann vill hins vegar ekki meina að hann sé þjattrófa, hann hafi í það minnsta róast mikið í þeim málum síðustu tvö árin. „Ég er bara eins og mér líður vel með að vera og ef mér líði vel með eyrnalokk á enni þá myndi ég fá mér einn slíkan,“ segir Logi og gjóir augunum á næsta borð þar sem kærastan, Vivian Ólafsdóttir, situr. Og hafi einhverjir haldið að uppátækjasemin hafi elst af Loga þá skjátlást þeim hinum sömu hrapallega. Þegar talið berst að því hvernig þau Logi og Vivian kynnt-

trúlofuð og búum saman í stóru húsi í Þýskalandi. Þær hefðu ekki allar mætt út á útidyratröppur.“

## Lif eftir handbolta

Logi veit sem er að líftími atvinnumanns í handbolta er ekki langur og flestir leggja skóna á hilluna þegar þeir eru rétt skriðnir yfir þrítugsaldurinn. „Maður veit aldrei hvað gerist, leikmenn geta slasast illa og dottið út úr handboltanum,“ segir Logi sem er þegar farinn að leggja drög að framtíðinni og er í fjarnámi í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst. „Ég hef virkilega gaman af því og ætla seinna meir að fara inn í viðskiptalífið,“ útskýrir hann.

Og Logi er ekki bara með hugann við sig og sína. Árið 2005 bauð hann langveikum strák til sín og á heimasíðunni hans, logi-geirsson.de geta gestir leitað ráða hjá

angri gerðu, og gera það, því ég vil alltaf ná toppárangri.“

## Íslenskir slóðar í Þýskalandi

Logi nýtur þess að leika með landsliðinu, segir það allt öðruvísi tilfinningu heldur en að spila með félagsliðinu. „Það er ótrúlega innilegt að spila fyrir land og þjóð. Mér finnst gaman þegar þjóðsöngurinn er sunginn og þetta er draumurinn, að leika með landsliðinu,“ útskýrir Logi sem kveðst ekki hafa neina sérstaka hjátrú, hann hafi uppgötvað að hún skil- aði akkúrat engu. „Hér áður fyrr var dagurinn kannski undirlagður af því að gera alltaf það sama. Svo einu sinni svaf ég yfir mig, átti minn besta leik og hjátrúin hvarf fyrir vikið,“ útskýrir Logi.

Hann kann vel við sig í Þýskalandi enda hafa íbúar Lemgo tekið honum opnum örmum. Honum lyndir vel við þjóðverja þótt að í byrjun hafi þetta ekki gengið alveg hikstalaust. „Það klikkar ekkert hjá þeim, allt eins og í draumi – hvort sem það er skólinn eða gatnakerfið. Og ég fíla þetta, þó ég sé að vísu óreglan í reglunni,“ segir Logi og rifjar upp atvik þegar hann kunnir ekki að flokka rusl. „Ég fór kannski bara með einn eða tvo poka á bensínstöðina í litla ruslið. Það var hringt í mig skömmu seinna og ég vinsamlegast bedinn um að ná í ruslið,“ segir Logi.

Í kvöld ræðst það síðan hvort íslenska landsliðið nær að tryggja sér sæti á EM 2008 í Noregi þegar liðið etur kappi við Serbíu. „Ég er hrikalega spennur fyrir leiknum. Þetta er úrslitaleikur. Fyrri hálfleikur er búinn og þeir eru einu yfir en nú tekur seinni hálfleikur við. Við eigum mikið inni og þegar við þetta bætist troðfull Höllin á 17. júní þá hef ég engar áhyggjur af þessu. Við erum hrikalega gott lið og þurfum bara að vera rétt innstilltir á þetta.“

„Það er ótrúlega innilegt að spila fyrir land og þjóð. Þetta er draumurinn,“

ust þá er ljóst að leikmaðurinn er jafn óútreiknanlegur utan vallar sem innan. „Við erum búin að vera saman í tvö ár. Ég sá hana á lengdar niðri í bæ og hringdi í hana frá Þýskalandi. Hún vissi ekkert hver ég var og hafði náttúrulega aldrei séð mig,“ segir Logi og brosir. „Ég spurði bara hvort ég mætti ekki sækja hana einhvern daginn og hún sagði að ég mætti svo sem alveg prófa það. Svo var bróðir minn að gefa mig einhverju síðar og þá eygði ég gullið tækifæri og ákvað bara að gera þetta almennilega. Ég sá þarna brúðarbilinn skreyttan á hlaðinu og ákvað bara að fá hann lánaðan og náði í hana. Það hitti í mark og við höfum verið saman síðan þá. Núna erum við

honum um nánast allt milli himins og jarðar. „Oft í viku fæ ég bréf frá sama fólkinu sem vill bara spjalla og hafa gaman og þetta er bara ég og mér er alveg sama hvað allir segja. Fyrsta árið mitt var ég líka mikið einn úti og þá var oft dauður tími og þá setti ég upp síðuna og ég hugsaði með mér að ég gæti gert góða hluti og mér finnst gaman að hrærast í þessu,“ segir Logi. „Sumir segja að ég sé bara að setja upp einhverja grímu. En ég er að hjálpa mörgum krökkum með handboltann sem eru að koma inn á síðuna mína. Ég gef mér tíma í að gefa þeim ráð enda mun ég gera það sama þegar ég fer út í viðskiptin, skoða hvað þeir sem náðu ár-



# Opið 17. júní 12 - 18 í eftir töldum búðum:

Smáratorgi, Helluhrauni í Hafnarfirði, Spöng í Grafarvogi, **EKKERT BRUÐ!**  
Holtagörðum og í Bónus á Akureyri

*Ferskir blandaðir bitar*

Blandaðir bitar  
KÍLÓVERÐ NÚ:

**298** KR.  
Merkt verð 497 KR.

**40% afsláttur**

Knorr fyrir kjúklinginn

Knorr sósa

**159** KR.  
455g

Hálfúrbeinuð skinnlaus læri

KÍLÓVERÐ NÚ:

**600** KR.  
Merkt verð 1000 KR.

**40% afsláttur**

TEX MEX vængir

KÍLÓVERÐ NÚ:

**168** KR.  
Merkt verð 280 KR.

**40% afsláttur**

BBQ leggir/læri

KÍLÓVERÐ NÚ:

**368** KR.  
Merkt verð 525 KR.

**30% afsláttur**

**6x 2 lítrar**

*Kippu tilboð!*

12 lítrar af Coca-Cola

**698** KR.  
6x 2 lítrar

Bónus kryddbringur

KÍLÓVERÐ NÚ:

**1819** KR.  
Merkt verð 2799 KR.

*Nýtt kortatímabil!*

**40% afsláttur**

10x 80g hamborgarar

**898** KR.  
Frosnir og fínir í ferðina

10x 115g hamborgarar

**1258** KR.  
Frosnir og fínir í ferðina

Einiberjalæri

KÍLÓVERÐ NÚ:

**1069** KR.  
Merkt verð 1781 KR.

5x 200g RISA hamborgarar

**1168** KR.  
Frosnir og fínir í ferðina

4 XL Bónus hamborgarabrauð

**79** KR.

# Komdu á [bonus.is](http://bonus.is)

Tilboð í TUGATALI!

Matarkarfa að upphæð 20.000 KR. dregin út í póstlistanum í hverri viku til 1. sept.!









Íslendingar til hamingju með daginn

♪

 Landsbankinn



# Krot eða skilaboð til heimsins?

Það eru skiptar skoðanir um skreytiþörf þeirra sem í vaxandi mæli setja mark sitt á umhverfi borgarinnar. Sumir tala um götulist og graffiti aðrir um skemmdarverk og veggjakrot. *Kristrún Heiða Hauksdóttir* kynnti sér ýmsar hliðar þessa deilumáls um gallerí götunnar.

**Þ**að getur verið býsna fróðlegt að fylgjast með veggjum borgarinnar. Í miðbænum eru ófá skilaboð um að Reykjavík sé langt því frá „lítill og saklaus borg“ lengur. Líkt og úti í heiminum stóra má þar sjá misfagarar áletranir og myndverk af öllum toga á útveggjum og skiltum sem sumir álíta sjálfsagðan striga fyrir sköpun sína.

Borgaryfirvöld hafa staðið í ströngu við hreinsunarstarf enda var skorin upp herör gegn allra handa óþrifnaði í borginni fyrir ekki margt löngu. Hreinsunarkostnaður borgarinnar af völdum veggjakrots hleypur á tugum milljóna og ófáir verslunar- og húseigendur í miðbænum hafa einnig kvartað undan fjár-

útlátum vegna hreinsunar á endurteknu kroti. Á dögnum samþykkti Borgarráð fjárveitingu upp á þrjátíu milljónir króna til aukinnar hreinsunar í borginni sem meðal annars verða notaðar til þess að þrifa eða mála yfir veggjakrot enda samræmist slíkt ekki núverandi stefnu borgaryfirvalda um fjölskylduvæna og hreina Reykjavík.

En hvað er veggjakrot og hvað er götulist? Líkt og oft áður er það smekksatriði hvaða hattur er hengdur á viðkomandi verk og ljóst að afar skiptar skoðanir eru um margt það sem listamenn götunnar skilja eftir sig. Það sem plagar flesta er svokallað „tagg“, stílfærðar undirskriftir einstaklinga eða hópa sem eiga rót sína í gengjameningar og átaka slíkra hópa um yfirráðasvæði. Almennir



**SEILST LENGRA** Margir graffiti-listamennanna eru þrælskólaðir í myndlist. Hér er dæmi um margbrotið verk með sterkar vísarnir. MYND/PÓRDÍS CLAESSEN



**EKKI FLÓKIÐ** Götulist er af öllum toga. Hér er dæmi um afar beitt en einföld skilaboð. MYND/PÓRDÍS CLAESSEN

borgarar hafa litlar forsendur til þess að skilja slík stríð enda eru gengi ekki áberandi í hversdagsmenningu hér á landi.

Að undanfögnu hefur meiri harka færist í þennan óformlega slag en umfjöllun um graffiti eða veggjakrot hérlendis er undantekningarlítið neikvæð. Hins vegar bendir margt til þess að skilningur almennings á þessu misþokkaða menningarfyrrbrigði sé að breytast og fleiri geri sér nú grein fyrir því að það býr fleira undir en adrenalínþörf eða at-

hyglissýki unglingsstráka. Þannig færast það í vöxt að verslunareigendur sækist eftir því að götulistamenn skreyti hús þeirra eða veggj. Myndheimur götulistarinnar er farinn að teygja sig víðar, til dæmis er oft vísað til hans í auglýsingum. Virtar stofnanir listheimsins eru farnar að sýna götulistamönnum áhuga, hinn breski Banksy selur grimmt hjá galleríum vestan hafs og hinn bandaríski Dash Snow er einnig hátt skrifaður en hann hóf sinn feril með úða-brúsa í annarri.



**PÓRDÍS CLAESSEN** er grafískur hönnuður og höfundur bókarinnar *Icepick*, yfirgrípsmikils rits um íslenska götulist. Bókin trónir nú hátt á metsölulista bókabúða enda vekur menning þessi áhuga margra, ekki síst erlendra ferðamanna.

**B**ókin var lengi í vinnslu en Þórdís safnaði efni í hana á sex ára tímabili auk þess sem hún skrifaði B.A. ritgerð sína í grafískri hönnunardeild Listaháskóla Íslands um götulist. Hún er því afar fróð um þetta efni og þróun mála undanfarin ár. Þórdís segir að víðsýni fólks sé að aukast og skilningur á því að til séu margar tegundir af graffiti og götulist. „Fólk er að átta sig á að ekki er allt hvítleitt og ljótt. Fleiri eru farnir að skilja á milli þess sem er veggjakrot, krass og eignaspjöll og þess sem er meira varið í. Skilningur hins almenna borgara er kannski sá að þegar fólk heyrir minnst á graffiti þá fær það óbragð í muninn. Maður skilur það vel því margt af því sem er í alfaraleið hér í miðbænum er krass eða „tagg“ sem er kannski ekkert æðislegt á að horfa en er engu að síður hluti af þessari menningu. Það er þar sem allir byrja - þeir sem „tagga“ hvað grimmast eru oftast þeir yngstu sem vilja verða frægir á einni nóttu.“

## Þverskurður af þjóð

Þórdís útskýrir að graffiti-listafólk sé síst einsleitur hópur heldur endurspeglir það fjölbreytileika samfélagsins. „Fólk gerir þetta á afar misjöfnum forsendum, sumir vilja virkja í sér listamanninn en aðrir koma einhverjum skilaboðum á leiðis. Í þessu ferli þegar ég vann að bókinni lærði ég margt og rak mig á ýmislegt; ég passa mig á dæma hvorki einn né neinn, mér finnst bara gaman að fylgjast með,“ segir hún og áréttar að hún sé alls ekki hvatamaður þess að allir skrifi né sérstakur talsmaður þessa hóps, hún sé áhugamanskja um þessa menningu og hafi einfaldlega ákveðið að verja ómældum hluta síns frítíma í að gera þessa bók.

Hún segir ómögulegt að áætla hversu stór hópurinn sem stundar veggjakrot eða graffiti að

staðaldri. „Ég hef kynnst ýmsum á þessari leið, yfirleitt er þetta ungt fólk undir þrítugu en svo hef ég líka verið að mynda verk eftir konu á fimmtugsaldri,“ segir Þórdís og bætir við að það sé afar forvitnilegt að sjá hvernig götulistin endurspeglar ólíka stétt og stöðu fólks og viðhorf til lífsins.

Þórdís segir að margir þeir færustu í bransanum sé skólagengnir. „Oft eru þeir beint eða óbeint með ákveðinn myndlistarbakgrunn, það leynir sér ekki að margir kunna ýmsa anatómíu, þrívíddartækni, skyggingu og hafa skilning á útfærslu myndverka.“

## Harkan að aukast

Þórdís útskýrir að meiri harka hafi færist í baráttu graffiti-listafólks á undanförunum tveimur árum. „Í gegnum árin var einn virkasti striginn fyrir götulist í nágrenni Austurbæjarskóla. Ég veit ekki á hvaða forsendum það var látið í friði en það var líkt og það væri þögult samþykki um að leyfa þeim verkum að vera og þróast og graffitíð fékk að halda sér innan þess ramma. Á síðustu tveimur árum hefur yngsti hópurinn aðeins farið yfir strikið og það var tekið hart á því - ég veit að það fór í taugarnar á þeim eldri sem



**FRÁ HLIÐARLÍNUNNI** Þórdís Claessen hefur fylgst vel með þróun götulistar hér á landi.

Þórdís gantast með ummæli um að götulist sé ásættanleg og falleg ef hún er gerð á Menningar-nótt. Það er hins vegar vonlaust að ætla að skilja á milli þess sem er smart og þess sem aðrir telja óþrifnað á meðan deilt er um jafn flæðandi hugtök og „listina“. Einnig er afar misjafnt hversu lengi verk fá að vera í friði, hvort heldur fyrir hreinsunarbilum eða öðrum iðkendum enda er það eðli miðilsins að vera forgengilegur.

„Eins og sagt er er mjög erfitt að henda einum hatti yfir allan hópinn en ég held að það sé sameiginleg ósk þeirra allra að fá löglegt svæði til að mála í friði,“ segir Þórdís. „Hér eru listamenn á ferð sem þurfa útrás eins og hver annar.

lega veggj yrði það án efa gagnlegt til að minnka spennuna sem er á milli húseigenda og götulistafólksins.“

Þórdís telur mikilvægt að horfa á málið frá sem flestum hliðum. Sjálf hefur hún margoft lent í því að krassað hefur verið á húsið hennar. „Mér finnst það ekkert flott heldur,“ segir hún sannfærandi, „ég hef alveg skilning á sjónarmiði borgaryfirvalda líka.“

Hins vegar hafa aðgerðir þeirra að undanförunni virkað eins og olía á eld. „Þetta er víthringur. Þeir eru bara að búa til hvítt ferskt svæði fyrir þann næsta.“

## Yfirlýst gallerí

Þórdís nefnir að hún sé oft spurð af erlendum ferðamönnum hvar hinn íslenski „wall of fame“ sé því víða erlendis séu til ákveðin svæði innan borgarinnar þar sem sjá má rjómann af götulist hverrar borgar er nokkurs konar lifandi gallerí. Ég myndi beina því til borgaryfirvalda að íhuga að koma upp slíku svæði hér. Þetta krot og krass hverfur aldrei en það er spurning hvort ekki sé hægt að beina þessu í annan farveg.“

Þórdís áréttar að lokum að enginn vinni í stríði en hins vegar megi virkja hinn jákvæða sköpunarkraft sem götulistamenn hafa fram að færa.

## LÖGREGLUMÁL

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefur tilkynningum vegna veggjakrots fjölgað verulega milli ára. Þó ber að hafa í huga að nokkur fjöldi mála er ekki flokkaður nánar og má vera að í kjölfar aukinnar umræðu hafi skráning slíkra mála orðið nákvæmari.

Það sem af er þessu ári hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu skráð 260 brot sem tengjast veggjakroti en allt árið í fyrra voru skráð 174 brot af því tagi. Þar ber að hafa í huga að fjöldi óflokkaðra mála er tengjast eignaspjöllum voru mun fleiri í fyrra en nú.

Ef horft er til tímabilsins frá janúar til loka maí skráir lögreglan 66 mál er tengjast veggjakroti í fyrra en rúmlega þrisvar sinnum fleiri á þessu ári eða 227 talsins.

Árið 2006 var 51 einstaklingur kærður vegna veggjakrots og það sem af er þessu ári hafa 43 einstaklingar verið kærðir. Hafa ber í huga að oft er fleiri en einn einstaklingur kærður fyrir hvert brot.

Á fyrstu fimm mánuðum ársins 2006 voru 22 einstaklingar kærðir vegna veggjakrots en á fyrstu fimm mánuðum þessa árs hafa 32 einstaklingar verið kærðir þannig að kærðum fjölga ekki jafn mikið og tilkynningum.

Þeir sem hafa verið kærðir fyrir veggjakrot á þessu ári og því síðasta eru í langflestum tilvikum karlar eða 97 prósent, flestir á aldrinum fimmtán til sautján ára eða 47 prósent.

“Ég held að það sé sameiginleg ósk þeirra allra að fá löglegt svæði til að mála í friði.


hefðu kosið að halda í þessa veggj og fá að stunda sína listsköpun í sátt.“

## Sitt er hvað...

Það gætir ákveðins tvískinnungs í umræðunni um götulist því margir eru hrifnir af þeirri list sem gerð er með „leyfi“ húseigenda.

Gallerí götunnar er í opinberu rými og það vita allir að veggjakrot getur verið mjög hvítleitt og beinlínis pirrandi en ef borgaryfirvöld myndu til dæmis kjósa að fara einhvern meðalveg og verja einum fimmtugasta af þeim þingum sem þeir eyða í þetta stríð gegn veggjakroti í að útbúa lög-





## SÖLUMAÐUR / RAFVIRKI

- » **Starfssvið:**
  - > Almenn sölustörf
  - > Tilboðsgerð
  - > Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini.
- » **Hæfniskröfur:**
  - > Lönmenntun á rafmagnssviði æskileg
  - > Reynsla í rafvirkjun eða úr sambærilegu starfi
  - > Hæfni í mannlegum samskiptum.
  - > Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem fellur að góðri liðsheild fyrirtækisins.

Umsóknir óskast sendar til **Ískrafts**, Smiðjuvegur 5, 200 Kópavogur, fyrir 24. júní 2007.  
Upplýsingar veitir Jón Sverrir Sverrisson, netfang: [jon@iskraft.is](mailto:jon@iskraft.is). Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál.

Ískraft er rafviðnáðarheildsala og leiðandi á því sviði á íslenskum markaði. Fyrirtækið hefur starfað síðan 1975. Ískraft rekur alls þrjár starfsstöðvar, í Kópavogi, á Akureyri og Egilsstöðum. Starfsmenn eru samtals 32.



## Starfsmaður í framlínu

Við hjá Atlantsólíu leitum að kröftugum, stundvísnum og nákvæmum aðila til að efla framlínu okkar.

Í starfinu felst:

- móttaka viðskiptavina
- skráning Dælulykla
- önnur tilfallandi verkefni

Starfið gæti hentað einstaklingi sem er að ljúka námi úr framhaldsskóla. Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

### Fyrirtækið

Atlantsólía var stofnað á vormánuðum 2002 og hóf að selja bensín til almennings 8. janúar 2004. Fyrirtækið rekur 10 bensínstöðvar ásamt því að veita verktökum og skipaútgerðum eldsneytisþjónustu. Hjá fyrirtækinu starfa 20 manns. Atlantsólía hefur verið í fararbroddi með nýjungar hér á landi með innleiðingu Dælulykla.

Atlantsólía er reyklus vinnustaður.

Umsjón með starfinu hefur Hugi Hreiðarsson. Umsóknir sendist fyrir fimmtudaginn **21. júní** á netfangið: [hugi@atlantsolia.is](mailto:hugi@atlantsolia.is)



Atlantsólía - Lönsbraut 2 - 220 Hafnarfjörður - Sími 591 3100 - [www.atlantsolia.is](http://www.atlantsolia.is)

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**



Hlutverk Hagstofu Íslands er að veita tölfræðilegar upplýsingar um þjóðfélagsleg málefni og tryggja að áreiðanleiki og óhlutdrægni séu í fyrirrúmi í opinberri hagskýrslugerð. Hagstofa Íslands gegnir forystuhlutverki í opinberri hagskýrslugerð og mikill metnaður einkennir starf sem þar fer fram. Alþjóðlegt samstarf er öflugt og þróunarvinna skipar veglegan sess. Starfsfólk Hagstofunnar vinnur að gerð hagskýrslna og miðlar þeim til almennings, atvinnulífs og stjórnvalda.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.hagstofan.is](http://www.hagstofan.is)

## SÉRFRÆÐINGUR Í VÍSITÖLUDEILD

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í Vísitöludeild.

**Starfið felur í sér** krefjandi og áhugaverð verkefni við gagnasöfnun, úrvinnslu gagna, greiningu og miðlun upplýsinga um vísitölu byggingarkostnaðar og alþjóðaverðsambanburð á byggingum. Mikilvægur þáttur í starfinu er þróun aðferða.

Vísitöludeild sér um útreikning á vísitölu neysluverðs, vísitölu framleiðsluverðs, vísitölu byggingarkostnaðar, alþjóðlegum verðsambanburði og úrvinnslu á gögnum útgjaldarannsóknar Hagstofunnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur** eru háskólapróf í tæknifræði, verkfræði, hagfræði eða sambærileg menntun. Reynsla af greiningu og framsetningu tölulegra upplýsinga er kostur. Umsækjandi þarf að hafa góða samskiptahæfileika, sýna frumkvæði, vera nákvæmur og skipulagður.

**Í boði er** krefjandi og spennandi starf í góðu vinnuumhverfi á fjölskylduvænum vinnustað.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir ([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)) og Guðríður D. Hálfðanardóttir ([guðridur.halfdanardottir@capacent.is](mailto:guðridur.halfdanardottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Hvað er að fréttta?  
Með púlsinn á markaðnum alla daga.

[www.visir.is](http://www.visir.is)



visir  
Fyrstur með fréttirnar!



# SJÁLFASTÆTT FÓLK

## Sölustarf - Markaðsfyrirtæki á matvælasviði

Þekkt og öflugt markaðsfyrirtæki á matvælasviði óskar eftir að ráða drifandi einstakling í sölustarf. Helstu verkefni eru sala og þjónusta við viðskiptavinum gegnum síma, móttaka pantana, tilfallandi innkaupaverkefni auk annarra starfa sem til falla í söludeild. Leitað er að einstaklingi með reynslu af sölu- eða þjónustustörfum og góða tölvufærni (Excel, Navision). Viðkomandi verður að vera skipulagður, sjálfstæður, metnaðarfullur og geta unnið í hópi. Æskilegt er að störf gætu hafist sem fyrst. Starf nr. 070613-05.

## Verkefnastjóri - Tæknifræðingur

Öflugt byggingarfyrirtæki óskar eftir að ráða verkefnastjóra til að taka þátt í spennandi verkefnum. Helstu verkefni eru að vera með yfirumsjón með framkvæmdum sem fyrirtækið er að sinna. Æskilegt er að viðkomandi sé með tæknimenntun eða sambærilega menntun, tæknifræði mikill kostur. Reyndsla af svipuðum störfum æskileg. Starf nr. 070615-10.

## Vefforritari

Öflugt tækni- og þróunarfyrirtæki leitar að öflugum forritara til starfa. Í boði eru fjölbreytt, skemmtileg og krefjandi verkefni. Um er að ræða forritun á vefsvæðum og þróun og hönnun á lausnum fyrirtækisins. Viðkomandi verður að hafa lokið háskólaprófi í tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærilegu. Þekking á gagnagrunnsforritum á borð við MS-SQL eða T-SQL Einnig er þekking á TCP/IP staðlinum mikill kostur. Viðkomandi verður að búa yfir miklu frumkvæði sem og sjálfstæði í vinnubrögðum. Í boði eru góð laun og mjög skemmtilegt vinnuumhverfi. Starf nr. 070615-12.

## Rafeindavirki

Spennandi hátæknifyrirtæki sem er mikið í þróun og hönnun á rafbúnaði leitar að rafeindavirkja til að sinna samsetningu og prófunum. Um er að ræða mjög skemmtilegt og krefjandi starf fyrir réttan aðila. Reyndsla er kostur en ekki skilyrði. Lögð er mikil áhersla á vönduð vinnubrögð og samvirkusemi. Góð enskukunnátta er æskileg. Starf nr. 070615-06.

## Rafmagnsverkfræðingur- Rafmagnstæknifræðingur

Hátæknifyrirtæki leitar að aðila til að koma til starfa hjá öflugum sérfræðingahóp fyrirtækisins. Helstu verkefni eru prófanir og þróun á rafbúnaði, skynjurum og öðrum búnaði. Gerð er krafa um að viðkomandi hafi lokið rafmagnsverkfræði, rafmagnstæknifræði eða sambærilegu námi. Leitað er að aðila sem býr yfir frumkvæði og er mjög skipulagður í vinnubrögðum. Lögð er mikil áhersla á vönduð vinnubrögð og samvirkusemi. Góð enskukunnátta er skilyrði. Miklir möguleikar eru á starfsþróun fyrir réttan aðila. Starf nr. 070615-08.

## Bókari og launafulltrúi - Reykjavík og Akureyri

Grófargil óskar eftir að ráða bókara á starfsstöðvar sínar í Reykjavík og á Akureyri. Viðkomandi aðili þarf að hafa reynslu af bókhaldsstörfum. Þá er einnig gerð krafa um sjálfstæð og öguð vinnubrögð sem og góða hæfileika í mannlegum samskiptum. Starf nr. 070615-20. Einnig óskar fyrirtækið eftir að ráða til sín launafulltrúa á starfsstöð sína á Akureyri. Launafulltrúi sér um alla launavinnslu og vinnu því tengdu. Reyndsla af sambærilegum störfum er áskilin. Viðkomandi þarf að búa yfir miklu sjálfstæði og geta unnið undir álagi ásamt því að viðhafa öguð vinnubrögð í hvívetna. Einnig er gerð krafa um frumkvæði, þjónustulund, áhuga á verkefnum og frammúrskarandi samskiptahæfileika. Starf nr. 070615-24.

## Ferðaritari

Leiðandi fyrirtæki á sínum vettvangi óskar eftir að ráða til sín ferðaritara. Starfið felur m.a. í sér að bóka og skipuleggja flug og gistingu starfsmanna og öðru því sem tengist ferðalögum þeirra á vegum fyrirtækisins. Mikill kostur ef viðkomandi hefur reynslu af því að vinna á ferðaskrifstofu eða sambærilegu starfi. Góð enskukunnátta er skilyrði og mikill kostur ef viðkomandi hefur reynslu af Amadeus bókunarkerfinu. Starf nr. 070615-19.

## Microsoft snillingur

Öflugt ráðgjafafyrirtæki óskar eftir að ráða sérfræðinga í Microsoft lausnum. Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu og reynslu á Microsoft Active Directory, Exchange og SQL. Góð þekking á SharePoint, Microsoft CRM og Biztalk er mikill kostur. Áhugi á unified communications er mikill styrkur, auk þess sem háskólamenntun er kostur. MCSA og eða MCSE er krafa og góðir samskiptahæfileikar skilyrði. Mjög góð kjör eru í boði fyrir réttan einstakling. Starf nr. 070612-01.

## Verkstjóri á byggingastað

Öflugt byggingarfyrirtæki vantar að ráða til sín verkstjóra á byggingarstað. Um krefjandi og skemmtilegt starf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi sé með meistaraþróf í trésmíði eða sambærilegt þróf á byggingarsviði. Viðkomandi verður að vera vanur að stjórna, nauðsynlegt er að vera með góða skipulags- hæfileika og að vera sterkur í mannlegum samskiptum. Starf nr.070615-11.

## Bakvinnsla í fjármálafyrirtæki

Umsvifamikið fjármálafyrirtæki óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áreiðanlegan einstakling til starfa í bakvinnslu. Helstu verkefni eru m.a. dagleg vinnsla markaðsviðskipta, skráning, frágangur verðbréfavíðskipta, afstemmingar og skil til Kauphallar. Skilyrði er að viðkomandi sé töluglögur og nákvæmur í vinnubrögðum. Reyndsla af bankastörfum kostur en ekki skilyrði. Mikilvægt er að viðkomandi sé álagspolinn, sveigjanlegur og sterkur í samskiptum. Viðkomandi verður að geta byrjað sem allra fyrst. Starf nr. 070615-05.

## Bókarar

Vegna mikillar eftirspurnar leitum við að bókurum fyrir viðskiptavinum okkar. Annars vegar leitum við að reynslumiklum aðilum í yfirgripsmikil bókhaldsstörf þar sem viðkomandi getur skilað fullunnu bókhaldi til endurskoðanda. Einnig leitum við að aðilum í almenna færslu bókhalds og tengd verkefni. Starf nr. 070615-07

## Forritari - Verkefnastjóri

Fasteignamat ríkisins auglýsir eftir starfsmanni í starfsstöð sína á Akureyri. Starfið felst í verkefnastjórnun, samskiptum og forritun tengt landupplýsingum og vinnslu þeirra. Mikið er unnið með landfræðilega gagnagrunna og vefþjónustu þeim tengdum en einkum er forritað í .Net, C# og XML. Gerð er krafa um háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði, landfræði eða sambærilega menntun. Reyndsla af hlutbundinni forritun er mjög æskileg. Viðkomandi þarf að búa yfir frumkvæði og getu til að vinna sjálfstætt, nákvæmni og skipulagni í vinnubrögðum. Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað sem fyrst. Starf nr. 070516-01.

## Reynslumikill bókarari 70-100% starf

Öflugt fyrirtæki óskar eftir að ráða sterka bókhaldsmanneskju til starfa. Viðkomandi aðili mun sjá um færslu fjárhags-, viðskiptamanna og lánadrottnabókhalds og þarf að geta skilað bókhaldi fullunnu til endurskoðanda. Auk þess sér viðkomandi um reikningagerð, uppgjör og önnur verkefni. Bókhaldsþekking er skilyrði og háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærileg menntun er æskileg. Þekking á Excel töflureikni og Navision bókhaldskerfi er áskilin. Auk þess verður viðkomandi að hafa góða enskukunnátta auk þess að viðhafa öguð vinnubrögð og geta unnið sjálfstætt. Þá er einnig gerð krafa um góða samskiptahæfileika. Starf nr. 070525-16.

## Verkefnastjóri - Eftirlitsmaður

Verk og tækniþjónusta Sigurðar Þórs óskar eftir að ráða inn aðila til að sinna eftirlitsstörfum og einnig til að sinna verkefnastjórnun á framkvæmdastað. Helstu verkefni eru að sinna gæða og kostnaðareftirliti með byggingarframkvæmdum einnig sinnir viðkomandi daglegu eftirliti á verkstað. Gerð er krafa um að viðkomandi hafi lokið iðnmenntun. Iðnfræðimenntun eða meistaraþróf er mikill kostur. Algjört skilyrði er að viðkomandi hafi mikla reynslu af byggingaframkvæmdum, einnig er reynsla af verkefnastjórnun og eftirliti mikill kostur. Viðkomandi aðili verður að vera vandvirkur og ákveðinn. Einnig verður hann að búa yfir góðum samskiptahæfileikum og að vera stundvís og heiðarlegur. Starf nr. 070615-14.

Umsóknarfrestur er til og með 24. júní nk.  
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfina á [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000 | [www.capacent.is](http://www.capacent.is)





Landsnet stýrir rekstri og uppbyggingu flutningskerfis raforku. Til flutningskerfis Landsnets teljast allar línur sem eru með 66 kV spennu og hærri, auk nokkurra 33 kV lína.

Landsnet annast jafnframt kerfisstjórn og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi.

Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðshéild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.

# RAFMAGNSVERKFRÆÐINGUR- RAFMAGNSTÆKNIFRÆÐINGUR

Landsnet hf. leitar að rafmagnsverkfræðingi/-tæknifræðingi til starfa í stjórnstöð kerfisstjórnar og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Meginhlutverk kerfisstjórnar** er að stjórna rekstri raforkukerfisins frá stjórnstöð fyrirtækisins við Bústaðaveg. Auk þess gerir kerfisstjórn þær áætlanir sem þarf vegna reksturs kerfisins og sér um viðhald þeirra kerfa sem tilheyra starfseminni.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði á sterkstraumssviði
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Samstarfshæfileikar

#### Helstu starfsþættir

- Þátttaka í fjargæslu og stjórnun raforkukerfis
- Áætlanagerð vegna reksturs raforkukerfis
- Kerfisgreining með notkun reiknilíkana
- Tæknilegar úttektir o.fl.

#### Í boði er:

- Fjölbreytt verkefni í góðum hópi sérfræðinga
- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar
- Fjölskylduvænt starfsumhverfi

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

## Tækifæri hjá Alcoa Fjarðaáli

### Upp á hvað hefur Alcoa Fjarðaál að bjóða sem framtíðarvinnustaður?

#### Áhugaverð störf í hvetjandi umhverfi

Störfin í álverinu eru fjölbreytt og örugg. Vinnustaðurinn er hannaður með það í huga að öll störf henti jafnt konum sem körlum. Unnið er í teyllum og mikið er lagt upp úr góðum starfsanda. Starfsumhverfið býður víðtæka þjálfun, meðal annars á ýmiss konar farartæki og tölvubúnað. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvída fleiri.

#### Góð laun og gott vinnufyrirkomulag

Byrjunarlaun framleiðslustarfsmanna eru frá 3.739.000 kr. á ári, miðað við 15 tólf tíma vaktir á mánuði og 15% árangursávinning, sem jafngildir 312.000 kr. á mánuði.

Byrjunarlaun iðnaðarmanns með réttindi eru frá 5.401.253 kr. á ári, miðað við 15 tólf tíma vaktir á mánuði og 15% árangursávinning. Það jafngildir 433.000 kr. á mánuði fyrir 40 stunda meðaltalsvinnuviku. Vaktafyrirkomulagið veitir góða möguleika á aukavöktum og viðbótar-tekjum fyrir þá sem óska þess.

#### Fríar ferðir, fæði og klæði

Fjarðaál býður upp á rútuferðir frá Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði, Neskaupstað og Egilsstöðum. Starfsmenn

fá hollar og góðar máltíðir í glæsilegu mótuneyti. Fyrirtækið útvegar og þvær allan vinnufatnað starfsmönnum að kostnaðarlausu.

#### Heilbrigði og velferð

Fjarðaál greiðir hverjum starfsmanni 12.000 kr. líkamsræktarstyrk árlega og leigir tvo tíma á viku fyrir starfsmenn í Fjarðabyggðarhöllinni. Iðjuþjálfari leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu og nuddari heim-sækir vinnustaðinn tvisvar í viku. Starfsmenn hafa greiðan aðgang að öflugri velferðarþjónustu sem nær meðal annars til lækniþjónustu og ráðgjafar á ýmsum sviðum.

#### Kostnaðarlaus og auðveldur flutningur inn á svæðið

Þurfi starfsmaður að flytja inn á svæðið úr meira en 100 km fjarlægð frá vinnustaðnum greiðir Fjarðaál kostnað við kaup og sölu fasteigna, svo sem sölulaun, lántökugjald og stimpilgjöld. Fyrirtækið sér um að pakka búslóð, flytja hana og koma fyrir á nýju heimili. Með fyrsta launaseðli fær starfsmaður 200.000 kr. greiðslu til að koma sér fyrir á svæðinu. Fyrirtækið aðstoðar einnig nýja íbúa á svæðinu við að leigja húsnæði. Starfsmenn fá jafnframt tiltekinn fjölda flugmiða með Flugfélagi Íslands á mjög hagstæðum kjörum.

capacent  
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent (sigurlaug@capacent.is eða í síma 540-7117) eða skrá umsókn þína á [www.capacent.is](http://www.capacent.is) og haft verður samband við þig.

[www.alcoa.is](http://www.alcoa.is)

Alcoa Fjarðaál



## GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000





# METNAÐARFULL OG ÖGRANDI TÆKIFÆRI

Teris er framsækið upplýsingatæknifyrirtæki og leiðandi í þjónustu við fyrirtæki á fjármálamarkaði. Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar heildarlausnir og vera upplýsingatæknisvið þeirra. Meðal viðskiptavina Teris eru sparisjóðirnir, bankar og önnur fjármálafyrirtæki á Íslandi. Fyrirtækið er vottað samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO/IEC 27001:2005 um stjórnun upplýsingaöryggis.

Forveri Teris, Tölvumiðstöð sparisjóðanna, var stofnuð í mars 1989. Í mars 2007 var nafni fyrirtækisins breytt í Teris og sama mánuð fór starfsmannafjöldinn yfir 100. Fyrirtækið er á meðal stærstu upplýsingatæknifyrirtækja landsins. Teris er þekkingarfyrirtæki og starfsmenn því mikilvægasta auðlindin. Ánægja og vellíðan starfsmanna er mjög mikilvægur þáttur í starfsemi. Aðbúnaður starfsmanna er mjög góður og fyrirtækið býður uppá sveigjanleika þar sem því er við komið. Sjá nánar um fyrirtækið á vefslóðinni: [www.teris.is](http://www.teris.is)

Vegna stækkunar og aukinna verkefna óskar Teris eftir að ráða í eftirtalin störf:

## Forstöðumaður kortalausna

Svið – Viðskiptabankalausnir

Vörur tengdar kortalausnum fara ört vaxandi í vöruflóru Teris. Starfið felst í mótun vöruframboðs á því sviði. Viðkomandi starfsmaður mun sjá um sölu- og kynningarmál ásamt ráðgjöf varðandi upplýsingatækni. Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun á sviði verkfræði, viðskiptafræði eða upplýsingatækni. Þekking og reynsla af kortamálum er æskileg ásamt reynslu af stjórnun. Góð enskukunnátta er krafa. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður og hugmyndaríkur í starfi og eiga auðvelt með samskipti. Nánari upplýsingar veitir Sigurborg Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri í síma 897 6339.

## Vörustjóri veflausna

Svið – Viðskiptabankalausnir

Leitað er að starfsmanni til að hafa yfirumsjón með þeim veflausnum sem Teris býður sínum viðskiptavinum. Starfið felst í vöruþróun á sviði veflausna, verkefnastjórnun, þarfagreiningu og kynningu og sölu á veflausnum. Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun á sviði verkfræði, viðskiptafræði eða upplýsingatækni. Þekking og reynsla af vefmálum er æskileg. Gott vald á íslensku er krafa og góð enskukunnátta er æskileg. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður og hugmyndaríkur í starfi og eiga gott með að vinna með öðrum. Nánari upplýsingar veitir Sigurborg Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri í síma 897 6339.

## Viðskiptastjóri

Svið – Viðskiptaþjónusta og markaðsmál

Starfið felst í fjölbreyttri ráðgjöf til viðskiptavina varðandi upplýsingatækni, þarfagreiningu verkefna, markaðssetningu á þjónustu Teris sem og öðrum verkefnum. Viðskiptastjóri sinnir verkefnastjórn og gætir hagsmuna viðskiptavina innan Teris. Við leitum að aðila sem hefura háskólamenntun á sviði upplýsingatækni, verkfræði eða viðskiptafræði. Þekking og reynsla af almennri starfsemi fjármálafyrirtækja er æskileg. Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði sem og reynsla af verkefnastjórnun. Gerð er krafa um góða íslenskukunnátta og góð enskukunnátta er æskileg. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður og hugmyndaríkur í starfi og eiga gott með að vinna með öðrum. Nánari upplýsingar veitir Hrannar M. Hallkelsson framkvæmdastjóri í síma 897 6840.

## Vöru- og verkefnastjóri

Svið – Fjárfestingabankalausnir

Leitað er að starfsmanni til að hafa yfirumsjón með lausnum á sviði markaðsviðskipta, fjár- og áhættustýringum og einkabankþjónustu. Helstu verkefni eru vöruþróun, verkefnastjórnun, þarfagreiningar og sölu- og kynningarmál. Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, verkfræði eða upplýsingatækni. Þekking og reynsla af starfsemi verðbréfafyrirtækja eða fjárfestingabanka er æskileg. Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði sem og reynsla af verkefnastjórnun. Gerð er krafa um góða íslenskukunnátta og góð enskukunnátta er æskileg. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður og hugmyndaríkur í starfi og tilbúinn til að takast á við spennandi verkefni á ört vaxandi sviði fjármála. Nánari upplýsingar veitir Ingþór Júlíusson framkvæmdastjóri í síma 868 2892.

## Vörustjóri kjarnalausna


Svið – Viðskiptabankalausnir

Leitað er að starfsmanni til að hafa umsjón með lausnum á sviði innlána, útlána og annarra kjarnalausna Teris. Helstu verkefni eru vöruþróun, verkefnastjórnun, þarfagreiningar og sölu- og kynningarmál. Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, verkfræði eða upplýsingatækni. Þekking og reynsla af starfsemi fjármálafyrirtækja er æskileg. Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði sem og reynsla af verkefnastjórnun. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður og hugmyndaríkur í starfi. Nánari upplýsingar veitir Sigurborg Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri í síma 897 6339.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir ([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)) og Guðríður D. Hálfðanardóttir ([guðridur.halfdanardottir@capacent.is](mailto:guðridur.halfdanardottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9, á [bylgjan.is](http://bylgjan.is) og Digital Íslandi.

**GULL  
BYLGJAN**  
909  
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!





## ВЫ ЗАИНТЕРЕСОВАНЫ РАБОТАТЬ В МЕЖДУНАРОДНОЙ КОМПАНИИ?

...eða með öðrum orðum hefur þú áhuga á að starfa  
á alþjóðlegum vettvangi?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðbúnir að taka áskorunum með það að markmiði að "koma Actavis" í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingum til starfa sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni.

### Sérfræðingur í skráningadeild

Starfið tilheyrir þróunarsviði Actavis Group og felur í sér ráðgjöf í tengslum við þróunarverkefni, samantekt skráningargagna fyrir ný lyf þróuð á Íslandi til markaðssetningar á markaði Evrópusambandsins og víðar, uppfærslur á skráningargögnum, ásamt því að svara athugasemdum og anmarkabréfum yfirvalda. Einnig er um að ræða samskipti við viðskiptavinum og skráningaryfirvöld um tæknileg atriði er snerta skráningarmál og upplýsingagjöf um skráningargögn til annarra deilda fyrirtækisins.

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf á sviði raunvísinda, s.s. lyfjafræði, matvælafræði eða sambærilegri menntun. Gerð er krafa um nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð.

### Verkefnastjóri í skráningaferladeild

Starfið tilheyrir skráningarsviði Actavis Group og felur í sér undirbúning og innsendingu skráningarumsókna innan Evrópusambandsins. Verkefnastjóri tekur þátt í mótun skráningarstefnu og ber ábyrgð á sínum verkefnum þar til markaðsleyfi fæst. Um er að ræða mikil samskipti við evrópskar lyfjastofnanir, ráðgjafa og viðskiptavinum.

Við leitum að einstaklingi með háskólanám á sviði raunvísinda. Gerð er krafa um nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.

### Sérfræðingur í þróunardeild mæliaðferða

Starfið tilheyrir þróunarsviði Actavis Group og felur í sér þróun og gildingar á mæliaðferðum sem nota á við losun á framleiðsluvörum á markað. Þessar aðferðir eru einnig notaðar við þróun á nýjum lyfjaformum hjá fyrirtækinu til að meta hvort tilraunalotur í nýjum verkefnum séu sambærilegar að gæðum eins og frumlyf sem þegar eru á markaði. Starfið er sambland af verklegri vinnu inni á rannsóknarstofu, úrvinnslu á gögnum og skýrslugerð.

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf á sviði raunvísinda, nauðsynlegt að hafa góðan grunn í efnafræði og efnagreiningu. Starfsreynsla af rannsóknarvinnu þar sem krafist er nákvæmni og staðlaðra vinnubragða við öflunar og úrvinnslu gagna kostur.

### Verkefnastjóri í skráningadeild fyrir eigin vörumerki

Starfið tilheyrir skráningarsviði Actavis Group og felur í sér undirbúning við innsendingu skráningarumsókna í nafni Actavis innan og utan Evrópusambandsins. Í því felst m.a. að útvega skráningargögn, vottorð og fleiri stuðningsgögn sem fylgja þurfa umsóknum. Verkefnastjóri er í miklum samskiptum við skráningarfólk Actavis víðs vegar um heiminn, safnar saman upplýsingum um skráningastöðu verkefna og styður við skipulagningu á markaðssetningu nýrra vara.

Við leitum að einstaklingi með háskólanám á sviði raunvísinda. Gerð er krafa um nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Reynsla af skráningavinnu er kostur.

### Sérfræðingur í lyfjapróun

Starfið tilheyrir þróunarsviði Actavis Group og felur í sér að annast verkþætti og verkstjórn er tengjast lyfjapróunarkerfum fyrirtækisins með sérstaka áherslu á efnafræðileg úrlausnarefni. Jafnframt annast viðkomandi skipulagningu og framkvæmd tilrauna, úrvinnslu á gögnum, skýrslugerð og ritun skjala í gæðakerfi fyrirtækisins.

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf í efnafræði og reynslu af rannsóknum. Kostur ef viðkomandi hefur reynslu af lyfjaiðnaði og þekkingu á gæðastjórnun. Gerð er krafa um nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Reynsla af verkefnastjórnun æskileg.

### Sérfræðingur í breytingaumsóknum

Starfið tilheyrir þróunarsviði Actavis Group og felur í sér skipulagningu breytingaumsókna er varða flutning á framleiðslu lyfja á milli framleiðslustaða, gæðalýsingu á lokaafurð ásamt fleiri breytingum og uppfæra skráningagögn í samræmi við breytingaumsóknir. Um er að ræða upplýsinga- og ráðgjöf er varða breytingaumsóknir sem og mikil samskipti við erlenda viðskiptavinum, lyfjafyrirvöld og aðrar deildir/dótturfyrirtæki Actavis.

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf á sviði raunvísinda. Gerð er krafa um nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Auk þess er gerð krafa um mjög góða ensku- og tölvukunnáttu.

### Sérfræðingur á markaðssviði

Starfið tilheyrir markaðssviði Actavis Group. Markaðsfulltrúi er meðlimur í teymi sem ber ábyrgð á markaðssetningu lyfja hjá Actavis á Íslandi. Starfið felur í sér kynningar á lyfjum og samskipti við heilbrigðisstarfsfólk. Viðkomandi ber ábyrgð á markaðsáætlunum og kynningum fyrir ákveðin lyfseðilskyld lyf. Starfið felur einnig í sér gerð kynningar- og fræðsluefnis ásamt öðrum verkefnum á sviði markaðsmála.

Við leitum að einstaklingi með háskólamenntun í lyfjafræði og/eða reynslu af lyfjakynningum. Gerð er krafa um góða íslensku- og enskukunnáttu sem og góða almenna tölvukunnáttu.

### Starfsmaður í geymslupolsdeild

Starfið tilheyrir þróunarsviði Actavis Group og felur í sér gerð geymslupolsáætla og geymslupolsforskrifta fyrir lyf sem framleidd eru á Íslandi. Starfið felur jafnframt í sér að hefja geymslupolsprófanir, senda sýni í rannsókn á tilskyldum tíma, útbúa fylgiskjöl og senda sýni til starfsstöðva Actavis í öðrum löndum vegna geymslupolsmælinga sem fram fara þar.

Við leitum að einstaklingi með stúdentspróf eða sambærilega menntun. Gerð er krafa um nákvæm, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð.

### Krefjandi störf hjá framsæknu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi



Medis er eitt af dótturfyrirtækjum Actavis Group og annast sölu á lyfjum og lyfjahugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja sem selja lyf undir eigin vörumerkjum. Á meðal viðskiptavina Medis eru öll stærstu samheitalyfjafyrirtæki í Evrópu. Hjá Medis er stefnt að því að vera fyrst á markað með ný samheitalyf um leið og einkaleyfi falla úr gildi.

### Sérfræðingur - Business Development

Starfið felur í sér sölu og samningagerð á lyfjatengdu hugviti og lyfjum til viðskiptavina Medis erlendis, samskipti við umboðsmenn og dótturfélög erlendis, tilboðsgerð og samskipti við viðskiptavinum og leit að nýjum viðskiptatækifærum.

Við leitum að einstaklingi með háskólamenntun á sviði lyfjavísinda eða hliðstæða menntun, starfsreynsla á sviði samningagerða og krefjandi samskipta er kostur.

### Sérfræðingur - Customer Service

Starfið felur í sér samskipti við erlenda viðskiptavinum vegna vörusölu, þ.e. móttaka og afgreiðsla pantana, ásamt tilheyrandi eftirfylgni og stuðningi við viðskiptavinum og framleiðslueiningar Actavis.

Við leitum að einstaklingi með háskólamenntun, mjög góða enskukunnáttu bæði í töluðu og rituðu máli, þekking á fleiri tungumálum er kostur. Gerð er krafa um nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð.

### Verkefnastjóri - Launch Coordination

Starfið felst í að tryggja að innleiðing vara á markað sé á réttum tíma og leggja áherslu á innleiðingu eldri vara á nýja markaði. Starfið felst aðallega í skipulagningu á innleiðingu nýrra vara, að hafa yfirsýn yfir stöðu mála, eftirfylgni verkefna og samskipti við erlenda viðskiptavinum, framleiðslueiningar Actavis og aðrar deildir innan fyrirtækisins.

Við leitum að einstaklingi með háskólamenntun sem er skipulagður og góður að vinna í hóp. Gerð er krafa um nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð.

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:

- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu, því í sameiningu komumst við lengra en við getum ein
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur nægjan sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Nánari upplýsingar veitir **Erla Hrönn Diðriksdóttir, edidriksdottir@actavis.com.**

Umsóknir óskast fylltar út á [www.actavis.is](http://www.actavis.is), undir **Störf í boði** fyrir **24. júní n.k.**

Actavis Group hf. Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði s 535 2300 f 535 2301 @ actavis@actavis.com w www.actavis.com







## Verkefnastjóri Markaðsdeildar



❖ **Húsasmiðjan óskar eftir að ráða starfsmann í fast starf í markaðsdeild fyrirtækisins. Um afar spennandi og krefjandi starf er að ræða.**

Í boði er tækifæri til að taka þátt í spennandi uppbyggingarstarfi í Húsasmiðjunni. Viðkomandi yrði staðsettur á aðalskrifstofum Húsasmiðjunnar í Holtagörðum við Holtaveg í Reykjavík.

Starfið er afar fjölbreytt og má þar helst nefna markmiðasetningu, uppsetningu áætlaða, uppsetningu aðgerðaráætlaða við stórnotendur og eftirfylgni.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði markaðsmála og/eða reynsla æskileg
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Metnaður til að ná árangri
- Geta starfað undir miklu álagi
- Viðkomandi þarf að geta talað og skrifað ensku
- Almenn kurteisi

#### Um Húsasmiðjuna

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluadili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru 21 á landsvisu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólinum yfir 100.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

[www.husa.is](http://www.husa.is)

Umsóknir berist fyrir 25 júní n.k. til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttur, [guðrunk@husa.is](mailto:guðrunk@husa.is), á aðalskrifstofu Húsasmiðjunnar í Holtagörðum við Holtaveg, 104 Reykjavík. Öllum umsóknum verður svarað skriflega fyrir miðjan júlí.



**HÚSASMIÐJAN**  
...ekkert mál



**TÆKNIFRÆÐINGUR  
/VERKFRÆÐINGUR TÆKNISTARF  
HJÁ FRAMKVÆMDA-  
OG VEITUSVIÐI ÁRBORGAR**

Framkvæmda- og veitusvið Árborgar óskar eftir að ráða tæknifræðing eða verkfræðing til starfa sem fyrst. Starfið heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Meðal verkefna eru:

- Ýmis verkfræðileg úrvinnsla á sviði gatnagerðar, veitna og mannvirkjagerðar
- Undirbúa og hafa umsjón og eftirlit með framkvæmdum
- Efla notkun Landupplýsingakerfis
- Stýra hópvinnu við úrlausn stærri verkefna
- Vinna að eflingu innri gæðakerfa og þjónustu sviðsins
- Hagnýta kosti verkefnisstjórnunar í verkefnum rekstrar-sviðsins

Áhersla er lögð á að umsækjandi sé duglegur og hafi áhuga á að veita skjóta og trausta þjónustu.

#### Æskileg menntun og reynsla:

- BS-tæknifræði/verkfræðinám
- Reynsla af áætlunargerð, úrlausn verkefna og verkstýringu á verkefnasviðinu
- Þekking á og reynsla af notkun Windows-Office hugbúnaðar og Auto-Cad teiknakerfisins
- Reynsla og/eða áhugi á upplýsingakerfum og rafrænum lausnum í nútíma stjórnsýslu

Umsókn skal skilað inn til Framkvæmda- og veitusviðs Árborgar fyrir 3. júlí n.k. í umslagi merktu:

Framkvæmda- og veitusvið  
c/o Ásbjörn Ó. Blöndal  
Austurvegi 67  
800 Selfossi

Allar upplýsingar um starfið veitir Jón Tryggvi Guðmundsson, tæknifræðingur og verkefnisstjóri, í síma 480 1500 á skrifstofutíma eða á netfanginu [jont@arborg.is](mailto:jont@arborg.is).





# Síminn

# Spennandi tími framundan

Starfsmenn Upplýsingatækni Símans eru þátttakendur í fjölmörgum spennandi nýsköpunarverkefnum, s.s. fyrir þriðju kynslóðar farsíma (3G), Sjónvarp Símans og ýmsar farsímalausnir.

Nú er verið að innleiða breyttar aðferðir í hugbúnaðarþróun sem byggja á Agile hugmyndafræðinni (svo sem Scrum) og munu allir starfsmenn taka þátt þeirri þróun. Upplýsingatækni Símans rekur öflugra stefnu í endurmenntun og býður upp á sveigjanleika í vinnutíma.

#### Hugbúnaðarsérfræðingar

Viðkomandi starfsmenn koma til með að vinna í fjölbreyttum hópum þar sem styrkleikar þeirra verða nýttir. Styrkleikar sem leitað er að eru einn eða fleiri af eftirfarandi:

- Þekking á J2EE, Java Servlets og JSP auk þess sem þekking á gagnagrunnsforritun er kostur.
- Reynsla af samþættingu kerfa, t.d. með notkun Tibco eða WebMethods.
- Reynsla af C, C++ og SQL fyrirspurnum. Þekking á Unix og Linux æskileg auk þess sem þekking á Perl- og skeljaforritun er kostur.

#### Hæfniskröfur

Háskólapróf í tölvunar-, verk- eða kerfisfræði.

#### Configuration manager

Starfið felst einkum í útgáfustjórnun nýsköpunarverkefna og umsjón með viðkomandi hjálpertólum (version control, build management, issue tracking). Starfið hentar vel einstaklingum með tæknilegan bakgrunn sem vilja spreyta sig á öðru en forritun.

#### Hæfniskröfur

Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólapróf, gjarnan í tölvunar-, verk- eða kerfisfræði. Reynsla af útgáfustjórnun og skeljaforritun (shell, perl) er kostur.

#### Hugbúnaðarprófari

Starfið felst í undirbúningi og framkvæmd prófana á hugbúnaði í þróun eða rekstri hjá Símanum.

#### Hæfniskröfur

Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólapróf, gjarnan í tölvunar- eða kerfisfræði. Reynsla af notkun prófunartóla og aðferðum gæðastjórnunar er kostur.

Viðkomandi koma til með að vinna sem hluti af öflugri teymi sérfræðinga hjá einu af framsæknustu fyrirtækjum landsins. Almennar hæfniskröfur til umsækjenda eru sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og hæfni til mannlegra samskipta.

Upplýsingar í síma 550 6470 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, [www.siminn.is](http://www.siminn.is)

**Umsóknarfrestur er til 30. júní.**

Gildi Símans eru fimm: traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður. Starfsmenn Símans hafa þessi gildi að leiðarljósi í öllum störfum sínum.





# SPAN ÓSKAR EFTIR STARFSFÓLKI

Span ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í rafrænum viðskiptum milli fyrirtækja. Fyrirtækið er að hefja markaðssókn með nýjar lausnir á sviði rafrænna viðskipta í samstarfi við sterka og áhugaverða aðila. Með árangri og stækkun fyrirtækisins opnast miklir möguleikar fyrir framsækna og metnaðarfulla einstaklinga. Span ehf. óskar því eftir að ráða starfsfólk í eftirfarandi störf:

## Viðskiptastjórar

Starfssvið viðkomandi er ráðgjöf og sala á fjármálatengdri tækniþjónustu á sviði rafrænna viðskipta. Viðkomandi þarf að búa yfir miklu sjálfstæði í vinnubrögðum, vera árangursdrifinn og skipulagður í vinnu, eiga auðvelt með að tileinka sér nýjungar og hafa mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að vinna í hóp og starfa eftir skipulögðu kerfi. Reynsla af sölu og þekking á þörfum fyrirtækja í fjármálavinnslu er mikill kostur, sérstaklega á sviði reikningaútgáfu, bókhalds og innheimtu. Góður skilningur á upplýsingatækni er skilyrði sem og góð enskukunnátta. Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða tækni er mikill kostur.

## Skrifstofuumsjón

Starfssvið viðkomandi eru umsjón með skrifstofu, almenn skrifstofustörf og símsvörun. Einnig mun viðkomandi veita stuðning við sölustarf og vinna verkefni tengd bókhaldi. Almenn tölvufærni og góð kunnátta í mæltri og ritaðri ensku eru skilyrði. Að öðru leyti er horft til menntunar og starfsreynslu.

## Notendapjónusta

Óskað er eftir starfsmönnum til að annast samskipti og þjónustu við viðskiptavinum. Viðkomandi þurfa að hafa góða færni í almennum notendaforritum. Undirstöðuþekking í viðskiptaforritum, svo sem töflureiknum og bókhaldi er æskileg. Skilningur á virkni stórra tölvukerfa er mikilvægur. Samskiptahæfileiki og þjónustulund er nauðsynleg og æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af því tagi.

## Kerfisfræðingar

Leitum eftir kerfisfræðing eða tölvunarfræðing til að annast rekstur og uppsetningu á stóru samskiptakerfi. Kunnátta í kerfishönnun, sérstaklega viðskiptakerfum og netsamskiptum er nauðsynleg. Vefhönnun eða umsjón með vefhönnun er hluti af starfinu. Þekking og reynsla í kerfisþróun og vinnuferlum á sviði fjárhagskerfa fyrirtækja er mikilvæg. Reynsla í WebMethods eru afgerandi meðmæli. Þekking á rafrænum gagnasamskiptum er æskileg.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður Dagsdóttir og Tómas Oddur Hrafnsson hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga; [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

SPAN

Span var stofnað árið 2000 og sérhæfir sig í rafrænum viðskiptum milli fyrirtækja. Span rekur rafræna viðskiptamiðstöð sem tengir fyrirtæki saman og gerir þeim kleift að skiptast á rafrænum viðskiptaskjölum milli tölvukerfa á sjálfvirkan og öruggan hátt. Stjórnendur Spans hafa verið leiðandi í mótun og innleiðingu rafrænna viðskipta á Íslandi um árabil.



# Er verið að leita að þér?



Þú finnur okkur á **www.abendi.is**

Hjá okkur ert þú alltaf í forgangi.



Bankastræti 5 101 Reykjavík 517 5050 abendi@abendi.is

**RE/MAX**  
FASTEIGNASALAN BÚI

## SÖLUFULLTRÚI

Stór og öflug fasteignasala óskar eftir að ráða sölufulltrúa. Góð vinnuástaða og starfsandi. Viðkomandi þarf að hafa staðgóða íslenskukunnáttu og hafa bíl til umráða. Reynsla af sölustörfum æskileg. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Upplýsingar veitir Þórður Grétarsson löggiltur fasteignasali s: 520 9400



**Hollt & Gott ehf.**  
óskar eftir að ráða  
**bílstjóra og lagermann**

Uppl. veitir Birgir s. 843 5102

## HVAR ER HÚN?

Íþróttakennarinn sem sækist eftir góðu en krefjandi starfi þar sem aðstæður eru góðar, samstarfsfólkið skemmtilegt og umhverfið notalegt.

## EDA HANN?

Íþróttakennarinn sem vill vekja athygli nemenda sinna á gildi íþróttar og heilsuræktar og leggur áherslu á að byggja upp styrk og úthald til að takast á við framtíðina.

## ÍPRÓTTAKENNINGARINN

... sem er bæði opinn og félagslyndur, leggur áherslu á ágæta kennsluáðstöðu en vill ekki síður eiga kost á góðum tekjumöguleikum í kennslu og þjálfun.



**Höfðaskóli Skagaströnd**  
Sími 452 2800 | www.skagastrond.is



## Fyrir alla

Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er, sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

# 70+ Viltu vinna og fá sama í vasann og þeir, sem yngri eru?

Húsasmiðjan fagnar nýrri lagasetningu frá Alþingi um almannatryggingar og málefni aldraðra. Frá 1. júlí n.k. skerða atvinnutekjur þeirra, sem eru eldri en 70 ára, ekki ellilífeyri frá TR.

Við hvetjum eldra fólk, og þá sérstaklega iðnaðarmenn, til að sækja um störf hjá okkur. Við leitum að fólki í hlutastörf í verslunum okkar. Um er að ræða vinnu seinni hluta dags og /eða um helgar. Vinnutími getur verið samkomulag.

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttur, [atvinna@husa.is](mailto:atvinna@husa.is). Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar [www.husa.is](http://www.husa.is).

[www.husa.is](http://www.husa.is)

**optimar** Iceland

## VÉLFRÆÐINGAR /VÉLSTJÓRAR/VÉLVIRKJAR

**OPTIMAR Iceland** óskar eftir að ráða 2 vélfræðinga/vélstjóra/vélvirkja til starfa í þjónustu- og framleiðsludeild.

Um er að ræða störf sem tengjast viðhaldi og viðgerðum á kæli- og frystikerfum og búnaði þeirra, í frystiskípum og frystihúsum um land allt. Einnig uppsetningu á búnaði í nýjum kerfum, sem og framleiðslu á OPTIM-ICE ísþykkisvélum og tilheyrandi búnaði.

Viðkomandi þarf að hafa þekkingu og reynslu frá sambærilegum störfum tengdum viðhaldi og þjónustu á kæli- og frystikerfum. Einnig fulla færni í rafsuðu, logsuðu og TIG-suðu lagna m.m..

Við sækjumst eftir áhugasömum starfsmönnum sem hafa til að bera frumkvæði og jákvæðni í samstarfi. Í boði eru krefjandi og vel launuð störf hjá traustu og öflugum fyrirtæki, þar sem metnaður og fagmennska eru einkunnarorð, samheldni og jákvæður starfsandi skilyrði.

Um er að ræða reyklausan vinnustað.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað skriflega.

Umsóknareyðublöð fást afhent (eða tilsend) á skrifstofu okkar frá og með mánudegi 11. júní. Umsóknir skulu hafa borist okkur eigi síðar en 22. júní.

Allar nánari upplýsingar fást hjá Guðmundi eða Trausta.

### UM FYRIRTÆKID:

**OPTIMAR Iceland** (áður Kværner Fisktækni) hefur um margra ára skeið selt og þjónustað kæli- og frystikerfi í frystiskípum og frystihúsum á Íslandi. Fyrirtækið er jafnframt framleiðandi á OPTIM-ICE ísþykkisvélum og tilheyrandi búnaði, sem er seldur til fjölmargra landa. Fyrirtækið var til margra ára hluti af OPTIMAR Group í Noregi, en er í dag í eigu nokkurra starfsmanna.



**HÚSASMIDJAN**  
...ekkert mál



**Opus**  
Teikni- og verkfræðistofa Akureyri

**Verk-, tækni- eða byggingarfræðingur**

Óskum eftir að ráða verk-, tækni- eða byggingarfræðing til starfa. Starfið felst meðal annars í hönnun burðarvirkja og lagnakerfa, svo og umsjón og eftirliti með framkvæmdum.

Starfsreynsla er kostur en ekki skilyrði.

Umsóknir sendist á: [opus@opusehf.is](mailto:opus@opusehf.is)

Opus teikni- og verkfræðistofa ehf. Strandgötu 13, 600 Akureyri, S: 461-4014

## VSÓ RÁÐGJÖF

[www.vso.is](http://www.vso.is)


### Tækniteiknara, verkfræðingar og tæknifræðingar

Við viljum bæta í hópinn hjá okkur og leitum að starfsmönnum til að fást við margvísleg verkefni við:

- Hönnun burðarvirkja
- Tækniteiknun

Í boði eru samkeppnishæf laun, góð vinnuaðstaða, góðir vinnufélagar og fjölbreytt verkefni.

Fyrirspurnir og umsóknir skulu sendast til Helenu M. Áskelsdóttur á netfangið [helena@vso.is](mailto:helena@vso.is) eða í móttöku VSÓ Ráðgjafar fyrir 25. júní.

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 585 9000, heimasíða: [www.vso.is](http://www.vso.is)

VSÓ Ráðgjöf hefur starfað frá árinu 1958 og er eitt af rótgrónustu verkfræðifyrirtækjum landsins. Mikil áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð og góða þjónustu.

Hjá VSÓ ráðgjöf starfa nú um 70 manns við alhliða verkfræðiráðgjöf og hönnun vegna hvers konar mannvirkjagerðar.

Í fyrirtækinu ríkir jákvæður starfsandi og starfsmenn reka öflugt starfsmannafélag.

Nánari upplýsingar um VSÓ Ráðgjöf má finna á heimasíðu fyrirtækisins [www.vso.is](http://www.vso.is)



### Bílstjórar óskast!

Kynniferðir ehf. óska eftir að ráða nú þegar bílstjóra með aukin ökuréttindi til starfa í Reykjavík og nágrenni, starfsstöð er í Umferðarmiðstöðinni á BSÍ. Um getur verið að ræða fulla vinnu eða hlutavinnu; helgarvinnu, kvöldvinnu eða næturvinnu.

Umsóknir sendast til Kynniferða ehf. eða á tölvupósti ([sveinn@re.is](mailto:sveinn@re.is)).

Upplýsingar gefur Sveinn Matthíasson á skrifstofutíma hjá Kynniferðum ehf. í Vesturvör 34, Kópavogi, s. 580-5400.

## Saga Capital



Saga Capital er alþjóðlegur fjárfestingarbanki sem starfar á afmörkuðum sviðum fjármála og veitir þjónustu á sviði fyrirtækjaráðgjafar, útlána og verðbréfamíðlunar. Bankinn tekur jafnframt virkan þátt á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum með fjárfestingum fyrir eigin reikning.

### Starf móttökuritarar í Reykjavík

Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku starfsstöðvar fyrirtækisins í Reykjavík. Um hlutastarf er að ræða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

#### Helstu verkefni

- Móttaka og símsvörin
- Fundaundirbúningur
- Innkaup á rekstrarvörum
- Önnur tilfallandi skrifstofustörf

#### Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Skipulögð vinnubrögð
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur

Umsóknir óskast sendar á netfangið [starf@sagacapital.is](mailto:starf@sagacapital.is) fyrir 21. júní 2007.



## Spennandi vinnustaður í fögru umhverfi

Opnum á næstu vikum nýja og glæsilega Olís-stöð við Norðlingaholt

Oliuverzlun Íslands hf. óskar eftir að ráða starfsfólk til þjónustu- og sölustarfa á nýja þjónustustöð Olís við Norðlingaholt.

Um er að ræða vaktavinnu á tví- og þrískiptum vöktum. Afgreiðslutími stöðvarinnar er frá 7.30 á morgnana til 23.30 á kvöldin.

Störfin henta bæði konum og körlum á öllum aldri en aldurslágmark er 18 ár.

Umsækjendur þurfa að búa yfir ríkri þjónustulund, vera stundvísir, reglusamir og heiðarlegir í samskiptum.

#### Vaktstjórn

– tvískiptar vaktir

Helstu verkefni vaktstjóra eru umsjón með daglegum störfum og verkstjórn annarra starfsmanna á vaktinni.

#### Þjónustu- og sölustörf innanhúss

– tví- og þrískiptar vaktir

Helstu verkefni eru þjónusta á veitingastað og sala í verslun.

#### Þjónustu- og sölustörf utanhúss

– tví- og þrískiptar vaktir

Helstu verkefni eru þjónusta og sala á eldsneyti og vörum sem tengjast rekstri bíla.

Umsóknir berist fyrir 25. júní í tölvupósti til [frida@olis.is](mailto:frida@olis.is) auk þess sem hægt er að fylla út starfsumsóknir á [www.olis.is](http://www.olis.is)

**OLÍS – við höldum með þér!**



# Uppsteypa

Vegna aukinna verkefna  
óskar Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf eftir smiðum vönum uppsteypu.  
Mikil mælingavinna framundan. Nánari upplýsingar í síma 562-2991.  
Einnig er hægt að senda umsókn á [gudjon@bygg.is](mailto:gudjon@bygg.is) og [gunnar@bygg.is](mailto:gunnar@bygg.is).



Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.  
Borgartún 31. 105. Reykjavík.

[www.bygg.is](http://www.bygg.is)

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið



## Aðstoðarleikskólastjóri í Foldakoti

### Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Foldakoti, Logafold 18

Foldakot er tveggja deilda leikskóli fyrir fimmtíu börn. Skólinn stendur á fallegum stað við Grafarvoginn

Lögð er áhersla á skapandi starf, hreyfingu, tónlist, frjálsa leikinn og gott foreldrasamstarf. Við viljum að okkar skóli einkennist af vináttu, trausti og virðingu.

Það er alltaf kátt í koti.

#### Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Menntun eða reynsla í stjórnun æskileg
- Þekking á tölvu- og upplýsingatækni

- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, frumkvæði, sveigjanleiki, áhugi og metnaður í starfi

Staðan er laus frá 1. september 2007.

Umsókn fylgi yfirlit um nám og fyrri störf. Umsóknir sendist Leikskólasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1 eða starfsumsóknir.leikskolar@leikskolar.is.

Umsóknarfrestur er til og með 25. júní 2007.

Nánari upplýsingar veita Valgerður Anna Þórisdóttir leikskólastjóri í síma 587 3077/693 9872 og Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi í síma 411 7000.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launanefndar Sveitarfélaga.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)  
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# Rafvirkjar óskast



Orkuveita  
Reykjavíkur

Framkvæmdadeild Orkuveitu Reykjavíkur óskar að ráða öflugt fólk til starfa.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið

Meginverkefni Framkvæmdadeildar eru viðbrögð við bilunum, ýmis endurnýjunarverk auk smærri nýlagnaverkefna í kerfum Orkuveitunnar.

Um er að ræða 2 – 3 störf við rafdreifikerfi OR. Ef þú ert nákvæmur/nákvæm í vinnubrögðum, þá átt þú erindi við okkur. Orkuveitan mun sjá um nauðsynlega þjálfun þína á sviðinu.

Upplýsingar og umsókn með úrvinnslu umsókna hefur Sólrún Kristjánsdóttir ([solrun.kristjansdottir@or.is](mailto:solrun.kristjansdottir@or.is)) hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí 2007.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störf in á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur: [www.or.is](http://www.or.is) og senda jafnframt ferilskrá. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

Við leitum að duglegum, samviskusömum einstaklingum með færni í mannlegum samskiptum. Ef þú ert einstaklingur með áður nefnda hæfileika getur orðið um framtíðaráræðingur að ræða. Æskilegt er, en þó ekki skilyrði, að viðkomandi hafi eitthvað af eftirfarandi réttindum/reynslu:

- Sveinspróf í rafvirkjun.
- Reynslu af vinnu við rafdreifikerfi.
- Sambærilega menntun eða reynslu.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

[www.or.is](http://www.or.is)



Gígja Heiðarsdóttir er umsjónarmaður vinnuskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Allir ánægðir

Vinnuskóli fyrir ungt fólk með þroskahömlun er starfræktur á vegum Hins hússins á sumrin. Gígja Heiðarsdóttir er umsjónarmaður skólans í sumar og segir starfið hafa farið vel af stað.

Í sumar er vinnuskóli fyrir ungt fólk með þroskahömlun starfræktur í formi nokkurs konar starfsþjálfunar og hafa umsjónarmenn hans haft samband við fjölda fyrirtækja og stofnana síðustu vikur til þess að reyna að fá pláss fyrir ungmennin í skólanum. Nú er allt farið á fullt og ungmennin búnir að vera að vinna úti um allan bæ síðustu vikuna. „Mér finnst það vera búið að ganga framur öllum vonum að fá fyrirtæki til samstarfs við okkur og allir eru mjög ánægðir,“ segir Gígja.

Misjafnt er hversu mörg störf fyrirtæki hafa getað boðið vinnuskólanum og í hversu langan tíma en Gígja segir að allt komi sér vel. „Við erum til dæmis komin

með hverfi hjá Póstinum sem eru þrjú störf, einn sem flokkar póstinn og tveir sem hjálpað að við að bera út, Bónus úthlutaði okkur þremur stöðum, tveimur í Holtagörðum og einni úti á Nesi og svo fáum við fjórar stöður hjá World Class í júlí, við barnagæslu og aðstoð í salnum og eldhúsinu. Meðal annarra sem hafa útvegað okkur störf eru Vesturbæjarlaug, Íþróttafélagið Valur, Kjarnavörur í Hafnarfirði, Hótel Reykjavík og Sigurplast,“ segir hún.

Átján til tuttugu ungmenni á aldrinum þrettán til sextán ára eru í vinnuskólanum í hverri viku og segir Gígja að sé kominn biðlisti þar sem miklu fleiri vilja komast að en geta. „Krökkunum finnst þetta rosalega gaman og þetta hefur gengið mjög vel. Forsvarsmenn fyrirtækjanna hafa líka verið mjög sáttir og við vonum bara að fleiri séu til í að útvega okkur störf. Við erum líka ofsalega ánægð með hvað við höfum fengið jákvæð viðbrögð hingað til,“ segir Gígja.

[emilia@frettabladid.is](mailto:emilia@frettabladid.is)



Margrét Birta Óskarsdóttir og Björg Þórsdóttir vinna við Vesturbæjarlaug. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Sunneva Geirharðsdóttir vinnur í Bónus í Holtagörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## Leikskólakennarar óskast

Leikskólinn Gefnarborg er einkarekinn þriggja deilda leikskóli í Garðinum.

Í leikskólanum er unnið metnaðarfullt starf þar sem mikil áhersla er á samskipti. Í starfinu er stuðst við kenningar Howards Gardner og sérstök áhersla á fjölmenningu og umhverfismennt.

Í starfsmannahópinn vantar fleiri deildarstjóra, leikskólakennara, þroskaþjálfara og annað uppeldismenntað starfsfólk. Einnig eru áhugasamir leiðbeinendur velkomnir í hópinn.

Fjölbreytilegir vinnutímar eru í boði.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 13. ágúst n.k.

**Umsóknarfrestur er til 26. júní 2007.**

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast á heimasíðu leikskólans <http://gefvarborg.svgardur.is>

Nánari upplýsingar veita leikskólastjóri og rekstraraðili í síma 422- 7166



## Við bjóðum þig velkominn í hópinn

**NÓATÚN**

**Spennandi starf í boði!**

### Kjötstjóri

Óskum eftir að ráða kjötstjóra í verslun Nóatúns í Rofabæ. Við leitum að jákvæðum og drífandi einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við krefjandi starf í góðum hópi starfsmanna. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri hæfni í mannlegum samskiptum og er reynsla af stjórnun kostur.

Vinnutími er 8-19 virka daga og önnur hver helgi. Viðkomandi þarf að hefja störf eigi síðar en 1. ágúst næstkomandi.

Sækið um á vefnum [www.noatun.is](http://www.noatun.is) eða sendið í pósti á Kaupás hf. Bildshöfða 20, 10 Reykjavík, b.t. rekstrarstjóri Nóatúns.



## Sérfræðingur í fyrirtækjaviðskiptum á Austurlandi

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Í anda sóknar og útrásar hefur Landsbankinn byggt upp 23 starfsstöðvar erlendis, í 14 löndum víðsvegar um heiminn.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og höllusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

Starf sérfræðings í fyrirtækjaviðskiptum við útibú Landsbankans á Austurlandi, með aðsetur á Egilsstöðum, er laust til umsóknar. Um er að ræða lifandi og fjölbreytt starf þar sem tækifæri gefst til að afla sér góðrar þekkingar á íslensku atvinnulífi og starfa í skemmtilegu og krefjandi umhverfi.

#### Helstu verkefni:

- Samskipti við fyrirtæki í viðskiptum við útibú bankans á Austurlandi
- Úrvinnsla gagna, svo sem ársreikninga, stöðu trygginga, áhættumats rekstraraðila og mat lánsúmsókna
- Skýrslugerð og ýmis undirbúningsvinna lánsúmsókna fyrir útibússtjóra og/eða lánanefnd
- Eftirlit með stöðu útlána

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Góð þekking á atvinnurekstri og efnahagslífi
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

Nánari upplýsingar veita Ingibjörg Jónsdóttir í síma 410 7902 og Arnar Páll Guðmundsson, útibússtjóri, í síma 410 8555 / 820 6816.

Umsóknir fyllist út á [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is) og skilist ásamt fylgigögnum fyrir 29. júní 2007.


**Landsbankinn**
**FRÉTTABLAÐIÐ**
**AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000**



# kaupás

## INNKAUPASTJÓRI

### ■ Við viljum fjölga í hópnum og er því laus ný staða innkaupastjóra hjá Kaupási hf.

Við leitum að metnaðarfullum og árangursdrifnum einstaklingi til að taka að sér starf innkaupastjóra fyrir verslanir Kaupáss. Innkaupastjóri starfar innan innkaupasviðs og ber ábyrgð á árangri tiltekinna vöruflokka. Innkaupastjóri starfar náið með rekstrar- og verslunarstjórum hverrar keðju, sölustjóra og markaðsstjóra.

### ■ Starfssvið:

- Mótun vöruval innan tiltekinna vöruflokka fyrir hverja keðju
- Samningagerð við framleiðendur og heildsala
- Skipulagning söluátaka og markaðsaðgerða
- Fylgjast með þróun markaða bæði innanlands og erlendis og nýta áhugaverða þróun til að aðlaga þjónustu og vöruval eftir því sem við á

### ■ Hæfniskröfur:

- Reynsla af matvörumarkaðnum, í verslun eða í þjónustu við verslanir
- Góð tungumálakunnátta
- Mjög góð tölvukunnátta
- Menntun á háskólastigi
- Samskiptalipurð og -hæfni

Kaupás hf. er eitt af leiðandi smásöluvirkjum á Íslandi og rekur 35 matvöruverslanir um allt land undir merkjum Nóatúns, Krónunnar, 11-11 og Kjarvals.

Kaupás hf. tilheyrir Norvikur samstæðunni en dótturvirkjarnir Norvikur eru nú 17 talsins, þeirra á meðal eru BYKO, ELKO, Húsgagnahöllin, Intersport, AXENT, Smáragarður og EXPO. Starfsfólk Norvikur samstæðunnar er um 3.000.



Umsóknir og fyrirspurnir óskast sendar til starfsmannastjóra á pósthöfundur@gudridur@kaupas.is eða í pósti á Kaupás hf., Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík, bt. Starfsmannastjóra fyrir 21. júní nk.

## FYRSTA STARFIÐ



Guðjón segist ekki hafa litid á fyrstu vinnuna sem neina kvöð þrátt fyrir að hafa verið einungis níu ára. FRÉTTAHLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Í vinnunni á tíu ára afmælinu

*Fyrsta starf Guðjóns Þorsteins var að dæla bensíni. Starfið fékk hann er hann var níu ára með það að markmiði að safna sér fyrir BMX hjóli.*

Guðjón Þorsteinn Pálmarsson, leikari og leikstjóri, byrjaði snemma að vinna en níu ára byrjaði hann að dæla bensíni. „Mitt fyrsta starfsheiti var bensínkall,“ segir Guðjón. „Þetta var á Skeiðunum fyrir austan fjall í sjoppu sem hét Gósen.“

Vinnuna fékk Guðjón ekki fyrir tilstuðla neinnar greiðasemi heldur sótti hann um hana sjálfur. Hann var að safna sér fyrir BMX hjóli og þarna sá hann sóknarfæri sem hann nýtti. „Í mínum augum var bensíndælingin ekki vinna heldur skemmtun,“ segir Guðjón. „Þetta var bara gaman og maður fékk pening.“

Guðjón segist ekki muna hversu mikið hann

vann, hvort það hafi verið fullur vinnudagur eða sex tímar en hann er nokkuð viss að fyrsta sumarið hafi hann og félagi hans skipst á vinnudögum.

„Þetta var alvöru vinna og maður var hörku duglegur,“ segir Guðjón. „Ég var í vinnunni á tíu ára afmælisdeginum mínum og ég náði held ég að safna mér fyrir hjólinu. Alla veganna man ég eftir að hafa orðið ógeðslega góður á BMX hjóli stuttu síðar.“

Bensíndælingardögum Guðjóns lauk er hann flutti á mölina og þar með lauk frelsisdögum sveitarinnar. „Maður gekk eiginlega sjálfala um í sveitinni og var alltaf eitthvað að bralla yfir daginn,“ segir Guðjón. „Mamma og pabbi áttu svona lúður sem maður setur á hjól og kreistir gúmmíkúlu á endanum til að fá hljóð og hann notuðu þau til að kalla á mig í mat. Maður var yfirleitt ekki svo langt í burtu að maður heyrði ekki og þá kom maður í mat, borðaði og fór svo beint út aftur.“

### » Ráðningaráþjónusta

## Sölustjóri

Leitum að sölustjóra fyrir leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og hönnun forsteptra húsa á Íslandi.

Leitað er að einstaklingi með góða þekkingu á íslenskum markaði, ásamt reynslu af störfum við sölu- og markaðssetningu.

Sölustjóri sér um að skipuleggja og stýra sölumálum fyrirtækisins með það að leiðarljósi að ná sem bestum árangri hvað varðar nýtingu á framleiðslugetu og samsetningu á framleiðsluvörum þess á hverjum tíma.

### » Starfs- og ábyrgðasvið:

- Sölumál fyrirtækisins
- Samskipti við viðskiptavini og efling viðskiptatengsla
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Gagnakerfi sem tengjast sölumálum fyrirtækisins
- Áætlana og skýrslugerð er tengist sölumálum fyrirtækisins
- Tryggja flæði upplýsinga til framkvæmdastjóra
- Frumkvæði í uppbyggingu og þróun sölustarfs
- Aðkoma að markaðs og ímyndarmálum

### » Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði viðskipta/markaðsfræði æskileg
- Menntun á byggingasviði s.s. húsasmíði, byggingafræði, tækniáfræði eða verkfræði kostur
- Haldbær reynsla á sviði sölustarfa
- Reynsla úr byggingariðnaði kostur
- Tungumálakunnátta; enska og eitt norðurlandtungumál
- Góð tölvukunnátta og reynsla í notkun Excel og Word
- Stjórnunarhæfileikar og áhugi á byggingariðnaði og tengdum sviðum
- Góðir samskiptahæfileikar gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar [www.hhr.is](http://www.hhr.is) og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



HH  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



## Sótt um vinnu

AÐSTOÐ ÁN ENDURGJALDS

Hjá svæðisvinnumiðlum getur fólk í atvinnuleit fengið aðstoð við leitina án endurgjalds. Sú aðstoð er víðtæk og felst meðal annars í upplýsingagjöf um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur auk þess sem ráðgjafar veita upplýsingar og ráðgjöf um náms- og starfsval og hvernig best sé að háttá atvinnuleitinni. Þá hafa svæðisvinnumiðlanir einnig upplýsingar um laus störf á sínu svæði.

Þess má geta að talið er að einungis 35 prósent starfa séu auglýst opinberlega til dæmis í dagblöðum eða tímaritum en 65 prósent séu ekki auglýst. Þess vegna er það atvinnuleitandans að vera duglegur að leita uppi störf sem honum henta þrátt fyrir að þau hafi ekki verið auglýst.

Atvinnuleitandi ætti því að nýta sér hinar ýmsu leiðir til að hafa uppi á lausum störfum enda eykur það möguleikana að nýta allar mögulegar leiðir.

Heimild: vinnmalastofnun.is

Hvað er að fréttast? Með púlsinn á markaðnum alla daga\_

[www.visir.is](http://www.visir.is)

visir  
Fyrstur með fréttirnar!





## KÓPAVOGSBÆR

### SALASKÓLI

#### Salaskóli leitar að:

- kennurum á yngsta stig
- kennara á yngsta stig með þekkingu á táknmáli
- þroskaþjálfara til að vinna með einhverfum

#### Einnig vantar okkur:

- stuðningsfulltrúa með þekkingu á táknmáli
- stuðningsfulltrúa á yngsta stig
- stuðningsfulltrúa á unglingsstig
- starfsfólk í dægradvöl og gangavörslu og ræstingar

Við leitum að kennurum sem vilja taka þátt í fjölbreyttum, skemmtilegum og krefjandi verkefnum. Í skólanum eru aldursblandaðir náms hópar, leitast er við að horfa á þarfir og áhuga sérhvers nemanda og stuðla að einstaklingsmiðaðri kennslu. List- og verkgreinar skipa stóran sess. Skólinn er umhverfisvænn og markviss áhersla er lögð á útvíst og fjölbreytt íþróttastarf. Skólinn tekur þátt í Evrópusamstarfsverkefni sem nefnist Heilbrigður lífsstíll.

Laun samkv. kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 570 4600 netfang [hrefnabk@salaskoli.is](mailto:hrefnabk@salaskoli.is)

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störf.

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - [www.job.is](http://www.job.is)

# Bókari

## HP Farsímalagerinn óskar eftir að ráða dugmikinn bókara með reynslu.

Í boði er gott starfsumhverfi í góðum hóp starfsmanna og samkeppnishæf launakjör.

Viðkomandi fær tækifæri til að hafa áhrif á mótun starfsins.

#### Starfssvið:

Tekju- og kostnaðarbókhald  
Utánúthald Viðskiptamanna  
Afstemmingar  
Dagleg uppgjör verslana  
Önnur verkefni eftir þörfum

#### Hæfniskröfur:

Reynsla af bókhaldsstörfum  
Reynsla af notkun Concorde væri kostur  
Skipulagshæfileikar  
Hæfni í mannlegum samskiptum

#### Fólk á öllum aldri er hvatt til að sækja um.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á [info@farsimalagerinn.is](mailto:info@farsimalagerinn.is) fyrir 25. júní næstkomandi.

Þann 1. apríl sl. tók nýtt félag, HP Farsímalagerinn ehf., yfir verslunarrekstur Hans Petersen, verslunarrekstur Farsímalagersins.is og heildsölurekstur Strax á Íslandi. Félagið rekur sjö verslanir á höfuðborgarsvæðinu, fimm undir nafni Hans Petersen og tvær undir nafni Farsímalagersins.is auk heildsölu. Áætluð ársvelta hins nýja félags er um 700 milljónir.

Ætlun félagsins er að leiða stafrænu byltinguna á Íslandi og vera í fararbroddi í sölu á stafrænum lausnum hvort heldur á búnaði, í framleiðslu eða þjónustu.

**STRAX**  
Global Mobile Solutions

**HANS PETERSEN**

**Farsímalagerinn.is**

Fiskislóð 75 | 101 Reykjavík | Sími 570 7500 | Fax 570 7510 | [hanspetersen@hanspetersen.is](mailto:hanspetersen@hanspetersen.is) | [www.hanspetersen.is](http://www.hanspetersen.is)

## Sérfræðingur á sviði upplýsingatækni

Eimskip vill ráða sérfræðing til starfa á upplýsingatækni sviði. Í boði er fjölbreytt, áhugavert og krefjandi starf hjá traustu fyrirtæki sem starfar í alþjóðlegu umhverfi.



#### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Umsjón með SAP reikninga- og samningakerfi
- Ferlagreiningar í SAP FI – CO
- Umsjón með aðgangsstýringum í SAP
- Önnur tilfallandi verkefni er tengjast SAP

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði
- Áhugi og metnaður til að byggja upp fjárhagskerfi í alþjóðlegu umhverfi
- Skipulagshæfni
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og þjónustulund

Umsjón með ráðningunni hefur Elín Hjálmsdóttir, á starfspróunarsviði Eimskips, [ehd@eimskip.is](mailto:ehd@eimskip.is).

Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Eimskips [www.eimskip.is](http://www.eimskip.is).

Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí 2007. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi í 31 landi. Hjá fyrirtækinu starfa um 9.500 manns í spennandi og fjölbreyttu vinnuumhverfi.

Þjónustunet Eimskips samanstendur af 184 skrifstofum félagsins í Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku og Asíu, tæplega 50 skipum, 1.350 flutningabílum og tengivögnum og um 100 kæli- og frystigeymslum í Evrópu, N-Ameríku og Asíu, ásamt dótturfélögum og samstarfsaðilum.



**Atvinna.is**  
þar sem leitinn hefst

## Störf í boði

Okkur vantar fólk í eftirtalin störf. Vinsamlegast sækjið um á heimasíðu okkar atvinna.is

**Bókhaldsstarf / sölustarf 80%**  
Lítið heimilislegt fyrirtæki leitar að sinni bókhaldi og aðstoða við sölumennsku / önnur tilfallandi störf.

**Lagerstarfsmann í pökkun**  
Matvælafyrirtæki óskar eftir starfsfóli í pökkun matvæla.

**Selfoss**  
**Verslunarstjóra**  
Við leitum að verslunarstjóra fyrir þekktu verslun

**Öryggisvörður í dagvinnu**  
Öryggisfyrirtæki leitar að öryggisverði í dagvinnu, unnið á verslunartíma

**Lagerstarfsmann**  
Matvælafyrirtæki óskar eftir starfsfóli í almenn lagerstörf

**Selfoss**  
**Aðstoðarverslunarstjóra**  
Þekkt verslun leitar að aðstoðarverslunarstjóra

| Ráðningarbjónusta | Dugguvogur 17 | 104 Reykjavík | Sími 552-9300 | netfang atvinna@atvinna.is

**bmvalla.is**

## Kokkur/matráður

**BM Vallá hf.** óskar eftir að ráða kokk/matráð í sumarafleysingar frá 9. júlí til 27. ágúst. Mötuneyti fyrirtækisins er á Bíldshöfða og þjónar allt að 150 manns í hádegismat.

Allar nánari upplýsingar veitir Brynju Harðardóttir í síma 585 5095 eða 692 0164.



ADALSKRIFSTOFA Bíldshöfða 7 :: 110 Reykjavík



**BM-VALLÁ**



Reykjavíkurborg  
Íþrótt- og tómstundasvið



## Stuðningsfulltrúar á frístundaheimili Reykjavíkurborgar

Frístundamiðstöðvar ÍTR óska eftir að ráða stuðningsfulltrúa á frístundaheimilin í Reykjavík fyrir næsta skólaár. Um er að ræða 30-50% stöður eftir hádegi virka daga. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.

Grensásvideo.is  
Grensásvegi 24  
Sími 568 6635  
Opíð frá kl. 15-23.30

**Sælugarðar** ehf.  
allt fyrir garðinn

- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólþallar

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.  
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsmiðameistarar. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s: 824-1238



**Garðaúðun s. 553 2999**  
Garðaúðun, garðaúðun. Örugg þjónusta í yfir 30 ár. ÚÐI, Brandur Gíslason skrudgarðam.

**ÞJÓNUSTA**

**Hreingerningar**

**Hreingerningar ehf.**

- Ræstingar
- Gluggþvottur
- Hreingerningar
- Teppahreinsun
- Flutningsþjónusta
- Gólfþóttun

Sími: 868 5599  
www.hreingerningar.is

**Garðyrkja**

**Smágröfuleiga Drenlagnir Hellulagnir**

Tökum að okkur allhliða iðgávinnu.

Upplýsingar í síma 824 7565 Beðgi 696 6676 Bjössl.

**Umhverfisþryði ehf.**  
Þitt umhverfi - Þín þryði

25 ára reynsla

- Hellulagnir
- Vegghleðslur
- Sólþallar
- Túnþökulagnir
- Jarðvegsvinna

520 1220  
þryði@umhverfisþryði.is  
www.umhverfisþryði.is

**GARÐLIST**  
allhliða garðþjónusta  
554 1989 gardlist.is

**Sláttur**

Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Gardlist 554 1989 www.gardlist.is.

**ÞAKMÁLUN**  
www.thakmalun.is

Áratuga ending 10 Ára ábyrgð.

Öll almenn þakvinnur!  
Þakklæðningar  
Þakviðgerðir  
Almenn húsamálun

844-1011 / 697-3592

**Búslóðaflutningar**

**Ertu að flytja austur á land?**  
Við flytjum búslóðina fyrir þig. Sendibílaþjónusta Austurlands sími 899 0959 daguri@simnet.is

**Húsaviðhald**

**VIÐHALDSVIRKNI**

Málameistarar, múrara og smíðar sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málnun utan sem innan og sandspóttun. Steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múnviðgerðum. Tröppu-viðgerðir. Flisalagnir sem og margt fleira. Höfum áralanga reynslu

www.viðhaldsvirkni.is  
viðhaldsvirkni@virkni.is  
Viðhaldsvirkni ehf.  
Eyrarstöð 3 Hafnarhöfði  
S. 517-0117 GSM 661-0117

Góðverk almenn garðyrkja fyrir þig og þína. Afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. S. 659 8797 & 848 1416 Eiríkur

Tek að mér að fjarlægja rusl úr heima-húsum, geymslum, gördum t.d. gras eða annan úrgang. Er með bíla 10-27 rm. Uppl. í s. 847 2480.

**Pípulagnir**  
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Tröppuviðgerðir og hita-lagnir**  
Viðgerðir, fylltun eða flötun. Geri tilboð þér að kostnaðarlausu. Hinrik 892 9499.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málnun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Nudd**

Massage. Tel. 862 0283.

**Spádómar**

www.ortagalinan.is

**Örtaga línan**

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opíð öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

Engillóa s. 908 5050

Er spennandi tími framundan?

Hvað viltú vita um Framtíðina?

Andleg leiðsögn Fyrirbærir Trúnaður

Er við alla daga frá kl. 11-08

Lína spámiðla s. 908 5050  
VISA/EURO

**Dulspækisíminn 908 6414 & 553 5395**

Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa í beinu samb. Símaspá, draumaráðningar, fjarheilun. 199.9 mín. Visa/MC 170 mín. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

**HEILSA**

**Heilsuvörur**

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Kaupauki í maí. www.lifstill.is Edda Borg s. 896 4662.

**Fæðubótarefni**

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

**Nudd**

svört nuddstelpa í síma 659 9420.

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

**Ökukennsla**

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**HEIMILIÐ**

**Húsgögn**



Falleg áklæði á plast garðstóla. Sófalist, Garðatorgi. S. 553 0444. www.sofalist.is



Mikið úrval af rúmteppum. Ný sending. Sófalist, Garðatorgi. S. 553 0444 www.sofalist.is



**Glæsileg áklæði til leigu**  
Leigjum út glæsileg stólaáklæði fyrir brúðkaupsveisur. Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - S. 553 0444 www.sofalist.is



Mikið úrval af skreytingavörum! Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - S. 553 0444 www.sofalist.is

Til sölu 4 sæta sófi + 1 stóll, dönsk hönnun á kr. 15 þús. Uppl. í s. 551 4703.

**Gefins**

2 læður og 2 högnar fást gefins. Gullfallegir fjörkálfar. Ekki fyrir slöngu-eigendur! S. 857 2406.

**Dýrahald**

**2 sama verði og 1 Eukanuba maintenance Large 2x15 kg, 6.650.-**

**Eukanuba Puppy Jr. Large 2x15kg, 7.650.-**

**Annað hunda og kattafóður frá Eukanuba og lams með 30% afslætti í júní.**

**Dýraland, Mjódd. S. 587 0711**

**Dýraland, Krínglan. S. 588 0711**

**Dýraland, Spöng. S. 587 0744**



Amerískir Cocker Spaniel hvolpar. Ættbókarfr. frá HRFÍ, bólusetting og örm. Tilb. til afh. í lok júní. V. 150 þús. S. 894 0255.



17 mánn. yndislegur hundur þarfnast heimilis vegna ofnæmis. Einungis góð fjölskylda kemur til greina. Uppl. í s. 691 6276.



Hreinræktaðir 10 vikna Labrador hvolpar til sölu. Örmærktir bólusetting og tilbúningur til afhendingar. Ættbókafærðir. Upplýsing í síma 845 1518.



Til sölu fallegur Chihuahua síðhærður rakkí. Heilsufarssk. og örmektur frá HRFÍ. Uppl. í s. 696 3210.

**Ýmislegt**

**Kanadískir gæðapottar.**

Landsins mesta úrval.

Heitir pottar og skeljar.

Spa Kongen  
www.spakongen.is  
Lækjagata 34, Hafnarfjörður  
Sími 554 7755

**Frábærir fyrir börnin á 17. júní!!**

**Lelli Kelly**

Útsöluverðir Hnekkar og Hnútur Skólavörðunglig 20 • Sími: 561 9911  
Stíflur og stálþangar Glæsliar • Sími: 513 2633

**SMÁAUGLÝSINGAR**

til sölu sony handycam super steady shot, videocamera m/fjarstýringu, tösku og fylgihlutum v 45þ s 616-6646

til sölu Tag Heuer mdlaren mercedes herra armbandsúr áritað af ökuönnunum, úr nr 1418 af 1500 sem framleidd eru v 200þ stgr. s 616-6646 skipti möguleg, á bíl ca 300þ

**TÓMSTUNDIR & FERÐIR**

**Ferðaþjónusta**



**Sjóstangveiði - Andrea**  
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 898 3300. Nánari upplýsingar: www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

**Gisting**

**Orlofshús á Akureyri**  
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

**Fyrir veiðimenn**

**Góðir maðkar**  
til sölu! Silungur og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

**HÚSNÆÐI**

**Húsnæði í boði**

Til leigu málægt miðbæ Reykjavíkur. Björt, nýmálúð 4 herbergja íbúð í 2 mánuði, frá og með 1.7. Stutt í verslanir og almenningsamgöngur. Frekari uppl. elk3@hi.is

Íbúð með húsg. til leigu frá 1.júlí í 2-3mán. Þetta er jarðhæð m/sérning. Staðs. á Skólav. holti. Uppl. í s. 897 5009.

2 herb. af 4 herb. íbúð í miðborg Rvk., húsgögn fylgja. Leiguverð 70 þ./mán. + 5000 hússj. Laus 1 águ. S. 690 3429.

Til leigu 2 herb 65 fm íbúð í Fossvogi, sérgarður. S:8650599

Til leigu 184 fm nýtt parhús á Selfossi. Laust nánast strax, 4 svefnherb. Uppl. í s. 481 3717 & 663 1189.

**Húsnæði óskast**

Við erum 2 reglusamar og skilvísar ungar konur og vantar 3ja herb. íbúð í 101-108 Rvk. frá 15.júlí. Sími 845 8858, (Ólöf).

Óska eftir einstaklings eða 2 herb., íbúð á Reykjavíkursvæði. Reglusemi og skilvísam greiðslum heitið. Uppl. í s. 845 5674.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð til langtíma leigu á sv. 105. Öruggum greiðslum heitið. Uppl. í s. 820 6021.

Íbúð / herbergi. Traustur aðili óskar eftir að taka á leigu litla íbúð (t.d stúdíó) á höfuðsv. eða rúmsett herb. m aðgengi að sturtu í allt að 6 mán. S. 860 2130.



## Sumarbústaðir



Glæsilegur sumarbústaður í landi Hallkelsþóla Grímsnesi. Eins hektara leigulóð til 40 ára, 56fm. Auk 20fm. svefnlofts. Sjón er sögu ríkar. Verð aðeins 13,9 m. Uppl. veitir Anton í s. 699 4431.



Til sölu glæsilegt sumarhús 89,2 fm (raunstærð 116 fm). Við Sogsbakka Grímsnesi. Til sýnis í dag frá 14-16. Uppl. í s. 892 9804.

Fasteignasjón í Orlando Flórída. gunnar@floridahus.is www.floridahus.is

## Atvinnuhúsnæði

## Skristofuherbergi

Til leigu 4 skristofuherbergi í Kjötsmíðjuhúsinu Fosshálsi 27. 110 Rvk. Herbergin leigjast öll saman eða í sitthvoru lagi. Góð sameiginleg aðstaða og næg bílastæði.

Uppl. Veitir Sigurður í síma 892 3482.

## Geymslúhúsnæði

Geymslúhúsnæði í 104 til leigu. Hentar vel fyrir t.d. bókhald. Uppl. í s. 864 4182.

## Bílskúr

31 fm Bílskúr til leigu í 111 R. Laus strax. Sími 898 1109.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

## Employment agency seeks:

Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plumbers, masons, heavy duty drivers, painters and more for the construction area.

- Proventus -  
Call Joao, tlf. 864-9873



## Kentucky Fried Chicken Mosfellsbæ

Óskum eftir hressu og duglegu fólki 16 ára og eldri í afgreiðslu og eldhúsi, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla. Umsóknareyðublað á staðnum. KFC Mosfellsbæ s. 586 8222.



## MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR REYÐARFJÖRDUR

Oliudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í sumarflýsingar á Reyðarfirði. Oliudreifing getur útvegað húsnæði. Störfin standa báðum kynjum til boða. Allar nánari upplýsingar veitir Mór í síma 474-1525. Tölvupóstfang austurland@odr.is



## AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi

Verkamenn, pípara, múrara, flísamenn, kranamenn, gröfumenn, járnbindingarmenn, steypusmiði, trésmiði, suðumenn ofl. Allir hafa þeir hæfni á sínu sviði og auðveldir í samskiptum. Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is

## JC Mokstur

Óskum eftir mönnum með vinnuvélaréttindi og meirapróf. Góð laun í boði, næg vinna. Uppl. í s. 693 2607.



## Hlutastörf á Pizza Hut

Pizza Hut leitir að duglegu og stundvísu starfsfólki í hlutastörf í veitingasal og í eldhúsi. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við veitingastjóra Sprengisandi 568 8088, Smáralind 533 2005, Nordica 533 2002.

## Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára

Óskar eftir í bílstjórum og fólki í sal, kvöld- og helgarvinna. Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is

## Pylsuvagnin Laugardal

Vantar þig góða sumarvinnu og áframhaldandi hlutastarf í vetur? Erum að leita að öflugum einstaklingi sem getur unnið 11-17 þri-fö og aðra hverja helgi frá 11-22. Aldurstakmark er 18 ára. Starfið hentar bæði konum og körlum. Upplýsingar í síma 892 0274, (Herwig).

## Loftorka Reykjavík.

Óskar eftir meiraprófsbílstjóra á vörubíl. Matur í hádeginu og heimkeyrsla. Upplýsingar í síma 565 0875.

## Gluggasmiðjan ehf. auglýs

Gluggasmiðjan óskar eftir að ráða smiði eða laghenta starfsmenn í tré og áldeild fyrirtækisins.

Áhugasamir hafi samband við Pétur-trédeild eða Gunnar -áldeild í síma 577 5050 eða á petur@gluggasmiðjan.is gunnargud@gluggasmiðjan.is

## Stansverk - Ártúnshöfða

Óskar eftir starfsmanni í þrífánlegan málmíðnað. Áhugasamir hafið samband í síma 567 4015 & 899 9520 eða stansverk@mmedia.is

## Vélsmiðja í skipaþjónusu

Óskum eftir að ráða járníðnaðarmenn, vélvirkja og aðra starfsmenn. Tökum við nemum. Möguleiki á hlutastarfi. Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335.

## Stelpurnar

Við leitum að aukaleikurum, 20 ára og eldri fyrir tölur á tímabilinu 15.júlí-15.ágúst. Einnig óskum við eftir íbúðum fyrir tölur.

Áhugasamir sendi upplýsingar ásamt mynd á vigdis@saga-film.is

## Au-pair in Denmark

We are a nice, happy and flexible family. Would you like to be part of our daily life? You will have your own room with free internet.

We provide Danish lessons. Weekends are free. Please contact us: www.brith.laursen.post@mail.dk or phone: +45 98 67 87 42 (evenings) Brith Laursen

Er að lagfæra og breyta gömlum sumarbústað á Þingvöllum. Vantar sanngjarnan og hugyndaríkan starfsmann í júlí. Uppl. í s. 897 7798.

## Atvinna óskast

## Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal

í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.

SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

## VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stöttir atvinnuútséna.

Erum einungis með taglert fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu. Veitum trausta og góða þjónustu. Verð 39.000,- m/vsk

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888



Sími 534 8886 - Fax 534 8887 Stangarhryllur 7 - 110 Reykjavík

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



## Hjálpi!!! Búið að stela nýja hjólinu mínu

Halló! Eg heiti Arnar Freyr og er 11 ára. Um daginn gaf mamma okkur 3 systkinunum ný hjól. Nú er búið að stela mínu hjóli. Það tapaðist í Efra-Breiðholti fyrir 2 vikum, það var tekið hjá kóngulóarleiktækkinu hjá Fjölbauti í Efra-Breiðholti. Þetta er blátt 24" Trek strákahjól. Sætið á hjólinu mínu er af öðru hjóli. Ég sakna hjólsins mjög sárt vegna þess að nú get ég ekki lengur farið með systkinunum mínum í hjólréiðatúr.

Vilja þeir sem hafa einhverjar uppl. um hjólið mitt hafa samband við mömmu mína í síma 897 1551. Fundarlaun í boði!

## Ýmislegt

## GRILL

## Uppskriftir



matseld.is

Matseld.is

## Einkamál

## 18plús.is.

XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.



## MØNTEN



## Stutt í allar áttir - Hluti af mikilli sögu

## VILTU EIGNAST HÓTELÍBÚÐ Í HJARTA KAUPMANNAHAFNAR?

Með hótélíbúðum „Business Apartments“ í hjarta Kaupmannahafnar getur þú eignast þitt annað heimili í einni af stórborgum heimsins - fyrverandi höfuðborg Íslands! Stutt er til allra helstu staða í Kaupmannahöfn - má þar nefna Tívoli, Ráðhússtorgið, Stríkið og Óperuna - allt í göngufæri. Hótélíbúðirnar eru fullbúnar með sérhönnuðum innréttingum og húsgögnum ásamt öðrum húsbúnaði. Þannig að hægt er að bjóða, viðskiptavinum, félögum og vinum í góðan kvöldverð og öllum liður eins og heima hjá sér.



Með kaupum á hótélíbúð eignast þú vinalagan og góðan stað þar sem þér liður vel og getur haft það huggulegt eins og þér hentar. Kostirnir eru ótvíræðir hvort sem um vinnuferð eða skemmtiferð er að ræða. Stutt er í bæinn - í staðinn fyrir langa ferð í úthverfi. Mótaka er á hótelinu þar sem hægt er að hittast. Einnig er hægt að fá sér morgunmat á veitingastaðnum eða kaffibolla úti í sérhönnuðum fallegum garði.

- Skráðu þig á kynningu 20. júní n.k. kl. 18:00 á storhus@storhus.is.

## Fyrstir koma fyrstir fá - hafið samband strax!

Kynning verður haldin á Grand Hotel, miðvikudaginn 20. júní 2007, kl. 18:00. Vinsamlegast skráið ykkur með símtali eða á netfangið storhus@storhus.is.

www.storhus.is | sími: 534-2000



STÓRHÚS  
FASTEIGNASALA

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega

PÖNTUNARSÍMI 550 5000  
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá



CAPACENT Á ÍSLANDI

# NÁMSSTYRKUR CAPACENT

Hlutverk Capacent er að nýta þekkingu til að bæta árangur viðskiptavina sinna. Rannsóknir sem og önnur þekkingarauðgun á íslensku atvinnulífi er þess vegna fyrirtækinu afar mikilvæg. Til að leggja lóð á vogarskálarnar í eflingu grunnrannsókna á sviði viðskiptafræða og félagsvísinda hefur Capacent ákveðið að veita rannsóknarstyrk til nemenda í meistara- eða doktorsnámi. Skilyrði umsóknar er að rannsóknin fjalli um rekstur eða stjórnun í íslensku eða alþjóðlegu umhverfi.

- Árið 2007 verða veittir tveir styrkir, hvor um sig að fjárhæð 250.000 kr.
- Umsóknarfrestur rennur út 10. ágúst og áætlað er að afhenda styrkina þann 24. ágúst.
- Skriflegum umsóknum ber að skila til Capacent merktum: Námsstyrkur, Capacent, Borgartún 27, 105 Reykjavík
- Skilyrði fyrir styrkveitingu er að um sé að ræða rannsókn þar sem fjallað er um viðfangsefni sem tengist rekstri eða stjórnun í íslensku eða alþjóðlegu umhverfi.
- Ekki er um að ræða sérstakt umsóknareyðublað en umsækjendur þurfa að skila inn stuttri greinargerð um rannsóknina (rannsóknaráætlun), auk afrits af einkunnum og öðrum þeim gögnum sem þeir telja að geti styrkt umsókn sína.
- Gert er ráð fyrir að styrkþegar kynni niðurstöður rannsóknarinnar fyrir starfsfólki Capacent.
- Capacent mun skipa sérstaka dómnefnd til að skera úr um það hverjir munu hljóta styrki.

Nánari upplýsingar veitir Ægir Már Þórisson mannauðsstjóri, (aegir.thorisson@capacent.is).

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)



capacent

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM



# Forsala til Tenerife

Frá 49.995 kr.\*

**Beint morgunflug**  
- með íslensku flugfélagi

Vetrarævintýri á

**Forsala – bókaðu strax!**  
**10.000 kr. afsláttur**  
**Fyrstu 300 sætin**

Þeir sem bóka strax, geta tryggt sér  
10.000 kr. afslátt.

Takmarkað sætaframboð með afslætti á hverri  
dagsetningu. Ath. verð geta breyst án fyrirvara.

**Ótrúlegt verð! - frá aðeins**  
**49.995 kr.**

# Tenerife



## Forsala til Tenerife - Bókaðu núna og tryggðu þér besta verðið!

Heimsferðir bjóða þér nú til glæsilegra vetrarævintýra á Kanaríeyjunni vinsælu Tenerife næsta vetur. Tenerife, sem er stærst Kanaríeyjanna, býður frábærar aðstæður fyrir ferðamanninn; fallegar strendur, glæsilega gististaði, fjölbreytta afþreyingu og stórbrotna náttúru. Á liðnum árum hafa systurfyrirtæki Heimsferða á norðurlöndum sent ferðamenn í þúsundatali til Tenerife og nú sláumst við í hópinn og bjóðum Íslendingum að taka þátt í veislunni. Við bjóðum glæsilegar ferðir á frábærum kjörum og vinsæla gististaði á Playa de las Américas ströndinni.



### Beint flug með Primera Air

Það er íslenska flugfélagið JetX sem annast allt leiguflug Primera Air fyrir Heimsferðir á Íslandi og fyrir önnur dótturfyrirtæki Primera Travel Group í Skandinavíu. Þjónusta um borð er fyrsta flokka og að sjálfsögðu á íslensku.

**Gríptu þetta einstaka tækifæri og smelltu þér í vetrarfrí með Heimsferðum og njóttu lífsins til hins ýtrasta á Tenerife næsta vetur.**





# Bókaðu strax! [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is) Glæsilegasta vetrarfríð á ótrúlegu verði



## Hotel Bahía Principe

Bahía Principe er sannkallað lúxushótel - byggt í glæsilegum stíl. Hér er „allt innifalið“, þ.e. morgun-, hádegis- og kvöldverður auk innlendra drykkja. Staðsett aðeins fyrir utan Playa de las Americas, en hér er allt til staðar sem maður óskar sér í frínu; stór og glæsileg sundlaugasvæði, fallegir garðar og verslanir. Í göngufjarlægð er hinn fallegi smábær Playa Paraiso. Ótrúlega fjölbreytt úrval þjónustu og afþreyingar í boði, m.a. líkamsrækt með sauna og nuddpotti, tennis, mini-golf, barnaklúbbur, diskótek o.fl. Skemmtidagskrá á daginn og kvöldin. Frábær kostur ef þú vilt dekra við þig.



## Glænýtt íbúðahótel

## Aguamarina Golf - íbúðir

Glæsilegt splunkunýtt íbúðahótel sem verður opnað í nóv. 2007. Apartamentos Aguamarina Golf stendur fyrir utan Playa de las Americas rétt við hina glæsilegu golfvelli, Golf del Sur og Amarilla Golf. Hér býðst farþegum Heimsferða frábær aðbúnaður og einstaklega fallegar og glæsilegar íbúðir þar sem hvergi hefur verið til sparað. Íbúðirnar eru fallega innréttaðar með einu svefnherbergi, vel útbúnu eldhúsi og baðherbergi. Sjónvarp, loftkæling, öryggishólf o.fl. í öllum íbúðum. Íbúðirnar standa við Hotel Aguamarina Golf og njóta sameiginlegrar aðstöðu með hótelinu. Frábærar íbúðir. Einstaklega gistivaldkostur, bæði fyrir einstaklinga og fjölskyldur.



## Hotel Jacaranda

Hotel Jacaranda er á mjög góðum stað í Fanabé, aðeins um 500 m. frá strönd. Á hótelinu eru tveir glæsilegir sundlaugargarðar með góðri sólbaðsaðstöðu og fjölda sundlauga. Skemmtidagskrá og fjölbreytt afþreying í boði. Mjög gott hótel á góðum kjörum.



## El Duque íbúðahóтелиð

El Duque er glæsilegt íbúðahótel í Fanabé þar sem mikið er af nýlegum hótélum. Hótelilið býður frábæra aðstöðu fyrir gesti sína. Rétt við er verslunarmiðstöðin El Duque þar sem er fullt af verslunum, veitingastöðum og börum. El Duque er án efa eitt allra besta íbúðahóтелиð á Playa de las Americas.



## El Cortijo íbúðahóтелиð

Einfalt og gott íbúðahótel á frábærum stað í hjarta gamla hluta Playa de las Americas. Aðeins um 300 metrar eru á ströndina og fullt af verslunum, veitingahúsum, börum og skemmtilegri afþreyingu er í nágrenninu.



## Verðdæmi

### El Cortijo – íbúðir

**Kr. 49.995\***

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti. Hjón með 2 börn, 2-11 ára, 4. janúar, 11 nætur.

**Kr. 59.990**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti. Tveir í íbúð, 4. janúar, 11 nætur.

### Aguamarina Golf - íbúðir \*\*\*\*

**Kr. 53.895**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti. Hjón með 2 börn, 2-11 ára, 29. janúar, vikuféð.

**Kr. 65,490**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti. Tveir í íbúð með 1 svefnherbergi, 5. febrúar, vikuféð.

### Aguamarina Golf - íbúðir \*\*\*\*

- jólaferð – 21. des. í 2 vikur

**Kr. 74.495**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti. Hjón með 2 börn, 2-11 ára.

**Kr. 89.990**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti. Tveir í íbúð með 1 svefnherbergi, 5. febrúar, vikuféð.

### Hotel Jacaranda \*\*\*\*

- hálf fæði

**Kr. 79.990**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti. Tveir í herbergi með hálfu fæði, 29. janúar, vikuféð

### Hotel Bahia Principe \*\*\*\*\*

- allt innifalið

**Kr. 99.190**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti. Tveir í herbergi, allt innifalið, vikuféð, 29. janúar.



## Sheraton La Caleta Resort & Spa

Sheraton La Caleta Resort & Spa er stórglæsilegt 5 stjörnu hótelilið í fallegu umhverfi og hér er allur aðbúnaður er svo sannarlega fyrsta flokks og öll þjónusta til staðar sem vænta má á 5 stjörnu gististað. Glæsilegur valkostur fyrir bæði einstaklinga og fjölskyldur sem vilja fyrsta flokks lúxusgistingu.





*Veislusetrið*



**Erfidrykkjur**  
salur  
smurt/kaffihlaðborð

*Veislupjónusta*  
*Veislusalur*

Borgartúni 6  
S. 699-1653 • 517-0102

**LÉTT  
BYLGJAN**  
967

- RÉTTU LÖGIN... ALLTAF!



**VELJUM LÍFIÐ**

**„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“**  
GRETTIR

**LADDI 6-TUGUR**

Mið 20/6 kl. 20 UPPS.	Fim 21/6 kl. 20 UPPS.	Fös 22/6 kl. 20 UPPS.
Lau 23/6 kl. 20 UPPS.	Sun 24/6 kl. 20 UPPS.	Fim 28/6 kl. 20

Síðustu sýningar

Miðasala 568 8000  
www.borgarleikhús.is  
grettir.blog.is

**BORGARLEIKHÚSIÐ**



**Borðum meiri fisk!**

uppskrift að ljúffengum fiskrétti fyrir alla fjölskylduna

**Fiskur í eigin soði**

(fyrir 4)

- 700 g fiskflök, roð- og beinlaus
- 2 epli, söxuð
- 1 laukur, saxaður (má sleppa)
- 1/2-1 tsk. karrí
- 1 msk. matarolía
- 1/2 tsk. salt eða sitrónupipar

Setjið epli, lauk og karrí í matarolíu á pönnu og látið krauma. Raðið fiskstykkinum á pönnuna. Stráðið salti eða sitrónupipar yfir fiskinn. Eldið fiskinn á lokaðri pönnu á minnsta hita í 10-15 mínútur eða þar til hann er hvítur í gegn. Í þennan rétt mætti einnig nota t.d. rifnar gulrætur og tómata og ef vill mætti strá 2-3 msk. af rifnum osti (17%) yfir.

Berið fiskinn fram á pönnunni með soðnum kartöflum og grænmetisalatí.

**Fleiri uppskriftir á lydheilsustod.is**

**LÝDHEILSUSTOÐ** **SAMSKIP**

**FRÉTTABLAÐIÐ** **AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**

## STUÐ MILLI STRÍÐA

Tilfinningaklám, raunveruleikabáttaklám, klámklám og lífsstílsklám

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR VELUR LÍFSTÍL EFTIRLAUNAÞEGA, GÓÐA MELTINGU, GÓÐAN SVEFN



Nútíminn einkennist á vissan hátt af margs konar klámi. Raunveruleikabáttaklám, tilfinningaklám, klámklám, lífsstílsklám, mataræðisklám og öðru klámi. Klámið kemur nútímafólki í uppnám á nokkurra daga eða vikna fresti því stundum getur verið erfitt að verjast klámáreitinu. Sjálfri finnst mér lífsstílsklámið erfiðast. Það neyðist enginn til að horfa á klámklám, en lífsstílsklám er einhvern veginn úti um allt. Maður sér plebbmóbilinn Range Rover rúlla fyrir annað hvert götuhorn. Í búningaklefanum í ræktinni er maður umkringdur konum

sem tala ekki um annað en lífsstíll sinn í einni eða annari mynd og í öllu sem þær á sér, eða á sig, bera má sjá hver statusinn er. Ein smyr sig með Chanel-sellókremi og önnur, sem er ekki eins mjó, gjóar augunum til hennar í andartaks öfund meðan hún kreistir sinn Nivea-brúsa aðeins fastar.

Til þess að eiga fyrir lífsstílsbúningnum vinna sumir fimm vinnur. Lífsstíll er ekkert grín. Lífsstílsþættir eru heldur ekkert grín. Það er ekkert grín að vera lífsstílsvín.

Sumum þykir það flottur lífsstíll að vera mikið í útlöndum vegna vinnunnar. Sjálfri finnst mér það hræðilega ósjarmerandi tilhugsun og ekki er það vegna andúðar á ferðalögum því ég hef siglt um

heimsins höf, ójá.

Vinkona mín komst vel að orði þegar hún bar þetta saman við að ganga á háum hælum:

„Lítur kannski glamúrus út en er ógeðslega óþægilegt.“

Mörg ferðalög vegna vinnu koma niður á svefni, meltingu, hjóna- og heimilislífi og hvers vegna að kjósa það?

Minn fyrirmyndarlífsstíll er eftirlaunaþegallífsstíllinn. Einfalt tempó, einfaldar þarfir, reglulegur svefntími, vinkonur í kaffi, passað upp á meltinguna, andað, lagt fyrir, farið í göngutúr.

Eftirlaunaþegastíllinn ofbýður mér ekki, enda er hann ekkert klám og klám er bara það sem manni ofbýður.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





# Formúla 1 á Íslandi

Nico Rosberg  
ökubór Williams í F1

í Smáralind 26. júní



## FORMÚLU 1 ÖKUMAÐURINN NICO ROSBERG EKUR FULLBÚNUM WILLIAMS 2007 KEPPNISBÍL VIÐ SMÁRALIND 26. JÚNÍ

Í TÍLEFNI FORMÚLUDAGSINS GEFST VIÐSKIPTAVINUM HAGKAUPA KOSTUR Á AÐ VINNA FERÐ FYRIR TVÖ Á FORMÚLU 1 Í SILVERSTONE Í BRETLANDI.

Það eina sem þú þarft að gera er að koma og versla í Hagkaupum, setja nafn og símanúmer aftan á kassakvittunina og setja í merкта þáttökukassa í verslunum okkar.

Dregið verður úr þáttökuseðlum 25. júní og sigurvegari tilkynntur á Formúludeginum 26. júní, þegar Rosberg ekur alvöru formúlubíl sínum við Smáralind.

Bíllinn verður settur saman í Vetrargarðinum 25. júní.

Einstakt tækifæri til að upplifa hraðann, hávaðann og spennuna í Formúlu 1.

Fáðu eiginhandararitun hjá Nico Rosberg og skoðaðu Williams bílinn í návígi.

Akstursleið er við suðvestur horn Smáralindar (efra bílapan).

### DAGSKRÁ 26. JÚNÍ:

16:00 – Undirbúningur fyrir akstur.

16:30 – **Fyrri sýnikappakstur.**

16:45 – Tilkynntur sigurvegari í Formúluleik Hagkaupa.

17:00 – Bíll til sýnis og Rosberg gefur áritanir.

18:00 – **Seinni sýnikappakstur.**

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



# Símasöllumaður og sex ára stúlka vekja heimsathygli

Paul Potts, 36 ára gamall símasöllumaður frá Wales, og hinn 6 ára gamla Connie Talbot frá Englandi, gerðu Simon Cowell orðlausan með frammistöðu sinni í breskum raunveruleikaþætti í vikunni.

Paul og Connie komu fram í þættinum Britain's Got Talent í vikunni sem sýndur er á ITV sjónvarpsstöðinni í Bretlandi. Þátturinn er í anda Idol, X-Factor og fleiri sambærilegra þátta og gengur út á að finna hæfileikaríka listamenn. Cowell er yfirmaður dómnefndar, en auk hans eru leikkonan Amanda Holden og fyrrum ritstjórinn Piers Morgan í dómnefnd.

Blygðunarlaust er hægt að halda því fram að Paul Potts hafi ekki beint poppstjörnuútlitið með sér. Svipbrigðin á dómnefndinni þegar Potts gekk upp á svið bar þess merki að þarna væri á ferð maður sem væri um það bil að fara að gera sig að fifli. Annað átti eftir að koma á daginn. Potts flutti hinn þekktu óperuslagara Nessun Dorma á há-dramatískan hátt og skildi stóran hluta af 2000 manna áhorfendaskaranum eftir í tárur. Dómnefndin, þar á meðal Cowell, var agndofa yfir silkimjúkum tenórbarka símasalans og trúði varla sínum eigin eyrum né augum.

„Þetta var eitthvað allt annað en ég bjóst við. Þetta var stórkostlegt,“ sagði Cowell eftir flutning Potts og aðrir dómamar tóku í sama streng. Ný stjarna var fundin og þykir Potts nú einna sigurstranglegastur í keppninni ásamt Connie en hún söng hið kunna lag Somewhere over the Rainbow.

Dómamar og áhorfendur voru agndofa er þeir hlýddu á flutning Connie og líkt eins og í tilfelli Paul var hún hylt af áhorfendum eftir söng sinn. Connie heillaði Cowell svo mikið að hann hefur nú þegar boðið henni plötusamning. „Ég hef aldrei fundið fyrir jafn yfirbyrmandi þögn og þegar hún söng.



**PAUL POTTS** Er fremur lágvaxinn, þunnhærður, nokkuð yfir kjörþyngd og með skakkar tennur. Samt er hann heitasti tenór Bretlandseyja um þessar mundir, fyrir utan Garðar Thor Cortes.

**CONNIE TALBOT** Þessi 6 ára gamla stelpa heillaði alla sem horfðu á þáttinn í vikunni með barnlegri einlægri sinni en jafnframt ótrúlegum sönghæfileikum.

„Þetta voru töfrar,“ sagði Cowell eftir þáttinn. „Ég ætla að spá því að hún muni selja fleiri plötur en Joss

allar þeirrar athygli sem dóttir hennar er að fá. „Ég vil bara að Connie verði áfram sama stelpan og hún er,“ segir Sharon, sem þó ber ábyrgð á þáttöku dóttur sinnar í þáttunum þar sem hún keypti fyrir hana 3500 króna karóki-tæki fyrir fjórum árum. Það varð til þess að Connie fór að syngja, en hún hefur aldrei sótt söngtíma.



Myndskeið af flutningi Paul og Connie í þættinum eru þau vinsælustu á YouTube um þessar mundir. Vel á aðra milljón manns hafa horft á hvort myndskleiðið.

vignir@frettabladid.is

**SIMON COWELL** Hörkutólið hreinlega bráðnaði yfir flutningi Paul og Connie í vikunni.

www.SAMbio.is (575 8900) **midí.is**

Nicollette Sheridan Cedric the Entertainer Lucy Liu  
Þegar óhreinindin er orðin of mikil þarf einhver til að taka til hendinni!

Erðu klár fyrir eina skemmtilegustu mynd sumarsins

**OCEAN'S THIRTEEN**

**CODE NAME: THE CLEANER**

PIRATES OF THE CARIBBEAN

VIP SALURINN

ÁLFABAKKA	
OCEAN'S 13 kl. 3:50 - 5:30 - 6:30 - 8 - 9 - 10:40	7
OCEAN'S 13 <b>VIP</b> kl. 5:30 - 8 - 10:40	12
PIRATES 3 kl. 4 - 6 - 8 - 10	10
ZODIAC kl. 6 - 9	16
BLADES OF GLORY kl. 3:50	12
ROBINSON ISL.TAL kl. 4	L

**AKUREYRI**

CODE NAME CLEANER kl. 8 - 10 10

OCEAN'S 13 kl. 9 7

PIRATES 3 kl. 6 10

MR. BEAN'S HOLIDAY kl. 6 L

KEFLAVÍK	
FANTASTIC FOUR kl. 6 - 8	L
OCEAN'S 13 kl. 8 - 10:20	12
ZODIAC kl. 10	16
GOAL 2 kl. 6	L

KRINGLUNNI	
CODE NAME CLEANER kl. 6 - 8 - 10:10	10
OCEAN'S 13 <b>DIGITAL</b> kl. 5:30 - 8 - 10:30	7
PIRATES 3 <b>DIGITAL</b> kl. 7:20 - 10:30	10

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

FINN SVALASTA STÓRMYND ÁRSINS

HEIMSFRUMSÝNING

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

FANTASTIC FOUR 2 kl. 2, 4, 6, 8 og 10-POWER	L
HOSTEL 2 kl. 6, 8 og 10	18
THE LAST MIMZY kl. 2, 4 og 6	L
DELTA FARCE kl. 8 og 10	10
ÚTI ER ÆVINTÝRI kl. 2 og 4 -450 kr.-	L

www.laugarasbio.is

**NÝTT Í BÍÓ!**

**HEIMSFRUMSÝNING!**

FINN SVALASTA STÓRMYND ÁRSINS!

**L** **LÚXUS**

**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000

FANTASTIC FOUR 2 kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	FANTASTIC FOUR 2 kl. 3 - 6 - 8:20 - 10:30
FANTASTIC FOUR 2 LÚXUS kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	THE HOAX kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30
HOSTEL 2 kl. 5:50 - 8 - 10:10	28 WEEKS LATER kl. 3 - 5:50 - 8 - 10:10
THE LAST MIMZY kl. 1:30 - 3:40	FRACTURE kl. 8 - 10:30
PIRATES OF THE CARIBBEAN 3 kl. 1:30 - 5 - 9	THE PAINTED VEIL kl. 3 - 5:30
SPIDERMAN 3 kl. 2 - 5 - 8	

450 kr. í bíó!

**HASKOLABÍÓ** Sími 530 1919

**Álfabakkubíó** Sími 462 3500

FANTASTIC FOUR 2 kl. 4 - 6 - 8 - 10	FANTASTIC FOUR 2 kl. 4 - 6 - 8 - 10
HOSTEL 2 kl. 8 - 10	HOSTEL 2 kl. 8 - 10
THE INVISIBLE kl. 4 - 6 - 10:30	SPIDERMAN 3 kl. 4
28 WEEKS LATER kl. 4 - 6 - 8 - 10	
THE LIVES OF OTHERS kl. 5:30 - 8	

450 kr. í bíó!

MIDASALA á **midí.is** BÍÓ.is

**SparBíó\* 450kr** Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR

PIRATES 3 KL. 4 Í ÁLFABAKKA OG 4 Í KEFL.

BLADES OF GLORY KL. 3:50 Í ÁLFABAKKA

GOAL 2 KL. 6 Í KEFLAVÍK.

MEET THE ROBINSONS KL. 4 Í ÁLFABAKKA OG KL. 4 Á AKUREYRI

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

**Ódýrt í bíó**

ATH. SÝND KL.2

ATH. SÝND KL.2

ATH. SÝND KL.2

**450 kr. á fyrstu sýningar dagsins**

**Bílavarahlutir**

BILSTEIN

Höggdeyfarar

Poulsen

Poulsen Skeifan 2 Sími: 530 5900 - www.poulsen.is



## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Pamela Anderson** gerir það nú gott sem aðstoðarkona töframannsins **Hans Klok** í sýningu hans í Las Vegas og nýlegu viðtali segir hún frá því hversu gaman það er að vera söguð í tvennt og hlekkju-uð ofan í læstri kistu. „Ég syng ekki og dansa ekki en ég er til í að fara í kaf í steypskýlu, láta hlekkja mig fyrir ofan eld og láta saga mig í tvennt. Ég elska að taka þátt í þessari sýningu,“ segir Pamela.



Breskur listamaður að nafni **Paul Stillwell** hefur lýst yfir sárum vonbrigðum sínum með framkomu söngkonunnar **Beyoncé Knowles** í sinn garð. Stillwell er eldheitur aðdáandi stúlkunnar og eyddi 80 klukkustundum í að mála risastóra andlitsmynd af henni. Að því loknu ferðaðist hann tæpa 200 kílómetra og beið fyrir utan hótél hennar í 5 klst. Þegar hún var með tónleika á Wembley fyrir skemmstu. „Svo loksins þegar hún kom út spurði ég hana hvort hún vildi árita myndina. Hún sagði einfaldlega nei og vildi ekki eyða tveimur sekúndum í að skrifa á myndina,“ segir aðdáandinn, sem getur þó varla flokkast sem slíkur mikið lengur.



Leikkonan **Angelina Jolie** segir að andlát móður sinnar sé ástæðan fyrir því að hún hefur lést töluvert á síðustu vikum og mánuðum. Ýmsir fjölmiðlar ytra hafa haldið því fram að þyngd Jolie sé komin á anorexíustig en Jolie sjálf heldur öðru fram.

„Á þessu ári missti ég mömmu mína og gekk í gegnum miklar hremmingar í mínu einkalífi. Ég á fjögur börn og er nýhætt með eitt þeirra á brjósti. Það tekur tíma að koma næringunni í samt lag á ný, en þetta er allt að koma,“ segir Jolie.



# Alþjóðahúsið fékk hjálp úr óvæntri átt

„Við höfum verið að bíða eftir iðnaðarmönnum í nokkurn tíma en þarna fengum við 20 menn sem allir eru þaulvanir. Það munar um minna,“ segir Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, en í fyrradag fengu menn þar á bæ góða hjálp við hin ýmsu iðnaðarstörf frá bandarískum og þýskum viðhaldsmönnum. Viðhaldsmennirnir eru hluti af áhöfn varðskipa sem nú liggja við Reykjavíkurhöfn og vildu þeir endilega láta gott af sér leiða á meðan þeir væru í heimsókn á Íslandi.

„Þeir vilja gefa eitthvað af sér á þeim stöðum sem þeim koma við á og báðu okkur í sendiráðinu að hjálpa sér í því sambandi. Við vissum að Alþjóðahúsið væri að gera upp kjallarann hjá sér og þeir

vildu endilega hjálpa,“ sagði Kristinn Gilsdorf, menningarfulltrúi hjá bandaríska sendiráðinu.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem áhöfn frá varðskipum lætur gott af sér leiða því í fyrra fóru menn af bandarísku varðskipi í heimsókn til Barnaspítala Hringins og fóru í ýmskonar leiki með börnunum. „Fyrir þeim er þetta hápunktur ferðarinnar, að hjálpa til í löndunum sem þeir heimsækja,“ sagði Kristinn.

Að sögn Einars stóðu viðhaldsmennirnir sig frábærlega í gær og sinntu hinum ýmsu störfum. Meðal annars settu þeir saman hillusamstæður, máluðu, spösluðu, grunnuðu og þrifu. „Þetta var alveg ómetanleg hjálp og sparaði okkur hundruð þúsunda króna,“ sagði Einar. - víg



SJÓLIÐARNIR AÐ STÖRFUM Þýsku og bandarísku viðhaldsmennirnir tóku sig vel út með málingarpenslana í kjallara Alþjóðahússins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ!



## Sýningar á sögulofti

### MR. SKALLAGRÍMSSON

**Júní:** 15. kl.18 Uppselt  
20. kl.20 laus sæti,  
29. kl.20 laus sæti  
**Júlí:** 1. kl.15, 1. júlí kl.20 Laus sæti  
5. kl.20 laus sæti, 13. kl.20 laus sæti, 14. kl.15, 14. kl. 20  
**Ágúst:** 11. kl.20, 12. kl.20, 18. kl.20,  
19. kl.20, 30. kl.20,  
31.kl.20 laus sæti

**SVONA ERU MENN (KK og Einar)**  
Aukasýning 16. júní kl. 20

### Leikhústilboð í mat:

Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600  
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200  
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600  
Nánari upplýsingar [www.landnamsettur.is](http://www.landnamsettur.is)



Við hjá Hótel Eddu fyllumst ætíð miklu stolti og tilhlökkun á 17. júní. Líkt og aðrir landsmenn höldum við upp á þjóðhátíðardaginn. En fyrir okkur markar hann jafnframt sumar komuna því þá hafa öll hótélin okkar opnað upp á gátt.

### SUMARSÆLA Í 46 ÁR

Fyrsta Edduhótelíð var opnað árið 1961 og byggði á þeirri hugmynd að nýta húsnæði og heimavistir héraðsskólanna til að bjóða ferðalöngum þar upp á gistingu yfir sumartímann. Nú myndu 13 Edduhótel víðs vegar um Ísland eina elstu og virtustu hótélkedju landsins. Sum þeirra eru sérhönnuð sem hótél, en öll starfa þau á þeim upprunalega grunni að bjóða hagkvæma og notalega gistingu og góða þjónustu.

### ATVINNUSKAPANDI FERÐAMENNING

Við erum stolt af hlutverki okkar í ferðamenningu Íslendinga og ekki síður af þætti Edduhótelanna í atvinnusköpun á landsbyggðinni. Nú sem fyrr eru hundruð sumarstarfa á Edduhótélum í heimabyggð gríðarlega eftirsótt, jafnt meðal íslenskra ungmenna og þeirra sem eldri eru. Reynsla starfsfólksins og þekking á náttúru og nágrenni hótélanna eru dýrmætur sjóður fyrir okkur og gesti okkar að sækja í.

Við óskum þér gleðilegrar þjóðhátíðar og hlökkum til að taka á móti þér í sumar.

Starfsfólk Edduhótelanna



### 13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal  
5 Nesjaskóli • 6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir  
10 Akureyri • 11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar

Pantaðu allan hringinn á [www.hoteledda.is](http://www.hoteledda.is)



Sími 444 4000



## > Aðsóknarmetið ekki slegið

KSÍ gerði sitt besta til að slá áhorfendamet á kvennalandsleik í gær. Alls mættu 1667 áhorfendur á Laugardalsvöllinn sem er nokkuð frá metinu sem er 2974 manns. Þrátt fyrir það skapaðist fín stemning á Laugardalsvelli í gær. Greta Mjöll Samúelsdóttir vill þó fleiri á völinn gegn Serbum á fimmtudag.

„Ég vona að fólk fari að fatta hvað við erum góðar í fótbolta og drífi sig á völinn á fimmtudaginn,“ sagði Greta og Margrét Lára Viðarsdóttir tók undir það. „Ég skora á fólk að mæta á fimmtudaginn. Við þurfum fleira fólk á völinn. Ég vorkenni þeim sem mættu ekki í dag.“

# sport

sport@frettabladid.is



LANDSLIÐSPJÁLFAFINN SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON: VITANLEGA ÁNÆGÐUR MEÐ SIGURINN

## Ég er ótrúlega stoltur af stelpunum

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðspjálfi Íslands, gat ekki leynt ánægju sinni með sigurinn gegn Frökkum í gær. „Mér líður frábærlega. Að leggja svona sterkt landslið að velli er ótrúlegt og það gekk eiginlega allt upp hjá okkur. Við spiluum þéttan varnarleik og beittum góðum skyndisóknum,“ sagði Sigurður sem hrósaði Margréti Lára og Ásthildi í hástert.

„Við erum með tvo frábæra framherja og það er virkilega mikilvægt fyrir okkur að hafa svona stjórnleikmenn í liðinu okkar. Við syndum styrk okkar í þessum leik og það er björt framtíð hjá íslenska

kvennalandsliðinu.“

Vörn liðsins var lengst af til fyrirmyndar. „Það var erfitt fyrir þær að brjóta okkur niður, við spiluum þolinmóðan og agaðan varnarleik. Þóra átti svo frábæran dag í markinu,“ sagði Sigurður sem var greinilega búinn að undirbúa sig vel undir leikinn.

„Franska liðið spilaði nákvæmlega eins og ég bjóst við. Við komum vel undirbúin í leikinn og þetta var frábær leikur hjá okkur.

Þær reyndu mikið af langskotum enda eru þær með góða skotmenn og til að mynda skoruðu þær tvö mörk af löngu

færi gegn Grikkjum. Við hefðum kannski mátt stiga betur út en þrátt fyrir að þær hafi legið á okkur var vörnin bara svo þétt,“ sagði þjálfarinn.

„Ég er ótrúlega sáttur og stoltur af liðinu. Við eigum núna mikilvægan leik fyrir höndum á miðvikudaginn og ég vona að fólk mæti og styðji okkur þar. Við erum komin með sex stig eftir tvo leiki og leikurinn gegn Serbum er mjög mikilvægur. Þær eru með gott lið og við erum ekkert búin að vinna þann leik,“ sagði Sigurður.

En voru þetta bestu úrslit íslensks landsliðs í sögunni? „Þetta er hæst skrifaða þjóð sem A-landslið hefur unnið. Við unnum Kína í mars sem er í niunda sæti og svo Frakka núna. Þetta sýnir hvað íslenska kvennalandsliðið er sterkt,“ sagði kampakáttur Sigurður Ragnar Eyjólfsson.



ÁSTHILDUR Barðist gríðarlega vel frammi á vellinum og var lykilmáður á bak við sigurinn. Dugnaður hennar var með eindæmum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Landsliðsfyrirliðinn var í skýjunum með sigurinn:

## Þetta var ótrúlegt

**FÓTBOLTI** „Mér líður mjög vel, þetta var ótrúlegt. Við höfðum reyndar allan tímann trú á því að við gætum unnið þetta lið,“ sagði Ásthildur Helgadóttir, fyrirliði Íslands eftir sigurinn gegn Frökkum í gær.

„Leikurinn þróaðist nákvæmlega eins og við vildum og við náðum að spila agaðan og skipulagðan varnarleik. Við vissum að við myndum fá okkar færi og þrátt fyrir að þau væru ekki mörg nýttum við eitt og það dugði,“ sagði Ásthildur, en hún og Margrét Lára náðu vel saman í framlínunni.

„Við náum mjög vel saman og náðum þó að skapa nokkur færi, það getur verið nóg. Með svona góðum varnarleik þá erum við með hættulegt lið. Ég held að þetta séu ein bestu úrslit sem kvennalandsliðið hefur náð en þetta var mjög erfiður leikur. Við hlupum mjög mikið og lentum í smá eltingaleik, sérstaklega í seinni hálfleik. Við náðum að koma okkur aðeins betur inn í leikinn og skora en nú er mikilvægt að koma okkur niður á jörðina og taka Serbana,“ sagði Ásthildur.

- hph



SIGURMARKINU FAGNAÐ Edda Garðarsdóttir (4), Þóra Stefánsdóttir (7) og Hólmfríður Magnúsdóttir (14) fagna markaskorarnum Margréti Lára Viðarsdóttur. Ásthildur Helgadóttir kemur í humátt á eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Frækinn sigur á Frökkum

Kvennalandslið Íslands í knattspyrnu vann frækinn sigur gegn einni bestu þjóð heims í undankeppni EM í gær. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði eina markið.

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið náði í gær einum bestu úrslitum í sögu íslenskrar knattspyrnu í gær með 1-0 sigri á Frökkum. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði eina markið gegn sjöundu bestu þjóð heims samkvæmt styrkleikalista FIFA.

Stelpurnar virtust ögn stressaðar í upphafi leiks og voru full fljótur að sparka boltanum fram undir lítilli pressu. Frakkar spiluum mjög vel saman en gekk illa að komast í góð marktækifæri. Þess í stað freistuðu þær þess að skjóta af löngum færum sem truflluðu Þóru B. Helgadóttur lítið í markinu. Stelpurnar okkar seldu sig illa á tíðum en það kom sem betur fer ekki að sök.

Stelpurnar voru mjög ákveðnar í fyrri hálfleik og létu finna fyrir sér. Þrátt fyrir skotveislu Frakka var lítil hætta á ferðum og Mar-

grét Lára Viðarsdóttir og Ásthildur Helgadóttir sköpuðu oft usla í vörn gestanna, án þess þó að skapa dauðafæri.

Þrátt fyrir að fá pláss til að atahafna sig var vörn Íslands svo þétt og vel skipulögð að ein besta þjóð heims var ekki líkleg til að skora fyrr en í síðari hálfleik. Þá varði Þóra meistaralega í þrígang og hélt liðinu inn í leiknum. Auk þess fóru Frakkar illa að ráði sínu í tveimur dauðafærum.

Margrét og Ásthildur voru allt í öllu í sóknarleik Íslands. Þær fundu sig mjög vel saman en eins og við mátti búast fékk Ísland ekki mörg færi í leiknum. Í einu af fáum skoraði Margrét Lára með skalla sem lak inn af markverði Frakka eftir sendingu Þóru Maríu Lárusdóttur.

Þrátt fyrir þunga pressu stóran hluta leiksins fundu þær frönsku

ekki leið framhjá íslensku stelpunum sem börðust eins og grenjandi ljón allan leikinn. Þær knúðu fram ótrúleg úrslit og halda svo sannarlega uppi heiðri A-landsliða Íslands. Stelpurnar sýndu fádæma baráttu undir dyggri stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar og eiga hrós skilið.

hjalti@frettabladid.is

Ísland 1-0 Frakkland

Laugardalsvöllur, áhorf.: 1667 Wendy Toms, mjög góð

1-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (81.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	7-23 (5-8)
Varin skot	Þóra 8 - Bouhaddi 4
Horn	3-11
Aukaspjurnar fengnar	8-9
Rangstöður	3-3

Greta Mjöll Samúelsdóttir átti varla orð eftir frækinn Frakkasigur í gær:

## Er um að skrá okkur í sögubækurnar

**FÓTBOLTI** Greta Mjöll Samúelsdóttir var brosmild eftir sigurinn gegn Frakklandi í gær. „Ég er í nettu sjokki, þetta er eitt besta afrek sem Ísland hefur unnið og ég held að við séum að skrá okkur í sögubækurnar,“ sagði Greta Mjöll.

